„MÉR FINNST OPINBERUN HANNESAR FRÁBÆR MYND“

Hrafn Gunnlaugsson tjáir sig um myndir, menn og málefni

STORMUR
Nú blaðinu í dag
Fylgist vel með

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

29. september 2007 — 264. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR

Lærðu réttu trixin

Arnar Eggert opnar dyrnar inn í heim Einars Bárðarsonar í nýrri bók.

FÓLK 50

Ford-stúlkan

Fríða Sóley Hjartardóttir bar sigur úr býtum í Ford-keppninni sem fór fram í Iðnó á fimmtudagskvöld.

FÓLK 43

36 árum seinna

„Það er ekki ég sem hef breyst, heldur þjóðfélagið í kringum mig. Hér áður fyrr var barist fyrir frelsinu. Nú er tekist á um hvernig með það skuli farið. Það er ekki minna verkefni,“ segir Ellert B. Schram

Í DAG 16

Hverjir verða meistarar?

Lokaumferð Landsbankadeildar karla fer fram í dag og þá ræðst hvort Valur eða FH verður Íslandsmeistari.

ÍÞRÓTTIR 46

VEÐRIÐ Í DAG



Úrkoma vestanlands í dag, en þurrt að mestu norðan og austantil. Hlýtt um allt land.



Vill leyfa stofnunum að taka lán hjá ríki

Ríkisstofnanir geta tekið lán hjá ríkissjóði og fært sig í hagkvæmara húsnæði verði hugmyndir fjármálaráðherra að veruleika. Vinna er hafin við gerð ramma-fjárhagsáætlunar fyrir allt kjörtímabilið og hlutverki fjáraukalaga verður breytt.

STJÓRNMÁL Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra boðar í samtali við Fréttablaðið í dag margþættar breytingar á framkvæmd fjárlaga vegna ársins 2009.

Róttækasta breytingin verður breyting á hlutverki fjáraukalaga. Þau verða eingöngu notuð til að koma inn fjárheimildum fyrir ýmsar ófyrirsjáanlegar reiknaðar stærðir, ekki til þess að bæta við fjárheimildum fyrir stofnanir, eins og verið hefur, segir Árni.

Framúrkeyrsla stjórnenda ákveðinna stofnana hefur verið gagnrýnd, og Ríkisendurskoðun meðal annars hvatt til þess að stjórnendur sem ekki fari að fjárlögum verði áminntir og sagt upp ef þeir standi sig ekki. Árni telur lausnina ekki endilega liggja þar.

„Leiðin til þess að stjórnendur axli aukna ábyrgð í samræmi við það frjálsræði sem þeir hafa á ekki að þurfa að vera í gegnum einhver svoleiðis tæki. Það á fyrst og fremst að vera í gegnum metnað,“ segir Árni.

Til að skapa metnað þurfi rekstur ríkisstofnana að vera í auknum mæli samanburðarhæfur, bæði á milli mismunandi stofnana og á milli ríkisstofnana og einkaaðila.

Árni nefnir tvær leiðir sem gætu stuðlað að þessu markmiði. Fyrri leiðin er að heimila stofnunum að sækjast eftir láni úr ríkissjóði til að mæta sveiflum í rekstri. Stofnanirnar þyrftu að skýra þörf sína fyrir lánið, hvernig það yrði greitt til baka, og greiða vexti.

Síðari breytingin er að reikna virði húsnæðis stofnana inn í rekstrarreikning þeirra. Ríkisstofnanir eru ýmist hýstar í eigin húsnæði, í húsnæði í eigu Fasteigna ríkisins eða í leiguhúsnæði á almennum markaði. **- bj / sjá síðu 32**

FLÓÐ Á INDLANDI Vegfarendur þurfa að ösla vatnið á göngu sinni í Kalkútta á Indlandi þessa dagana. Mikil flóð hafa verið í einum tólf héruðum í Vestur Bengal-fylki upp á síðkastið og hafa 28 manns látið lífið í þeim. NORDICPHOTOS/AFP

Björgólfur Thor Björgólfsson selur eignarhlut sinn í búlgörskum banka:

Hagnast um tólf milljarða

VIÐSKIPTI Björgólfur Thor Björgólfsson seldi í gær eignarhlut sinn í búlgarska bankanum EIBank fyrir um 195 milljónir evra samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors, keypti fyrst í bankanum árið 2005 og átti fyrir söluna í gær um 48 prósent.

Kaupverð þess hlutar var samtals um sextíu milljónir evra. Hagnaður Björgólfs af þessum viðskiptum nemur því um tólf milljörðum króna miðað við gengi krónunnar í gær.

Belgíska fjármálafyrirtækið KBC keypti hlut Novator í EIBank (Economic and Investment Bank). Samkvæmt búlgörskum fjölmiðlum höfðu tvö fyrirtæki keppst um að kaupa bankann.

Ekki náðist í Björgólf Thor í gær en í fréttatilkynningu sem KBC sendi út sagðist hann vera ánægður með árangur EIBank. Hann hefði fjárfest fyrst í Búlgaríu árið 1999 og myndi halda því áfram.

Í byrjun maí á þessu ári seldi Björgólfur Thor hlut sinn í búlgarska símafyrirtækinu BTC og innleysti um sextíu milljarða króna hagnað. Á þessum tveimur fjárfestingum í Búlgaríu hefur hann því hagnast um 72 milljarða króna. **- bg**

Opið í dag Laugardag
Laugardaga 10.00-15.00
Smiðjuvegi 76 200 Kópavogur
Baldursnes 6 603 Akureyri
www.tengi.is
TENGI

Í SÍÐASTA LEIKNUM Gylfi Þór Orrason sést hér dæma leik Leiknis og Víkings í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gylfi Þór Orrason í gær:

Dæmdi síðasta leikinn sinn

FÓTBOLTI Gylfi Þór Orrason dæmdi í gær sinn síðasta leik á ferlinum þegar Leiknir R. og Víkingur Ó. mættust í lokaumferð 1. deildar karla.

Gylfi hætti að dæma í efstu deild eftir sumarið 2005 en hann dæmdi alls 176 leiki á 17 tímabilum sínum í efstu deild og var auk þess FIFA-dómari frá 1992 til janúar 2005, þegar hann varð að hætta vegna aldurs.

Gylfi var þrisvar sinnum kosinn dómari ársins af leikmönnum í efstu deild karla, árin 1993, 1995 og 1997. **- óój**

Verkefni REI í Afríku:

Níu milljarðar í virkjanir

VIRKJANIR **Reykjavík Energy Invest, REI, hefur skuldbundið sig til þess að fjárfesta fyrir um níu milljarða króna að lágmarki á næstu fimm árum í verkefnum tengdum nýtingu á jarðvarma í Afríku. Yfirlýsing þess efnis var kynnt á lokaathöfn á árlegum fundi Clinton Global Initiative sem Bill Clinton, fyrrverandi Bandríkjaforseti, er í forsvari fyrir.**

Í yfirlýsingu frá REI segir að forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hafi verið hvatamaður að samkomulaginu. Haft er eftir Guðmundi Þóroddssyni, forstjóra REI, í tilkynningunni að mikil tækifæri séu fyrir REI í Austur-Afríku. - mh

Fjögur verkstæði gæðavottuð:

Fast tilboð í kostnaðarmat

NEYTENDAMÁL Fjögur almenn bifreiðaverkstæði hafa fengið starfsemi sína gæðavottaða frá Bílgreinasambandinu en þau uppfylla svokallaðan BGS-staðal um vandaða starfsemi og góða þjónustu.

Vottuninni felst meðal annars að viðskiptavinir fá fast tilboð í kostnaðarmat á viðgerð, þjónustan er vel skilgreind og áætlaður tími viðgerða stenst.

- mhg / sjá allt í miðju blaðsins

SPURNING DAGSINS



Oddgeir, verður uppi fótur og fit ef SPRON gefst ekki upp?

„Já, það verður allt fit-laust.“

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, SPRON, hefur verið gefinn tíu daga frestur til að endurgreiða viðskiptavini sparisjóðsins fé sem hann hefur þurft að greiða vegna FIT-kostnaðar. Oddgeir Einarsson er lögmaður viðskiptavinarins.

Tveir bílar skemmdust:

Grjóthrun á Laugaveginum

LÖGREGLUMÁL Ökumaður vörubíls skildi eftir sig slóð grjóthnullunga á Laugaveginum við Nóatún um miðnætti í gær, með þeim afleiðingum að tveir bílar skemmdust. Annar bíllinn sat fastur uppi á grjóti og lak úr honum olía, en hjólabúnaður og felgur skemmdust á hinum bílnum.

Vörubílstjórinn, sem mun ekki hafa orðið var við grjóthrunið, hélt áfram för sinni þar til hann var stöðvaður á Kringlumýrarbrautinni. Lögreglumenn höfðu þá fylgt slóð hans frá Borgartúni. Tvær klukkustundir tók að hreinsa veginn þar sem grjót og möl hafði fallið. - sþs

ILLFÆRT Vörubílstjórinn vissi ekki að hann væri að dreifa grjóti. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Húsleit í Kópavogi:

Fundu 1,7 kíló af maríjúana

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann síðdegis í gær um 1,7 kíló af maríjúana í húsi í Kópavogi.

KANNABISPLÖNTUR

Í tilkynningu frá lögreglu kemur fram að húsleit hafi verið gerð í húsinu, sem er í eigu karlmanns á þrítugsaldri, að undangengnum dómsúrskurði. Í húsinu fundust einnig 80 kannabisplöntur. Lögreglan varðist frekari frétta af málinu þegar leitað var eftir þeim. - mh

Málið fyrir dóm ef SPRON greiðir ekki

Oddgeir Einarsson héraðsdómslögmaður telur innheimtu bankanna vegna FIT-kostnaðar vera ólöglegan. Hann hyggst fara með málið fyrir dómstóla. Ekki ólögleg innheimta, segir Gunnar Viðar lögfræðingur Landsbankans.

NEYTENDAMÁL Ef Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, SPRON, greiðir ekki FIT-kostnað viðskiptavinar upp á 33.442 krónur innan tíu daga verður farið með málið fyrir dómstóla á þeim grundvelli að innheimta bankanna á FIT-kostnaði sé ólögmæt.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær sendi Oddgeir Einarsson, héraðsdómslögmaður og einn þriggja eigenda lögmannsstofunnar Opus, bréf til forsvarsmanna SPRON þar sem hann færir fyrir því rök að innheimta bankanna á FIT-kostnaði fari gegn ógildingarákvæðum samningalaga og brjóti í bága við samkeppnislög.

Fjölmargir viðskiptavinir bankanna höfðu samband við Opus í gær og lýstu yfir áhuga sínum á því að fara í mál við bankana vegna kostnaðar. Jóna Ann Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi SPRON, segir óvissuna um FIT-kostnaðinn óheppilega. „Okkur þykir þessi umræða um FIT-kostnaðinn vitaskuld óheppileg þar sem óvissa er uppi. Hún bitnar jafnt á viðskiptavinum fjármálafyrirtækja og fyrirtækjunum sjálfum. Það er fagnaðarefni að Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hafi skipað nefnd til þess að greiða úr þessari óvissu og vonandi lýkur þeirri vinnu sem fyrst.“

Allir bankar landsins innheimta FIT-kostnaðinn með sambærilegum hætti. Upphæðirnar sem viðskiptavinir þurfi að greiða, fari þeir fram úr heimild sinni, eru svipaðar eða þær sömu hjá öllum bönkunum. Ekki var hægt að fá upplýsingar um það hjá bönkunum hver væri kostnaður þeirra af því þegar viðskiptavinir færu fram úr heimild sinni.

VIÐSKIPTAVINIR OG GJALDKERAR Ef til kemur verður mál viðskiptavinar SPRON gegn sparisjóðnum prófmál um það hvort innheimta FIT-kostnaðar er lögmæt eða ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FIT-KOSTNAÐUR BANKANNA

Landsbankinn		Glitnir	
5.000 eða lægra	750	5.000 eða lægra	750
5.000 til 10.000	1.410	5.000 til 10.000	1.410
10.000 til 50.000	2.475	10.000 til 50.000	2.450
50.000 til 200.000	4.950	50.000 til 200.000	4.900
Yfir 200.000	11.400	Yfir 200.000	11.350

Kaupþing		SPRON	
5.000 eða lægra	750	5.000 eða lægra	750
5.000 til 10.000	1.410	5.000 til 10.000	1.410
10.000 til 50.000	2.475	10.000 til 50.000	2.475
50.000 til 200.000	4.950	50.000 til 200.000	4.950
Yfir 200.000	9.900	Yfir 200.000	11.400

Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðiráðgjafar á lögfræðisviði Landsbankans, telur banka á Íslandi ekki vera að brjóta lög með innheimtu sinni. Þvert á móti sé eðlilegt að viðurlög séu við því þegar samningar eru brotnir. Hann segir þegar hafna vinnu innan Landsbankans til þess að fara yfir öll mál er þessu tengjast. „Fólk gerir við okkur samning og skrifar undir hann þegar það ákveður að eiga við okkur viðskipti. Þessir samningar byggja á ákveðnum skilmálum og innheimtan hangir saman við verðskrá okkar, eins og segir í samningum. Grundvallaratriðið er að þegar viðskiptavinur eyðir um efni fram, og fer fram úr heimild sinni, þá er hann að brjóta samning sinn við bankann. Viðurlögin eru samningsbundin og ekki ólögmæt að mínu mati.“

magnush@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri SFF:

Gott ef fólk leitar réttar síns

NEYTENDAMÁL „Ég fagna því ef þetta mál fer fyrir dóm,“ segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, SFF, um hugsanlegt mál viðskiptavinar SPRON gegn fyrirtækinu vegna innheimtu á FIT-kostnaði. „Það er ekkert nema gott um það að segja ef fólk fer með mál fyrir dóm ef það telur á sér brotið. Til þess er dómskerfið.“

GUÐJÓN RÚNARSSON

Guðjón segir innheimtuaðferðina, sem notuð sé þegar viðskiptavinir eyða um efni fram, vera eðlilega og hún sé í takt við samninga milli viðskiptavinar og banka. „Niðurstaða dómstóla mun eyða allri óvissu um þessi mál og það er jákvætt.“ - mh

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Hét stuðningi við þróunarlönd

STJÓRNMÁL Loftslagsbreytingar ógna baráttunni við fátækt vegna þess hve mikil áhrif þær hafa á þróunarlönd. Íslenska ríkisstjórnin er ákveðin í því að sýna samstöðu með hinum varnarlausu vegna áhrifa loftslagsbreytinga. Þetta er meðal þess sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði í ræðu sinni á 62. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Í lok ræðunnar minntist hún á framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. „Framboðið, sem hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa stutt, sýnir staðfestu Íslands í að taka virkan þátt í að takast á við alvarlegustu öryggisógnir 21. aldarinnar.“ - sþs

BÓKAÚTGÁFA

Sigurður yfirgefur Eddu

Sigurður Svavarsson útgáfustjóri Eddu-útgáfu hefur ákveðið að láta af störfum hjá fyrirtækinu nú þegar líður að sameiningu almennrar bókaútgáfu Eddu og JPV útgáfu.

LÖGREGLUMÁL

Fékk í sig 220 volta spennu

Karlmaður fékk í sig 220 volta spennu við Naustatanga á Akureyri um þrjúleytið í gær. Hann var við vinnu í fimmtán metra hæð þegar slysið varð. Maðurinn náði að láta vinnufélaga sína vita af sér sem komu honum til aðstoðar, og var hann síðan fluttur á slysadeild. Hann er ekki talinn alvarlega slasaður.

Fæðingarheimili Inpro:

Einkarekið fæðingarheimili í burðarliðnum

HEILBRIGÐISMÁL Nýtt einkarekið fæðingarheimili verður opnað á næsta ári og verður það til húsa annað hvort í gömlu heilsuverndarstöðinni eða í nýbyggingu við hlið þess húss. Það er fyrirtækið Inpro sem mun reka fæðingarheimilið.

Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld. María Bragadóttir, sviðsstjóri heilbrigðissviðs Inpro, staðfesti við Fréttablaðið að ætlanir væru uppi um að koma fæðingarheimilinu á fót á næsta ári.

Á fæðingarheimilinu er stefnt að því að hafa alla þjónustu fyrsta flokks. - mh

Umhverfisráðuneytið tekur ekki upp úrskurð Jónínu um Gjábakkaveg:

Lögfræðingasamkoma en ekki umhverfisráðuneyti

UMHVERFISMÁL „Þetta er ekki neitt umhverfisráðuneyti, þetta er lögfræðingasamkoma og þeir standa alls ekki með náttúrunni, þeir eru á móti henni,“ segir Pétur M. Jónasson vatnalíffræðingur.

Umhverfisráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir, synjaði í vikunni beiðni Péturs um endurupptöku úrskurðar Jónínu Bjartmarz, fyrrverandi umhverfisráðherra, um Gjábakkaveg.

Jónína staðfesti tveimur dögum fyrir síðustu alþingiskosningar úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum af Gjábakkavegi, en Pétur hafði kært þennan úrskurð.

Hann hefur líkt niturmengunaráhrifum vegarins við að hella saltpétursáburði í vatnið.

„Og þá er bara ekkert annað að gera en að taka vatnið af heimsminjaskrá,“ segir Pétur.

Hann hafði nýfengið niðurstöðu ráðuneytisins í hendurnar og vildi því lítið tjá sig að öðru leyti, enda væri hann vatnalíffræðingur, ekki lögfræðingur.

Þórunn Sveinbjarnardóttir segir að málið hafi verið skoðað „frá öllum köntum stjórnsýslunnar“, en ekki hafi verið unnt að verða við beiðni Péturs. - kóþ

LISTAMAÐUR Á ÞINGVÖLLUM Mikið hefur verið rætt um áhrif mengunar af Gjábakkavegi á stöðu Þingvalla á heimsminjaskrá UNESCO. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

www.toyota.is



Toyota os alle glæder um helgina

Við tökum danska lagið og höfum það huggulegt hjá Toyota um helgina. Opið hjá Toyota Kópavogi, bæði laugardag og sunnudag og hjá umboðsmönnum um land allt á laugardeginum.

- Spennandi tilboð á völdum bílum
- Veitingar að dönskum hætti
- Danskir gestasölumenn á Nýbýlaveginum

Skemmtiferð til Köben
Taktu þátt í happdrætti og þú gætir unnið flugmiða* til Köben.

Eyfi flytur danska lagasyrpu
Eyfi mætir í Kópavoginn og tekur danska lagasyrpu, laugardag og sunnudag kl. 14:30

Taktu Strikið til Toyota um helgina!

Opið laugardag kl. 12 - 16 hjá umboðsmönnum um land allt
Opið sunnudag kl. 13 - 16 hjá Toyota Kópavogi

*Flugvallarskattar ekki innifaldir.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 Reykjanesbær Sími: 420-6600	Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070

GENGIÐ 28.09.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	61,73	62,03
Sterlingspund	125,36	125,96
Evra	87,56	88,04
Dönsk króna	11,745	11,813
Norsk króna	11,337	11,403
Sænsk króna	9,503	9,559
Japanskt jen	0,5352	0,5384
SDR	96,04	96,62

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
117,5558
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mikil viðbrögð vegna fréttar um dónaskap viðskiptavina IKEA í garð starfsmanns:

Fólk segist hissa og slegið

FÓLK „Ég hef fengið mikil viðbrögð við fréttinni. Fólk hefur sagt mér að það sé mjög hissa og slegið yfir því að viðskiptavinir skuli haga sér svona," segir Ásta Soffía Lúðvíksdóttir, starfsmaður í IKEA.

Ásta Soffía heyrir ágætlega með hjálp tækja en í Fréttablaðinu á fimmtudaginn kom fram að hún yrði fyrir miklum dónaskap viðskiptavina verslunarinnar. Hún hefur verið spurð hvort hún sé heyrnarlaus eða fáviti og er oft miður sín eftir vinnudaginn. Vegna þessa hefur hún beðið um flutning á milli deilda innan IKEA.

Ásta Soffía segist vona að með birtingu fréttarinnar læri fólk að haga sér almennilega. „Ég hef ekki orðið fyrir neinu aðkasti síðan fréttin birtist enda hefur verið frekar rólegt hér í vinnunni."

Hún hefur fengið mjög mikil viðbrögð innan vinnustaðarins. „Margir hafa sagt við mig hvað það sé gott hjá mér að koma fram og segja frá þessu enda kominn tími til. Mér líður vel með að hafa gert þetta." - lbb

ÁSTA SOFFÍA Segist vona að fólk hætti að sýna afgreiðslufólki dónaskap. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Heimsþing Clintons:

Ólafur Ragnar frummælandi

UTANRÍKISMÁL Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var á meðal frummælenda í umræðum um loftslagsbreytingar og orkumál á heimsþingi Bills Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, Clinton Global Initiative.

Ólafur Ragnar lagði áherslu á að fordæmi Íslendinga sýndi að hægt væri á fáeinum áratugum að hverfa frá notkun olíu og kola við framleiðslu á rafmagni og húshitun.

Heimsþingið fer fram í New York þessa dagana. Þar hefur farið fram víðtæk umræða um áhrif orkubúskapar heimsins á loftslagsbreytingar. - lbb

VÍSINDAVAKAN Verðlaunin eru hugsuð sem hvatning til áframhaldandi starfa.

Vísindavaka Rannís:

Ari Trausti verðlaunaður

VÍSINDI Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur hlaut verðlaun fyrir framlag sitt til vísindamiðlunar á Vísindavöku Rannís sem haldin var í gær í Listasafni Reykjavíkur.

Markmiðið með verðlaununum er að vekja athygli á mikilvægi þess að miðla þekkingu á vísindum og vísindastarfi til samfélagsins og styðja við þá sem sýnt hafa frumkvæði og verið í fararbroddi við miðlun vísinda.

Í tilkynningu frá Rannís kemur fram að Ari Trausti hafi um árabil unnið ötullega að því að miðla ótal sviðum náttúruvísinda til almennings með fjölbreyttu efni fyrir sjónvarp, útvarp, dagblöð og tímarit auk útgáfu bóka. - lbb

Ráðherrum gefin góð ráð:

Ræða umbætur í ríkisrekstri

STJÓRNMÁL Málþing um umbætur í ríkisrekstri verður haldið í Víkingasal Hótel Loftleiða í Reykjavík 3. október. Yfirskrift málþingsins er „Ný ríkisstjórn — ný tækifæri? 15 ráð til ráðherra og stjórnenda hins opinbera til að bæta opinberan rekstur".

Meðal þeirra sem tala á þinginu eru Þorkell Helgason orkumálastjóri, Margrét S. Björnsdóttir, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og Ómar H. Kristmundsson, doktor í stjórnsýslufræðum og fyrrverandi skrifstofustjóri Barnaverndarstofu. - sþs

Skilgreina hefði þurft hvar áföll væru líkleg

Virkja hefði átt heimamenn til að skilgreina vanda í kjölfar kvótaskerðingar, að mati ASÍ. Þannig hefði mátt gera mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar markvissari. Sjávarútvegsráðherra telur nægilegar upplýsingar hafa legið fyrir.

ATVINNUMÁL „Við fórum fram á að vinnumarkaðsráð Vinnumálastofnunar yrðu kölluð saman og fengju fjármuni og tíma til að ræða við atvinnurekendur heima fyrir um hvaða áform þeir hefðu í kjölfar kvótaskerðingarinnar. Nauðsynlegt hefði verið að gefa heimamönnum tækifæri til að skilgreina vandann og setja fram sínar hugmyndir um lausnir í kjölfarið," segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, spurður um fjöldauppsagnir í fiskvinnslu austan lands og sunnan á fimmtudag. „Mér finnst rétt að setja mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar í samhengi við þessar fréttir. Mótvægisaðgerðirnar eru komnar fram en það á eftir að skilgreina hvar áföllin eru líklegust til að verða. Fólk á Eskifirði og í Þorlákshöfn spyr eflaust núna hvernig mótvægisaðgerðirnar mæta þeirra vanda. Uppsagnirnar eru reiðarslag fyrir sveitarfélögin og það fólk sem í hlut á."

Gylfi telur að ekki hafi verið ástæða til að móta og setja fram aðgerðir til mótvægis við aflaniðurskurð svo snemma sem raun bar vitni. „Við höfðum áhyggjur af því að verið væri að grípa of fljótt inn í og ákveða það fyrirfram hvar yrði niðurskurður. Hópuppsagnirnar núna sýna að það er mjög óljóst hvernig og hvar fyrirtæki munu hagræða."

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra telur að ekki hafi komið til greina að bíða með að hrinda mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar í framkvæmd. Einar bendir á uppsagnir fiskvinnslufólks á Eskifirði og í Þorlákshöfn rökstyðji hversu knýjandi var að sýna vilja stjórnvalda í verki. Hann segir að samráð hafi verið haft við sveitarfélög og hagsmunasamtök og vandi einstakra svæða hafi einnig verið þekktur. „Við höfðum góðar upplýsingar um stöðu einstakra byggða þannig að ég tel okkur hafa haft forsendur til að koma fram með mótvægisaðgerðirnar svo fljótt. Hitt er það að fleira sem á að gera er óútfært, sem lítur meðal annars að stöðu sveitarfélaga, þar sem samstarf verður haft við heimamenn."

Arnar Sigurfinnsson, framkvæmdastjóri Samtaka Fiskvinnslustöðva, sagði við upphaf aðalfundar samtakanna í gær að alls myndu þúsund störf tapast í greininni. Gylfi segir að samfélagið verði að hjálpa fólki til að aðlaga sig að breyttum veruleika því komið hafi fram hjá forsvarsmönnum sjávarútvegsfyrirtækja að störfin séu að tapast til frambúðar. „Þetta gjörbreytir því hvaða aðgerðir stjórnvöld hefðu átt að ráðast í."

svavar@frettabladid.is

ÚR FRYSTIHÚSINU Áætlað er að um eitt þúsund störf í sjávarútvegi tapist á næstu sex til tólf mánuðum. ASÍ telur að mótvægisaðgerðir hafi verið settar of snemma fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ARNAR SIGURMUNDSSON Formaður Samtaka fiskvinnslustöðva.

EINAR K. GUÐFINNSSON Sjávarútvegsráðherra.

GYLFI ARNBJÖRNSSON Framkvæmdastjóri ASÍ.

Gróðurhúsalofttegundir:

Ríki ráði hvaða leiðir þau nota

WASHINGTON, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði hvert ríki þurfa að ákveða sínar eigin leiðir til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda án þess að það komi niður á efnahag. Þetta kom fram í ræðu hans á seinni degi ráðstefnu sextán mestu mengunarríkja heims varðandi loftslagsmál.

GEORGE W. BUSH

Bush lagði til að önnur ráðstefna yrði haldin að ári þar sem markmið ríkja um niðurskurð yrðu skýrð. Einnig lagði hann til að alþjóðlegur sjóður yrði stofnaður til að fjármagna rannsóknir á umhverfisvænni orkutækni. - sdg

Félag íslenskra fræða:

Vill ekki ensku í stjórnsýsluna

SAMFÉLAGSMÁL Félag íslenskra fræða hefur sent frá sér tilkynningu þar sem það harmar þær hugmyndir sem komið hafa fram um að enska verði gerð að stjórnsýslumáli samhliða íslenskunni og enska verði hið ríkjandi mál íslenskra bankafyrirtækja.

Félagið telur mikilvægt að áfram verði hugsað og talað á íslensku á sem flestum sviðum. Í tilkynningunni segir að Íslendingar hafi ekki ríkari ástæðu til að taka upp ensku sem stjórnsýslumál en aðrar þjóðir. Íslensk tunga sé framlag Íslendinga til heimsmenningarinnar og að það væri óbætanlegur skaði ef íslenska yrði aðeins töluð á heimilum en ekki alls staðar í samfélaginu. - bs

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

Úrkoma um vestanvert landið

Úrkomusvæðið yfir vesturströndinni hreyfist ekki mjög mikið í dag, en í kvöld breiðir það úr sér yfir suðurströndina. Þurrt verður að mestu á Norður og Austurlandi, og hlýtt um allt land víða 10-12 stig. Á morgun kólnar örlítið á Vestur og Norðurlandi, en styttir upp um mest allt land. Þó má búast við smá súld við norður ströndina. Á mánudag kemur svo ný lægð í kortin.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG: Suðvestanátt, 6-10 m/s, rigning. Hiti 7-12°C

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun

Vestanátt, 4-8 m/s víðast hvar.

» mánudagur

Hvöss sunnanátt um allt land.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	15°C skúrir	London	16°C skúrir	Eindhoven	16°C skýjað
Billund	16°C skúrir	París	19°C skúrir	Basel	19°C léttskýjað
Osló	12°C rigning	Frankfurt	15°C skúrir	Alicante	28°C léttskýjað
Stokkhólmur	15°C rigning	Friedrichshafen	17°C skýjað	Róm	27°C léttskýrt
Gautaborg	15°C rigning	Berlín	14°C skúrir	Las Palmas	23°C heiðskýrt

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

ASKJA

Stjörnumerki

Mercedes-Benz er stjörnumerki sem stendur fyrir öryggi, gæði og glæsileika.

Ekki missa af stjörnuupplifun í ÖSKJU um helgina!

ML63 AMG lúxusjeppi, SLK sportbíll, C-Class með AMG útliti, A-Class, B-Class og E-Class.
Þetta eru bílar sem þú verður að sjá með eigin augum.

Sýning um helgina

Opið laugardag og sunnudag kl. 12–16.

Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is · ASKJA er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi.

KJÖRKASSINN

Á að taka upp tvítyngda stjórnsýslu hér á landi?

Já	14%
Nei	86%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú þurft að greiða FIT-kostnað?

Segðu skoðun þína á visir.is

Forseti Alþýðusambandsins telur aðkallandi að hefja afdráttarlausa umræðu:

Vill fá niðurstöðu um evruna

EFNAHAGSMÁL „Menn verða bara að hafa þrek til að fara í þetta og komast að einhverri niðurstöðu," segir Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambandsins, spurður um afstöðu ASÍ til umræðu um upptöku evrunnar.

„Við teljum mjög mikilvægt að það verði enn frekari og afdráttarlausari umræða um evruna, hér og nú," segir hann.

Grétar tekur þar með undir með fjölmörgum sem hafa tjáð sig um evrumál síðustu daga, til að mynda Pétri Blöndal formanni efnahagsnefndar Alþingis, og Sambandi ungra sjálfstæðismanna, sem hafa hvatt til umræðu um stöðu krónunnar.

ASÍ hefur ekki markað sér afdráttarlausa afstöðu til upptöku evru eða aðildar að Evrópusambandinu, en innan félagsins hefur þó mikið verið rætt um þessi mál. „Það verður ekkert flanað að svona afdrifaríkri ákvörðun," segir Grétar.

> Við teljum mjög mikilvægt að það verði enn frekari og afdráttarlausari umræða um evruna, hér og nú.
>
> **GRÉTAR ÞORSTEINSSON**
> FORSETI ASÍ

Í Morgunkorni Glitnis í gær kom fram að íslensk heimili skuldi æ meira í erlendum myntum. „Þau velja þannig fremur að taka þá áhættu sem tengist gengissveiflum en að þola háa íslenska vexti," segir þar. - kóþ

Fangi á Litla-Hrauni:

Var með stera og amfetamín

DÓMSMÁL Fangi á Litla-Hrauni hefur verið sakfelldur í héraðsdómi fyrir að hafa reynt að smygla amfetamíni og anabólískum sterum inn í fangelsið. Honum var ekki gerð sérstök refsing, þar sem um hegningarauka er að ræða. Í nóvember í fyrra flúði maðurinn frá fangavörslumönnum við héraðsdóm. Hann gaf sig svo fram við fangelsismálayfirvöld á Litla-Hrauni tveimur dögum síðar. Við röntgenskoðun kom í ljós að hann hafði komið pakkningum fyrir í endaþarmi sínum. Þær höfðu að geyma um 180 töflur af sterum og nærri 40 grömm af amfetamíni. - jss

NÝJA KAFFIHÚSIÐ Forboðna borgin fræga speglast í gluggum látlausa ríkiskaffihússins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Yfirvöld í forboðnu borginni í Peking bregðast við:

Ríkiskaffi kom í stað Starbucks

KÍNA Nokkuð hefðbundið ríkisrekið kínverskt kaffihús hefur verið opnað þar sem áður var Starbucks-kaffihús í Forboðnu borginni í hjarta Peking. Frá þessu var skýrt á vefsíðum BBC-fréttastofunnar.

Bandaríska Starbucks-kaffihúsinu var lokað í júlí síðastliðnum vegna harðra mótmæla, sem stanslaust bárust alveg frá því það var opnað árið 2000. Mótmælin héldu áfram að berast þótt hinu dæmigerða bandaríska útliti Starbucks hafi fyrir tveimur árum verið fórnað fyrir látlausara yfirbragð. - gb

Sakaður um að skrifa upp á skuldir án leyfis

Fyrrverandi bæjarstjóri Hveragerðis er sagður hafa skrifað í heimildarleysi upp á 400 milljóna króna veðskuldabréf á svokallaðri Tívolílóð. Hann segist hafa tryggt hagsmuni bæjarins. Lóðin margfaldaðist í verði á tveimur mánuðum.

SVEITARSTJÓRNIR Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, sakar forvera sinn, Orra Hlöðversson, um að hafa veitt heimild til að veðsetja svokallaða Tívolílóð fyrir 400 milljónir króna án samþykktar bæjarráðs.

Bærinn seldi byggingarréttinn á Tívolílóðinni á Austurmörk 24 fyrir 50 milljónir króna í lok október 2005 til Ármanna ehf. Það er félag feðganna Guðmundar Sigurðssonar og Sigurðar Fannars Guðmundssonar á Selfossi. Aðeins tveimur mánuðum síðar, eða 3. janúar 2006, færðu feðgarnir lóðina yfir í nýtt félag, Hraunprýði ehf. Það félag var síðan selt ásamt lóðinni og tveimur aðliggjandi lóðum sem einn byggingarreitur, samtals 1,8 hektarar til Johns Snorra Sigurjónssonar og Kristjáns Sverrissonar fyrir 462,5 milljónir. Þá bað Hraunprýði bæjarráð að veita heimild til að lóðin yrði veðsett fyrir 400 milljónir króna sameiginlega með hinum lóðunum tveimur. Málið var rætt á bæjarráðsfundi 2. febrúar 2006.

„Bæjarstjóranum var falið á fundinum að ræða við forsvarsmenn Hraunprýðis í samráði við lögmann og daginn eftir þá bara kvittar hann undir án þess að leggja þetta aftur fyrir. Það var engin heimild veitt," segir Aldís Hafsteinsdóttir um framgöngu forvera síns.

Meirhluti sjálfstæðismanna tók málið upp á síðasta bæjarráðsfundi. Segja þeir Orra Hlöðversson, sem þáverandi bæjarstjóra, hafa undirritað veðskuldabréf upp á 400 milljónir króna án þess að bærinn hafi áður fengið sínar 50 milljónir. Sú upphæð var þó að fullu greidd nokkrum mánuðum síðar. Segja sjálfstæðismenn að Orri hafi þar með „sloppið fyrir horn" og að ekki yrði frekar aðhafst.

„Mitt hlutverk á þessum tíma var að tryggja að bærinn fengi umsamdar greiðslur og það fékk hann," er það eina sem Orri segir um málið.

Athygli vekur að lóðin, sem er 1,1 hektari og stendur gegnt Eden, skuli hafa margfaldast í verði á svo stuttum tíma. Alger samstaða var í bæjarstjórninni um söluna haustið 2005. Aðeins eitt tilboð barst:

„Við vorum alsæl með þessa sölu fyrir 50 milljónir. Svo trúði maður ekki sínum eigin augum þegar allt í einu var komið á þetta við fyrir 400 milljónir," segir Aldís sem bendir þó á að miklir möguleikar séu á lóðinni: „Staðsetningin er gríðarlega flott og þarna má byggja yfir 200 íbúðir."

Austurmörk 24 er nú á nauðungaruppboði að kröfu Guðmundar Sigurðssonar enda stóðu kaupendur Hraunprýðis ehf. ekki í skilum.

gar@frettabladid.is

ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR Núverandi bæjarstjóri.

ORRI HLÖÐVERSSON Fyrrverandi bæjarstjóri.

TIVOLÍLÓÐIN Ellefu þúsund fermetra lóð hækkaði úr fimmtíu milljónum í fjögur hundruð milljónir á tveimur mánuðum.

Milljóna tjón eftir að sprenging varð í plastbáti á bílaverkstæði á Árskógströnd:

Starfsmaður þeyttist í loft upp

LÖGREGLUMÁL Starfsmenn bíla- og vélaverkstæðisins BHS á Árskógströnd við Dalvík sluppu með skrekkinn þegar nýr sex metra plastbátur sem verið var að standsetja inni á verkstæðinu sprakk í loft upp.

„Um leið og ég kveikti á tækinu og fór að sjóða sprakk allt í loft upp," segir Haukur Sigfússon, sem var að vinna við að logsjóða á þili bátsins þegar sprengingin varð. Við sprenginguna þeyttist hann upp í loftið en lenti aftur ofan á bátnum.

„Ég er nú ennþá uppistandandi, ég er marinn og bæklaður, en óbrotinn," segir Haukur. Aðra starfsmenn sakaði ekki.

Sprengingin var afar öflug, dekk bátsins losnaði af í heilu lagi, og krani sem var á dekkinu þeyttist upp í loft verkstæðisins og gerði gat á það.

Þegar Haukur náði áttum eftir sprenginguna sá hann að eldur logaði í bátnum. Samstarfsmenn hans réttu honum slökkvitæki ofan í bátinn og honum tókst að ráða niðurlögum eldsins.

Eigandi bátsins var á leiðinni þegar Fréttablaðið náði tali af Hauki. Haukur segist ekki hafa náð í eigandann í síma, en skilið eftir skilaboð hjá honum um að báturinn hafi sprungið í loft upp. „Ég held að hann hafi varla trúað því þegar hann sá skilaboðin," segir Haukur. - bj

TILDRÖGIN RANNSÖKUÐ Rannsóknarlögreglumenn skoðuðu aðstæður á vettvangi í gær. Báturinn er talinn ónýtur og nokkuð tjón varð á verkstæðinu. MYND/MARINÓ ÞORSTEINSSON

Tilboðin gilda út sunnudaginn 30. september 2007.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Smávægileg töf á Njálsgötu:

Vel gengur að manna heimili

FÉLAGSMÁL Opnun nýs heimils fyrir heimilislausa á Njálsgötu 54 seinkar lítillega og hefst starfsemin þar því ekki á mánudag eins og áætlað var. Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri hjá velferðarsviði Reykjavíkur, segist ekki geta sagt nákvæmlega til um hvenær opnað verði. „Undirbúningur er í fullum gangi," segir hún.

Þegar hefur verið ráðinn starfsmaður og vel gengur að velja heimilismenn, sem verða átta. „Við erum að ganga frá því og allt er að verða klárt," segir Ellý. - gar

NJÁLSGATA Heimili heimilislausra verður opnað innan tíðar.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Vildi fá frí úr vinnunni:

Tilkynnti ellefu falskar hótanir

BRETLAND, AP Starfsmaður veitingaþjónustu lestarstöðvar í Bretlandi sem hringdi inn falskar sprengjuhótanir í von um að fá frí úr vinnunni var í gær dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi.

Stewart Monk viðurkenndi að hafa ellefu sinnum hringt og tilkynnt um sprengju á lestarstöðvum. Níu símtalanna voru úr hans eigin farsíma og því einfalt að rekja þau. Monk sagði þreytu vegna barns sem var í vændum ástæðu þess að hann þurfti frí úr vinnunni. Fyrir sjö árum var Monk sakfelldur fyrir að hafa komið platsprengjum fyrir í verslun, hóteli og bíói. - sdg

Herforingjastjórninni í Búrma virðist hafa tekist að kæfa mótmælin:

Mótmælin brotin á bak aftur

BÚRMA, AP Herforingjastjórninni í Búrma virtist í gær hafa tekist að bæla niður með vopnavaldi fjöldamótmælin á götum Rangún, stærstu borgar landsins. Búddaklaustur voru umkringd, netþjónustu var lokað og hópum mótmælenda var dreift með því að beita skotvopnum og táragasi.

Margir íbúar landsins sögðust óttast að lítið framhald yrði á mótmælum, nú þegar herinn hefði tekið til sinna ráða af fullri hörku.

Herstjórnin reynir enn að gera lítið bæði úr mótmælunum og eigin viðbrögðum. Hún fullyrðir að tíu manns hafi látist en hópar stjórnarandstæðinga segja fjölda látinna líklega vera um 200.

Stærsta mótmælasamkoman í Rangún í gær var töluvert fámennari en verið hefur síðustu daga. Talið er að um tvö þúsund manns hafi komið saman við Sule-pagóðuna, þar sem hermenn vopnaðir skotvopnum og skjöldum tóku á móti þeim.

HERMENN HERFORINGJASTJÓRNARINNAR Sýndu vald sitt um leið og mótmæli létu á sér kræla.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Þegar mótmælendahópurinn nálgaðist skutu hermennirnir viðvörunarskotum yfir höfuð mannfjöldans og kom þá strax rót á mannskapinn. Nokkrir hættu sér alveg að hermönnunum og urðu þá fyrir barsmíðum og voru handteknir. Aðrir forðuðu sér þá.

Annars staðar í Rangún eltist herinn við smærri hópa harðsnúnustu mótmælendanna og beitti stundum skotvopnum. - gb

Motorlift
bílskúrshurðaopnarar

Keðjudrifnu Chamberlain Motorlift bílskúrshurðaopnararnir eru öflugir og sterkbyggðir og fást fyrir allar stærðir og gerðir bílskúrshurða. Motorlift er með kröftugum en hljóðlátum mótor og þægilegri fjarstýringu sem auðveldar umgengni um bílskúrinn eða geymsluhúsnæðið í hvaða veðri sem er.

Motorlift fæst í byggingavöruverslunum um land allt.

Fkov / SÍA

CHAMBERLAIN™
MEÐ ÍSLENSKUM LEIÐBEININGUM.

MITSUBISHI L200 ÓTRÚLEGA FJÖLHÆFUR JEPPI Á FRÁBÆRU VERÐI

2.990.000 kr.

Virkur þátttakandi
Mitsubishi L200 er fjölhæfur ferðafélagi sem er meira en til í að taka þátt í öllum áhugamálum fjölskyldunnar.

Mikilvægir eiginleikar
- Öflug dísilvél
- Minnsti beygjuradíus sambærilegra bíla
- 2.800 kg dráttargeta
- Opnanleg afturrúða
- Super select II drifbúnaður – sá sami og í Pajero
- Stöðugleikastýring

MITSUBISHI MOTORS

Komdu og reynsluaktu

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

HVITA HÚSID / SÍA - 07-1047

ÚRSLITASTUND

112.728 áhorfendur eftir 17. umferð

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

Landsbankinn

18. UMFERÐ

LANDSBANKADEILD KARLA

lau.	29. sept.	kl. 14:00	Keflavík - ÍA
lau.	29. sept.	kl. 14:00	KR - Fylkir
lau.	29. sept.	kl. 14:00	Breiðablik - Fram
lau.	29. sept.	kl. 14:00	Valur - HK
lau.	29. sept.	kl. 14:00	Víkingur R. - FH

Landsbankadeildin hefur ekki verið jafn spennandi í árarraðir. Henni lýkur í dag og allir leikir skipta gríðarlegu máli í baráttunni á toppnum, botninum og um Evrópusæti.

Að lokinni 17. umferð höfðu 112.728 áhorfendur mætt á völlinn í Landsbankadeildinni. Gamla aðsóknarmetið fyrir heilt tímabil var 98.026 áhorfendur. Ljóst er að metið verður stórbætt í sumar.

Fjölmennum á völlinn

ÍSLENSKA / SÍA.IS / LBI 39297 09/2007

VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

LANDSBANKADEILDIN

Skemmtileg verkefni!

Skipulagsverkefni hjá Reykjavíkurborg

Ef þú hefur menntun og reynslu á sviði skipulags og vilt vinna að fjölbreyttum, skemmtilegum og ögrandi verkefnum sem gefa tækifæri til þess að læra og bæta við starfshæfnina þá erum við hjá skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar að leita að frjóum og skemmtilegum starfsfélaga sem hefur gaman af að vinna í góðum hópi fagmanna.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á vefsíðu sviðsins, **www.skipbygg.is.**

Jeppi valt á Laugarnesvegi:

Steig óvart á bensíngjöfina

SLYS Bíll valt á Laugarnesvegi við Sæbraut á hádegi í gær. Ökumaður og farþegi meiddust lítillega á höndum en bíllinn skemmdist töluvert.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni varð slysið þegar bílnum, gömlum Suzuki-jeppa, var ekið upp á vegkant við götuna. Ökumaðurinn steig óvart á bensíngjöf í stað bremsu, sem varð til þess að bíllinn endaði á hvolfi á nálægri umferðareyju. Bíllinn var fluttur í burtu með kranabíl. **- sþs**

Á HVOLFI Bíllinn fór á hvolf en enginn slasaðist. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

JÁRNBLENDIVERKSMIÐJAN Á GRUNDARTANGA Fékk fullar heimildir til áframhaldandi starfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Stóriðja má losa rúm 8,6 milljón tonn

Umhverfisráðherra hefur úthlutað losunarheimildum gróðurhúsalofttegunda, samkvæmt Kyoto-bókuninni. Fimm fyrirtæki fengu 82 prósent mengunarkvótans og greiða fyrir 250.000 krónur hvert.

UMHVERFISMÁL Umhverfisráðherra hefur í fyrsta skipti úthlutað heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda til stóriðju í landinu.

Fimm fyrirtæki fengu heimild til að losa alls 8.633.105 tonn af gróðurhúsalofttegundum. Haldið var eftir 1,9 milljónum tonna, en Ísland hefur heimildir til að losa alls 10,5 milljón tonn.

Þessi fimm fyrirtæki eru því með tæp 82 prósent alls mengunarkvótans.

„En það er mat mitt að það séu ekki forsendur til að úthluta til þeirra umsækjenda sem ekki hafa hafið störf," sagði Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra þegar hún kynnti ákvörðunina í gær. Þórunn vísar þar með til þeirra fjögurra fyrirtækja sem ekki fengu úthlutað heimildum.

„Það er nokkur óvissa um stöðu þeirra verkefna," sagði ráðherra en ítrekaði að þeim hefði ekki beinlínis verið hafnað, heldur umsóknin sett í biðstöðu. Ekki var heldur úthlutað með hliðsjón af hugsanlegum stækkunum starfandi fyrirtækja, en úthlutanirnar verða endurskoðaðar árlega.

Sementsverksmiðjan á Akranesi fékk heimild til að losa 666.875 tonn af gróðurhúsalofttegundum, Járnblendifélagið 1,9 milljón tonn, Alcan Straumsvík 1,3 milljón tonn, Norðurál 2,1 milljón tonn og Alcoa Reyðarfirði 2,5 milljón tonn.

Fyrirhuguð stóriðja, sem sótti um en ekki fékk úthlutað heimildum, var Alcoa á Bakka við Húsavík, Norðurál í Helguvík, Alcan Þorlákshöfn og kísilverksmiðja Tomahawk í Þorlákshöfn.

Öllum fyrirtækjum, sem menga meira en sem nemur 30.000 tonnum, er nú skylt að sækja um þessar heimildir og greiða umsýslugjald fyrir, um 250.000 krónur. Að öðru leyti eru heimildirnar gjaldfrjálsar.

Ráðherra er þeirrar skoðunar að taka skuli gjald fyrir þessar heimildir í framtíðinni, enda séu þær afar verðmætar.

klemens@frettabladid.is

Hæstiréttur Pakistan:

Musharraf má bjóða sig fram

PAKISTAN, AP Hæstiréttur í Pakistan úrskurðaði í gær að Pervez Musharraf, forseti landsins og yfirmaður hersins, mætti sækjast eftir öðru kjörtímabili í komandi forsetakosningum.

Andstæðingar Musharrafs höfðu sagt hann óhæfan til að bjóða sig fram meðan hann væri einnig yfirmaður hersins og óskað eftir úrskurði hæstaréttar.

Musharraf komst til valda árið 1999 en síðustu mánuði hefur andstaða við hann farið vaxandi eftir að hann reyndi að koma háttsettum dómara úr embætti. **- sdg**

PERVEZ MUSHARRAF FORSETI PAKISTAN Bandaríkin eru einn helsti stuðningsaðili Musharrafs, sem veitir þeim liðveislu í stríðinu gegn hryðjuverkum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FYRIRTÆKJA-BRÉFSEFNI **Í LIT**
TILBOÐSPAKKI
AÐEINS

Verð án VSK

Í TILBOÐSPAKKA ERU:
1000 BRÉFSEFNI
1000 MIÐAR
500 GÓÐA NAFNSPJAÖLD

26.410 KR/PK

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda frá 29. sept. - 31. okt. 2007.

SMÁA LETRIÐ>
VIÐ GETUM EKKI SÉÐ ALLT FYRIR ÞAÐ ÞÝÐIR AÐ HUGMYNDAVINNA, TEXTAGERÐ OG GRAFÍSK HÖNNUN ERU EKKI INNIFALDAR Í VERÐI EN OKKUR FINNST GAMAN AÐ VINNA ÞETTA MEÐ ÞÉR.
SKOÐUN GAGNA SEM SEND ERU TIL OKKAR ER HELDUR EKKI INNIFALIN Í VERÐI.
VIÐ SENDUM EKKI FRÍTT EN ÞÉR ER AUÐVITAÐ VELKOMIÐ AÐ SÆKJA VÖRUNA TIL OKKAR OG FÁ ÞÉR KAFFIBOLLA Í LEIÐINNI!

prentun.com
EINFALT OG ÁRANGURSRÍKT

PRENTUN.COM ▪ ÁRMÚLA 34 ▪ SÍMI 527 6500 ▪ OPIÐ 9-18 ALLA VIRKA DAGA

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
7.984 **-0,27%**

Fjöldi viðskipta: 487
Velta: 33.072 milljónir

MESTA HÆKKUN

FOROYA BANK	4,55%
ICELANDAIR	2,84%
365	2,84%

MESTA LÆKKUN

ALFESCA	1,10%
LANDSBANKINN	0,74%
ATORKA	0,74%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 10,18 -0,68% ... Bakkavör 66,10 -0,15% ... Eimskipafélagið 39,75 -0,63% ... Exista 32,40 +0,00% ... FL Group 24,40 -0,21% ... Glitnir 28,45 -0,53% ... Icelandair 27,20 +2,84% ... Kaupþing 1.087 -0,55% ... Landsbankinn 40,50 -0,74% ... Straumur-Burðarás 19,65 +0,77% ... Össur 101,50 +0,50% ... Teymi 6,15 +0,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Keyptu fyrir tvo milljarða

Atorka hefur eignast um 20 prósenta hlut í Shanghai Century Acquisition Corp (SHA) sem skráð er á AMEX-markaðnum í New York í Bandaríkjunum. Heildarverð kaupanna er um tveir milljarðar króna og hafa kaupin átt sér stað á undanförnum vikum, að því er fram kemur í tilkynningu Atorku til Kauphallar í gær.

Kaupin fjármagnar félagið með handbæru fé. SHA er sagt félag sem stofnað er sérstaklega í þeim tilgangi að sameinast öðru félagi (svokallað SPAC-félag) og hefur það samið um kaup á kínverska lyfjafyrirtækinu Sichuan Kelun Pharmaceutical (Kelun) með fyrirvara um samþykki samkeppnisyfirvalda í Kína. Atorka segir það ferli í hefðbundnum farvegi. Kelun er sagt leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og dreifingu á vökva í æð í Kína. „Fyrirtækið rekur 13 verksmiðjur í Kína, starfrækir þar 53 söluskrifstofur og er með um 6.800 starfsmenn. Kelun framleiðir um 90 tegundir af vökva og er heildarframleiðslugeta félagsins um 1,4 milljarðarskammta á ári. Félagið er einnig í framleiðslu á stungulyfjum og lausasölulyfjum (OTC),“ segir í tilkynningunni og bætt er við að fyrirséður sé mikill vöxtur í heilbrigðisgeiranum í Kína á næstu árum. Þá segist Atorka á undanförnum mánuðum hafa keypt kauprétti Kelun sem nýtanlegir séu þegar kaupin eru gengin í gegn.

MAGNÚS JÓNSSON FORSTJÓRI ATORKU

Engar athugasemdir frá FME

Fjármálaeftirlitið (FME) athugasemdir við óbeint eignarhald Nasdaq Stock Market á OMX Nordic Exchange á Íslandi og Verðbréfaskráningu Íslands.

Í frétt FME kemur fram að á grundvelli laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða hafi Nasdaq látið vita af kaupum þess á virkum eignarhlut í OMX AB en OMX Nordic Exchange er í fullri eigu OMX AB.

FME gerði Nasdaq grein fyrir niðurstöðu sinni í gær, sama dag og sænska fjármálaeftirlitið tilkynnti að það teldi Nasdaq hæfan aðila til þess að fara með virkan eignarhlut í OMX AB. - óká

FRÁ FUNDINUM Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems, heilsar Ivan Gašparovic, forseta Slóvakíu, á óformlegum fundi þeirra fyrir utan Bláa lónið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Óvæntur fundur í Bláa lóninu

Ivan Gašparovic, forseti Slóvakíu, og Ján Kubiš, utanríkisráðherra landsins, áttu óopinberan fund með stjórnendum Marel Food Systems í Bláa lóninu er þeir áttu stutta viðdvöl hér á landi á laugardag.

Marel Food Systems starfrækir matvælavinnsluvélaframleiðslu í Slóvakíu og vinna um 100 manns hjá fyrirtækinu þar í landi. Mikil stækkun stendur þar nú fyrir dyrum en Marel Food Systems vinnur að því að reisa þar nýja verksmiðju sem verður þrisvar sinnum stærri. Áætlað er að opna verksmiðjuna í byrjun næsta árs og verða starfsmenn 300 talsins.

- jab

FISKI LANDAÐ Á VESTFJÖRÐUM Greining Glitnis rekur minni útflutning í ágúst til áhrifa af kvótaskerðingu.

Vöruskiptahalli minni en í fyrra

Vöruskiptahalli í ágúst nam 12 milljörðum króna samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofunnar. Fluttar voru út vörur fyrir 17,8 milljarða og inn fyrir 28,9 milljarða. Í ágúst í fyrra voru vöruskiptin óhagstæð um 14 milljarða.

Vöruskiptahalli fyrstu átta mánuði ársins er hins vegar um þriðjungi minni en á sama tíma í fyrra, reiknað á föstu gengi. Hallinn nú er 66,5 milljarðar, en var áður 103,8 milljarðar.

Greiningardeild Glitnis bendir á að útflutningur hafi aukist um ríflega 11 prósent milli ára á föstu gengi, en dragist nú hins vegar saman milli mánaða. Samdrátturinn er rakinn til minni útflutnings sjávarafurða í ágúst en í júlí. „Ein skýring þessa kann að vera sú að ýmsir útgerðarmenn kusu að færa hluta þorskkvóta á milli ára til að mýkja áhrifin af kvótaskerðingu á nýhöfnu fiskveiðiári,“ segja þeir hjá Glitni. - óká

ÚTSALAN ER BYRJUÐ
BARA Í FÁEINA DAGA

Öll kasthjól – 40% afsláttur
Kaststangir 20-50% afsláttur
Fluguhjól 15-50% afsláttur
Flugustangir 15-50% afsláttur
Öndunarvöðlur frá 9.995
Veiðivesti frá 1.995
10 stk. spúnar aðeins 1.990
Lítið notaðar leiguvöðlur aðeins 5.000
Sjókayakar 15-30% afsláttur
Þurrbúningar og vesti 15-50% afsláttur
Valdar haglabyssur 20-30% afsláttur
Felufatnaður 15-50% afsláttur

Útsalan hefst í dag og lýkur 7. október
Vinsælustu vörurnar seljast alltaf upp fyrst

Sjókayakar, fatnaður og búnaður aðeins í Sportbúðinni Krókhálsi 5. Skotvopn og felugallar aðeins í Veiðihorninu Síðumúla 8 og Sportbúðinni Krókhálsi 5. Leiguvöðlur aðeins í Veiðihorninu Síðumúla)

Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 Krókháls 5 – Sími 517 8050 Síðumúli 8 – Sími 568 8410
Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is

FRAMTÍÐARORKAN OG FARARTÆKIN H_2 CO_2 O_2

AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Rafbíllinn fær uppreisn æru

Eins og sjá mátti á nýafstaðinni bílasýningunni í Frankfurt keppast bílaframleiðendur heims nú við að sýna að þeir séu að gera sitt bezta til að draga úr umhverfisáhrifum bíla. Tvinntæknin virðist fara sigurgöngu. Hún getur brúað bilið til rafbíla framtíðarinnar. Þriðja grein af fjórum.

Eins og að framan er rakið í þessum greinaflokki er í gangi mikið kapphlaup að finna orkugjafa (eða -bera) sem komið geta í stað olíu og bensíns til að knýja bíla og að þróa tækni til að nýta nýja orkugjafa sem bezt.

Í síðustu grein var þróun nýrra orkugjafa/-bera lýst og nokkrar tæknilausnir reifaðar en hér verður farið nánar út í þær tæknilegu lausnir sem bílaframleiðendur hafa komið fram með og hafa þegar sett á markað eða hafa boðað að verði fljótlega fáanlegar.

Þróun rafmagnsbíla

Um árabil hafa verið fáanlegir litlir rafbílar, sem ekki komast langt á hverri hleðslu og komast heldur ekki hraðar en sem nemur innanbæjarumferðarhraða. Notagildi slíkra bíla er takmarkað, en þeir henta prýðilega til mengunarlauss innanbæjarsnatts. Dæmi um slíka bíla sem fáanlegir eru í dag er Reva-bíllinn frá Indlandi.

Þróun rafmagnsbíla tók nokkurn kipp á níunda og tíunda áratugnum. Róttæk reglusetning stjórnvalda í Kaliforníu, sem miðaði að því að draga mjög úr mengun frá bílaumferð (gera átti öllum helztu bílaframleiðendum að bjóða að minnsta kosti 2 prósent bíla sinna loftmengunarlausa), ýttu mjög undir að bílaframleiðendur þróuðu slíka bíla.

Þekktasta dæmið um bíla sem út úr þessu komu var EV1-rafmagnsbíllinn frá GM. Frumgerð hans var sýnd árið 1990 en fyrsta framleiðslugerðin árið 1996. Rúmlega 1.000 þessara rennilegu tveggja sæta bíla komust fram til ársins 2000 í hendur valinna kúnna í Kaliforníu og Arizona. Bíllinn var þó ekki seldur, heldur aðeins afhentur á kaupleigusamningi án þess að notandinn hefði kost á að kaupa bílinn. Árið 2003 – eftir málaferli bílaframleiðenda gegn Kaliforníuríki sem enduðu með því að gildistaka „ZEV-ákvæðanna“ (zero-emissions-vehicle) frestaðist – ákvað GM að innkalla alla EV1-bílana og þeim var flestum eytt. Notendum þeirra var ekki gefinn kostur á að kaupa þá.

Talsmenn GM sögðu þá að stór þáttur í ákvörðunni hefði verið að ekki hefðu náðst þær framfarir í rafhlöðutækni sem vænzt hafði verið. Framleiðsla bílsins hefði heldur aldrei getað staðið undir sér.

Frumkvöðlar taka við

Þar sem risar eins og GM kipptu að sér höndum tóku lítil frumkvöðlafyrirtæki við. Þekktasta dæmið um slíkt fyrirtæki, sem þróað hefur öfluga rafmagnsbíla sem fólk getur keypt, er Tesla í Kaliforníu. Að baki því standa menn sem vildu breyta ímynd rafmagnsbíla og ákváðu því að fyrsti bíllinn sem þeir byðu til sölu yrði sportbíll sem stæðist beztu bensínsportbílum snúning. Og það gerir Tesla Roadster sannarlega, bæði hvað útlit, hröðun, hámarkshraða og drægi varðar. Til að ná þessum árangri nýttu aðstandendur Tesla Motors sér þróuðustu rafhlöðutæknina sem er á markaðnum núna – rafhlöðusamstæðan í Tesla Roadster er samsett úr ótal líþíum-fartölvurafhlöðum. Bíllinn er settur saman hjá Lotus í Englandi. Tesla Roadster kostar frá verksmiðju sem svarar 6,5 milljónum króna, en fyrirtækið hefur boðað að það muni fljótlega bjóða fólksbíl sem á að verða helmingi ódýrari en sportbíllinn.

Spennandi tilraunabílar

Svipaða leið og aðstandendur Tesla hafa fleiri bílaframleiðendur farið, sem á síðustu árum hafa kynnt til sögunnar tilraunabíla knúna rafmagni – það er sýnt að rafmagnsbílar þurfa ekki að vera ljótir og silalegir heldur geti þeir verið hraðskreiðir og spennandi.

Dæmi um slíkan tilraunabíl er Mitsubishi Lancer Evo MIEV, sem kynntur var árið 2005. Hann fékk meira að segja tegundarviðurkenningu svo að Mitsubishi gæti skráð bílinn í aksturskeppni umhverfisvænna bíla í Japan, sem bíllinn vann með yfirburðum. MIEV stendur fyrir „Mitsubishi In-whell-motor Electric Vehicle“, það er rafbíll með rafmótorum í hverju hjóli. Þessi tækni gefur bílnum öflugt fjórhjóladrif – hver mótor skilar 50 kílówöttum en það samsvarar samtals um 270 hestöflum. Þar að auki skila rafmótorarnir samtals 518 Nm togi, sem samsvarar togaflinu í mjög stórri túrbódíselvél. Enda er hröðun bílsins frá núlli í 100 km hraða 6,9 sekúndur.

Það sem er spennandi við þessa tækni er að mikið pláss sparast þar sem í hefðbundnum sprengihreyfilsbíl er vél og drifbúnaður. Í tilraunabílnum nægði að setja rafhlöður í plássið sem drifbúnaðurinn annars tók til að bíllinn kæmist 240 km á einni hleðslu. Aðalgallinn er sá að ófjöðruð þyngd eykst – rafmótorar eru þungir – og að hafa þennan viðkvæma rafbúnað úti í hjólunum kann að verða vandamál til dæmis í vetrarsnjóslabbi eða á vondum vegum.

Hvað sem þessum vandamálum líður hefur Mitsubishi boðað að það muni setja MIEV-bíla á markað innan fárra ára. Sennilegast er þó að áður en hreinræktaður rafmagns-sportbíll eins og Lancer Evoinn verður fáanlegur komi „næstu kynslóðar“-tvinnbílsútgáfa af MIEV-tækninni á markað. Það verði bíll með minni rafmótora í hjólunum en jafnframt búinn lítilli bensínvél sem hleður rafgeymana og tryggir bílnum nokkur hundruð kílómetra drægi.

Volvo kynnti einnig nýlega tengiltvinn-tilraunabíl með rafmótora í hjólunum. Hann er búinn lítilli etanól-tvíorkuvél auk rafmótoranna, og rafhlöðuna er hægt að hlaða úr innstungunni heima. Brennsluvélin fer ekki í gang fyrr en 70 prósent orkunnar í rafhlöðunni hefur verið notuð.

Næsta kynslóð tengiltvinnbíla

Þá má nefna hina svonefndu E-Flex-tvinnbílatækni frá General Motors, sem meðal annars var kynnt í Opel Flextreme-sýningarbílnum á Frankfurt-sýningunni nú í september. Hann er búinn 1,3 lítra díselvél, 53 kW rafal og 16 kílówattstunda líþíum-rafhlöðu sem er endurhlaðanleg úr innstungu. E-Flex-tæknin var fyrst kynnt í Chevy Volt-bílnum á Detroit-sýningunni í vor. Í þeirri útfærslu var hún búin 1,0-lítra þriggja strokka bensín/etanólvél. Þegar bíllinn var sýndur á bílasýningu í Kína var bensínvélinni skipt út fyrir vetnis-efnarafal. Aðalhugmyndin að baki E-Flex-undirvagninum er að rafmagnsdrifshlutinn sé eins í öllum útfærslum en brennsluvélin sem við hann er tengdur fari eftir því hvers konar eldsneyti er hagkvæmast á hverju markaðssvæði. Með þessu geti GM boðið upp á samkeppnishæfa tvinnbíla í útgáfum sem lagaðar eru að hverju markaðssvæði.

Ford hefur einnig sett á hjólin vetnis-efnarafals-tengiltvinnbíl. Verið er að prófa þá tækni í Ford Edge-jeppa vestra. Kostirnir við þá tækni segja talsmenn Ford vera að efnarafallinn geti verið miklu minni, léttari, einfaldari, ódýrari og langlífari en í bíl sem eingöngu er knúinn efnarafal. Engu að síður er þessi tækni mjög dýr og útlit fyrir að langt sé í að hún verði samkeppnisfær við tvinnbíla með hefðbundnum brennsluvélum, ef hún verður það nokkurn tímann.

Þessi vetnis-tengiltvinntækni er hins vegar aðeins á algjöru tilraunastigi enn sem komið er. Aftur á móti veitir Ford nú þegar Toyota harða samkeppni á markaðnum fyrir tvinnbíla í Bandaríkjunum með Escape Hybrid-jepplingnum. Hann er þó ekki enn til sölu í tengiltvinnútgáfu, eins og Toyota hefur boðað að Prius-inn, mest seldi tvinnbíllinn, verði innan skamms. Brimborg, umboðsaðili Ford, hefur unnið að því að fá að flytja Escape tvinnbílinn hingað til lands, en fram til þessa hefur Ford haft þá stefnu að selja tvinnútgáfuna ekki utan Bandaríkjanna. Það kann þó að breytast.

Tengiltvinntæknin brúar bilið

Þótt nú sé útlit fyrir sigurgöngu tengiltvinntæknin nar – þar sem hún býður upp á óskert notagildi en stóraukinn hlut rafmagns í að knýja bíla – er vert að hafa í huga að sú tækni felur alltaf í sér þann galla að bíllinn er búinn tvöföldu drifkerfi, sem þýðir að þegar hann er drifinn rafmagni burðast hann um með þunga brennsluvél og eldsneytistank sem „dauða þyngd“. Og öfugt. Framtíðin hlýtur því að liggja í hreinræktuðum rafmagnsbílum, en forsenda fyrir því er að rafhlöðutæknin taki allstórstígum framförum. Þangað til að því kemur brúar tengiltvinntæknin bilið.

TESLA ROADSTER Skapendur Tesla-sportbílsins einsettu sér að breyta ímynd rafmagnsbíla.

OPEL FLEXTREME Evrópska útfærslan af E-Flex-tengiltvinnbíl GM, sem verður seldur í Bandaríkjunum sem Chevy Volt.

MITSUBISHI LANCER EVO MIEV Hreinræktaður rafmagns-sportbíll, fjórhjóladrifinn með rafmótorum í hjólunum.



Á MÁNUDAG:
Möguleikar Íslendinga

Búðu til minningar!

Heimurinn verður þinn eiginn leikvöllur með EOS 400D. Yfirburða 10.1 milljón punkta CMOS myndflaga og innbyggður rykhreinsibúnaður færa þér aðalsmerki EOS sem felst í skörpum og hreinum myndum. Búðu til minningar með EOS 400D.

200
fríar stafrænar framkallanir og kennsla fylgir myndavélunum!

Tilboð 1 - Canon 400d	**Tilboð 2** - Canon 400d	**Tilboð 3** - Canon 400d	**Tilboð 4** - Canon 400d
- Án linsu	- Með 18-55mm linsu	- Með 18-55mm linsu - Með 55-200mm linsu - Rafhlöðuhald	- Með 17-85mm linsu - Rafhlöðuhald
10.1 megapixla myndflaga. Taktu þrjá ramma á sekúndu Létt, nett og sterkt hús, aðeins 510 grömm Skoðaðu myndirnar í sjónvarpinu	10.1 megapixla myndflaga. Taktu þrjá ramma á sekúndu Létt, nett og sterkt hús, aðeins 510 grömm Skoðaðu myndirnar í sjónvarpinu	10.1 megapixla myndflaga. Taktu þrjá ramma á sekúndu Létt, nett og sterkt hús, aðeins 510 grömm Skoðaðu myndirnar í sjónvarpinu	10.1 megapixla myndflaga. Taktu þrjá ramma á sekúndu Létt, nett og sterkt hús, aðeins 510 grömm Skoðaðu myndirnar í sjónvarpinu
Verð 4.135 kr. á mánuði* Staðgreiðsluverð 79.990 kr.	**Verð 4.824 kr. á mánuði*** Staðgreiðsluverð 89.990 kr.	**Verð 6.587 kr. á mánuði*** Staðgreiðsluverð 129.990 kr.	**Verð 8.381 kr. á mánuði*** Staðgreiðsluverð 159.990 kr.

* Meðalverð á mánuði m.v. 24 mánaða greiðslukortasamning

www.hanspetersen.is

» Laugavegur 178, 105 Reykjavík, Sími 412 1840
» Bankastræti 4, 101 Reykjavík, Sími 412 1810
» Kringlan, 103 Reykjavík, Sími 412 1830
» Smáralind, 201 Kópavogur, Sími 412 1870
» Fjörður, 220 Hafnarfjörður, Sími 412 1820

HANS PETERSEN

Engu gleymt í 100 ár

HELGINA ÚTSÖLUNNI LÝKU

SÖLULOK ÚTSÖLULOK ÚT

Frystikista

32.999

Frystikista, Frigor
182 ltr. 89,5x73x64,5 sm,
hraðfrystikerfi
1805486

80% AFSLÁTTUR

599
2.990

Hjólahjálmar
Barna og fullorðins
5872037-63

2.999
4.999

Vinnubuxur
M/hnépúðavösum
5859041-5859047

Skjólveggur

6.990
12.900

Skjólveggur, Skandik
180x180 sm
603150

Allar flísar

25-70% AFSLÁTTUR

Öll salerni og handlaugar

20% AFSLÁTTUR

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

UR UM HELGINA ÚTSÖLU

TSÖLULOK ÚTSÖLULOK ÚT

Meðan
birgðir endast

675

Jotun pallaolía
3 ltr.
7049123

2 rafhlöður

3.495
5.495

Hleðsluborvél, Verto
14,4V, 2 rafhlöður, í tösku
5245006

4.999
8.599

Útiarinn
Chico, leir, 65 sm,
standur fylgir
3899200

Frábært
verð

2.999

Matarstell, Aroma
Svart og rautt, 16 stk í setti
2200015/2200016

Öll ljós

20%
AFSLÁTTUR

50%
AFSLÁTTUR

849
1.699

Bitasett
100 stk
5010807

Við berjum niður verðið!

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

skoðun

greinar@frettabladid.is

Sjávarútvegur er atvinnugrein, ekki byggðastofnun.

Veiðigjaldið burt

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Það sætir furðu að ríkisstjórnin skuli ekki hafa ákveðið strax í sumar að fella tímabundið niður veiðigjald á þorskveiðum eins og tilkynnt var í gær. Þá hefðu útgerðir landsins getað tekið það inn í áætlanir sínar þegar brugðist var við boðuðum aflasamdrætti.

Niðurfelling veiðigjaldsins er eina raunhæfa leiðin til að koma til móts við þá sem niðurskurður þorskaflans bitnar mest á. Ekki ómarkvissar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem skila fáu nema óánægju víða um land. Peningum er dælt út í hagkerfið á sama tíma og atvinnuleysi er í sögulegu lágmarki. Ríki og sveitarfélög slá ekkert af í framkvæmdum til að auðvelda Seðlabankanum baráttuna við verðbólguna. Á sama tíma er kvartað yfir vaxtastefnu bankans og háu gengi krónunnar. Það er ekki bæði sleppt og haldið í þessum efnum.

Í raun ætti ríkisstjórnin að stíga skrefið til fulls og fella veiðigjald niður fyrir fullt og allt. Útgerðarmenn hafa mikið til síns máls þegar þeir segja lítið réttlæti í að skattleggja eina atvinnugrein umfram aðra. Auðlindagjald leggst þar að auki þyngst á landsbyggðarfyrirtækin, sem flestir vilja standa vörð um. Þetta er staðreynd sem ekki verður horft framhjá. Allt hjal um verndun sjávarbyggða er marklaust nema þingmenn berjist samhliða gegn þessu gjaldi.

Umræða um sjávarútvegsmál ristir ávallt djúpt í sálarlíf Íslendinga. Það kemur ekki á óvart. Þessi atvinnugrein átti stærstan þátt í að bæta lífskjör í landinu á síðustu öld. Sjómenn voru hetjur hafsins og útgerðarmenn bjargvættir byggðarlaga.

Uppsagnir fólks sem starfar í sjávarútvegi koma sér mjög illa fyrir marga. Útlit er fyrir að fleiri verði sagt upp, útgerðir sameinist og sjómönnum fækki.

Um aldamótin störfuðu um 11.200 manns í fiskvinnslu og á sjó utan höfuðborgarsvæðisins, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Um síðustu áramót voru þetta um 6.800 manns. Þessi þróun mun halda áfram. Við þurfum einfaldlega ekki eins margar hendur til að vinna sömu verðmæti. Góð samkeppnisstaða sjávarútvegsins á alþjóðlegum mörkuðum byggir á þessum árangri.

Þessi niðurstaða er þrotlausri vinnu og útsjónarsemi fólks í sjávarútvegi að þakka. Í ljósi erfiðleikanna nú er mikilvægt að inngrip ríkisins verði í lágmarki. Sértækar aðgerðir hafa aldrei skilað neinu. Styrkja ber kvótakerfið í sessi, einfalda það og afnema alla byggðakvóta og línuívilnanir.

Um leið verða útgerðarmenn að axla meiri ábyrgð. Það þýðir ekki að gagnrýna pólitíska íhlutun um leið og framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna gefur í skyn að fella beri gengi krónunnar með handafli. Það er eins og tal úr fornöld. Sem betur fer stjórnast peningastefna Seðlabankans ekki lengur af hagsmunum sjávarútvegsins heldur almennings.

Að sama skapi er furðulegt að heyra Friðrik J. Arngrímsson kvarta yfir því að of litlu fé sé varið í hafrannsóknir. Almenningur þurfi að reiða fram hundruð milljóna til að standa straum af þeim.

Útgerðarmenn eiga sjálfir að kosta rannsóknir á auðlindum sem þeir nýta og vilja ávaxta til framtíðar. Ekki almenningur. Þeir eiga líka að kosta eftirlit með veiðum og koma með tillögur um heildarafla fiskiskipa hvert ár. Fleiri dæmi sýna að verndun auðlinda er betur komin hjá einstaklingum en ríkinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson og Kristján Hjálmarsson FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

COME2 SCANDINAVIA



Á leið til Norðurlandanna?

Hafðu samband við Come2 Scandinavia og við aðstoðum þig með flug, gistingu, bílaleigubíl og fleira.

Erum einnig með tvær íbúðir til leigu í Kaupmannahöfn sem henta fjölskyldum, vina- og vinnuhópum.

Come2 Scandinavia, Vesterbrogade 17
1620 Kaupmannahöfn.

www.come-2scandinavia.dk - info@come2scandinavia.com

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þriðja kynslóðin á þing

Fram kom í Fréttablaðinu fyrir skömmu að Guðmundur Steingrímsson væri þriðja kynslóðin sem tekur sæti á þingi nú þegar þing kemur saman á mánudag. Þá voru einnig aðrir karlar taldir upp, svo sem Björn Bjarnason. Til að rétta hlut kvenna má nefna að Jóhanna Erla Pálmarsdóttir kom inn á þing í mars 2006 sem varamaður fyrir Sturlu Böðvarsson. Faðir Jóhönnu Erlu er Pálmi Jónasson sem var alþingismaður 1967-1995 en afi hennar Jón Pálmason sem var þingmaður frá 1933-1959 og svo varamaður 1959-1963.

Troðfullir strætisvagnar

Allt síðan framhalds- og háskólanemum var gefið frítt í strætó er eins og strætisvagnakerfið hafi öðlast nýtt líf. Á leiðum þar sem vagnarnir óku áður hálftómir hverfanna á milli lenda sumir farþegar nú í því að komast ekki inn í vagninn því hann er fullur. Þeim er vinsamlega bent á að bíða eftir næsta vagni. Troðfullir strætisvagnar hafa ekki sést á götum borgarinnar síðan um miðja síðustu öld, þannig að svo virðist sem tilraunin hafi gefið góða raun.

Á ferð og flugi um Afríku

Þegar tölvupóstur er sendur er mikilvægt að netfang viðtakanda sé rétt slegið inn, því annars er aldrei að vita hvert bréfið fer. Þetta á sérstaklega við þegar viðtakandi er jafn mikilvægur og Bjarni Ármannsson, stjórnarformaður Reykjavík Energy Invest og fyrrverandi forstjóri Glitnis. Fyrir þá sem vilja vita hvað Bjarni er að grúska þessa dagana á hann pantað flug með Air France frá Lomé, höfuðborg Tógó, til Abidjan á Fílabeinsströndinni klukkan 13.55 á morgun. Hann stoppar þó stutt þar því hann flýgur til Dakar í Senegal klukkan 19.30 um kvöldið, og situr þá í sæti 6A. Fyrir þetta greiðir hann sem samsvarar 69.560 krónum, samkvæmt ferðaáætlun sem send var á kolvitlausan stað.

kristjan@frettabladid.is
salvar@frettabladid.is

Þrjátíu og sex árum seinna

Á mánudaginn verður þingið sett. Þá eru liðin þrjátíu og sex ár frá því ég mætti þar fyrst, rétt rúmlega þrítugur unglingurinn. Árið 1971. Árið sem viðreisnarstjórnin féll, árið sem vinstri stjórn var mynduð, árið sem við ákváðum að færa landhelgina út í fimmtíu mílur og fiskurinn í hafinu var ennþá dýrmætasta sameign þjóðarinnar.

Þetta var þegar kalda stríðið stóð sem hæst, átökin um Nato og herinn, þegar verðbólgan át upp krónuna og skuldirnar og Kína fékk ekki aðild að Sameinuðu þjóðunum. Ég man að ég hélt jómfrúarræðu á Alþingi gegn þeirri firru íslenskra stjórnvalda að samþykkja aðildina. Því miður má enn finna þá ræðu í Alþingistíðindum.

Ólafur Jóhannesson var forsætisráðherra í nýrri ríkisstjórn Framsóknar, Alþýðubandalags og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Þeir síðastnefndu voru undir stjórn Hannibals Valdimarssonar. Framboð hans og flokkur réðu úrslitum. Alþýðuflokkurinn beið afhroð, ef ég man rétt, og ég held að þeir hafi verið komnir niður í fjóra þingmenn, blessaðir, og þó var enn að finna Gylfa Þ. Gíslason í þeirra hópi. Hann átti annað og betra skilið, hann Gylfi, fljúgandi greindur og mælskur sem hann var. En þeir voru líka hálir á svellinu, allaballarnir með Magnús Kjartansson og Lúðvík Jósefsson í broddi fylkingar, ræðumenn par excellence.

Í Framsókn voru líka þungavigtarmenn, Tómas Árnason, Einar Ágústsson og Jón Skaftason ásamt fulltrúum bændastéttarinnar, sem þá var fjölmennasta stéttin á Alþingi.

Þarna var líka Eysteinn Jónsson, burðarásinn í Framsókn í marga áratugi, orðinn forseti þingsins, og ég hitti Eyjólf son hans í kosningabaráttunni. Sonur Eysteins er orðinn framámaður í félagi eldri borgara í Keflavík!! Tíminn líður.

ELLERT B. SCHRAM
Í DAG | Alþingi

Jafnrétti. Hvað var nú það? Eða samkeppni. Mjólk fékkst ekki seld í matvörubúðum.

Á þessu þingi frá 1971 til 1974 sat ég í stjórnarandstöðu en ég man að ég fékk samþykkta í þinginu tillögu um slysatryggingar íþróttamanna. Það var Eysteini að þakka. Kannski eina málið sem minnihlutinn fékk í gegn það árið. Enda Eysteinn íþróttaunnandi eins og ég.

Hvar var jafnréttið?

Tvær konur voru í þingliði sjálfstæðismanna þetta kjörtímabil, Auður Auðuns og Ragnhildur Helgadóttur. Ég man líka eftir Svövu Jakobsdóttur í Alþýðubandalaginu. Annars voru þetta karlar og aftur karlar sem réðu. Jafnrétti. Hvað var nú það? Eða samkeppni. Mjólk fékkst ekki seld í matvörubúðum. Við tókumst á um það við Ágúst Guðnapabbi, hvort mjólkursala skyldi gefin frjáls. Það var ekki fyrr en 1976, sem mjólkurbúðirnar í Reykjavík voru lagðar niður.

Og einhver var að rifja það upp á bloggsíðum nýlega að það þótti þjóðhættulegt óheillaspor, þegar mér datt í hug að breyta sjónvarpinu úr svart hvítu í lit. Það þótti ungæðisleg tillaga á hinu háa Alþingi.

Ég man svo sem ekki mikið frá þessum sokkabandsárum mínum fyrir nær fjörutíu árum síðan. Það var hinsvegar lærdómsríkur tími að eiga samstarf við alla þessa höfðingja og ræðusnillinga og þarna voru í hópi sjálfstæðismanna Jóhann Hafstein, Geir Hallgrímsson, Gunnar Thoroddsen og Ingólfur Jónsson. Magnús á Mel og Matti Bjarna, menn sem komu við sögu þjóðar og átaka og margir eru þar ónefndir, sem héldu uppi merkinu og málflutningnum í stjórnmálabaráttu, sem nú er horfin og gleymd, nema eftir situr fulltrúi þessara sögulegu tíma, undirritaður sjálfur, og ornar sér við minningarnar innan um nýja þingmenn, ungt fólk, sem sumt hvert var ekki einu sinni fætt árið 1971.

Samt alltaf eins

Ég dreg fram ljósmynd af þingflokki Sjálfstæðisflokksins eftir kosningarnar þetta árið. Af tuttugu og tveggja manna þingflokki eru þrettán látnir. Ég hef ekki talið hversu margir eru enn á lífi af þeim sextíu og þrem, sem sátu á Alþingi á þessum tíma. En ég get vottað að pólitíkin gengur fyrir sig með sama hætti, þrátt fyrir nýjar kynslóðir og ný andlit.
Og ekkert verra að hafa þar eina eftirlegukind. Jú, jú, kannski undir öðrum formerkjum, í öðrum flokki. En það er ekki ég sem hef breyst, heldur þjóðfélagið í kringum mig. Hér áður fyrr var barist fyrir frelsinu. Nú er tekist á um hvernig með það skuli farið. Það er ekki minna verkefni.

Samanburðurinn á núinu og hinu liðna snýst kannski ekki einasta um menn og nöfn, heldur þá staðreynd að stjórnmálin hafa breyst að innihaldi og áherslum. En eru samt alltaf eins.

Hótanir formanns ÍTR

UMRÆÐAN
Íþróttastarf

Það var einkennilegt að heyra hótanagleðina í formanni ÍTR, Birni Ingu Hrafnssyni, í tilefni af byrjunarörðugleikum Íþrótta- og tómstundaráðs við að innleiða frístundakortið svokallaða. Í fréttum sjónvarps á þriðjudagskvöld hótaði hann að kippa fjárhagsgrundvellinum undan þeim íþróttafélögum sem ekki tækist að feta einhverja óljóst skilgreinda braut í rekstri sínum. Með þessari yfirlýsingagleði sinni bætir hann bara gráu ofan á svart í þeirri miklu vinnu og erfiðleikum sem nú eru lagðir á íþróttafélögin við að innleiða frístundakortið.

Vissulega má ýmislegt bæta í starfsemi og rekstri íþróttafélaganna. Í sumum tilvikum eru félögin, og deildir þeirra, rekin af starfsmönnum í fullri vinnu, en í öðrum tilvikum eru það sjálfboðaliðar sem sinna flestum þáttum, Reykjavíkurborg til heilla. Það er sjálfsagt að veita félögunum eðlilegt aðhald í sambandi við hækkun eða breytingu á gjöldum, eins og margir foreldrar hafa gert, og koma ábendingum um það sem betur má fara til félaganna og til ÍTR. Það er hins vegar óskynsamlegt að fara að íþróttafélögunum með hótanir af því tagi sem formaður ÍTR hefur nú gert. Reyndar virðist hann ekki hafa haft fullnægjandi vitneskju um alla þætti í innleiðingu frístundakortsins, því í umfjöllun um íþróttafélögin hefur verið ráðist á þau fyrir að framkvæma hluti sem þau hafa gert í fullu samráði við starfsfólk ÍTR á meðan á þessum innleiðingarfasa stendur.

STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON

Það þarf að hlusta á foreldra og taka mið af ábendingum þeirra. Það þarf jafnframt að leiðbeina íþróttafélögunum í þeirri miklu vinnu sem nú er á þau lögð, en það verður ekki gert með hótunum af því tagi sem formaður ÍTR hefur viðhaft í málinu. Þau vafamál sem upp hafa komið tengjast væntanlega öll byrjunarörðugleikum og slík tilvik er fáránlegt að nota sem tilefni til alvarlegra hótana í garð íþróttafélaganna.

Höfundur er fulltrúi Samfylkingar í Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur.

NÚ Á 2 STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

RAFMAGNSVERKFÆRI

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ

1290-
BORVÉL 500W

3990-
HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI

1295-
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN

2995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V

4995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V

5890-
HÖGGBOR/BROTVÉL 850W

4995-
BELTASLÍPIVÉL 900W

2290-
HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM

2990-
RAFMAGNSHEFILL

TILBOÐ!

990-
HLEÐSLUBORVÉL 12V

1390-
STINGSÖG 350W

1490-
SLÍPIROKKUR 600W

9990-
BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W

5850-
FLÍSASÖG

12.900-
KEÐJUSÖG RAFM.

2950-
HJÓLSÖG 1400W

12.990-
BÚTSÖG 2100W

RAFSTÖÐVAR
800W **19900-**
2200W **34900-**
5500W **59500-**

1995-
SLÍPIMÚS

995-
JUÐARI

4995-
BÚTSÖG 1300W

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16 (lokað á Njarðarbraut)

MAÐUR VIKUNNAR

Byltingarmaður blómamyndanna

Fáum dögum fyrir opnun yfirlitssýningar á Kjarvalsstöðum var haldinn blaðamannafundur í Landsbankanum í Austurstræti þar sem uppi voru stór málverk Eggerts Pétursonar sem bankinn átti. Þar kom að eitt þeirra var tekið niður og Hafþór Yngvason, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, og Halldór Kristjánsson bankastjóri innsigluðu samstarf sitt um sýningu Eggerts með handabandi og ljósmyndarar smelltu af. Þegar þeir áttuðu sig á að listamaðurinn stóð meðal áhorfenda var Eggert til kallaður og beðinn að vera með á mynd. Viðstaddir sáu hann ganga inn í þennan ramma tilknúinn, tilneyddan, því ef eitthvað er Eggerti Péturssyni ólíkt þá er það tilhneigingin að trana sér fram.

Eggert er maður vikunnar, raunar mánaðarins, en aðsókn hefur verið góð að yfirlitssýningu hans á Kjarvalsstöðum og við opnun á smámyndasýningu hans í Galleríi i8 seldust öll verkin upp, sumpart vegna þess að eftirspurn er slík eftir verkum hans og margir raunar orðnir óþolinmóðir að fá eftir hann mynd, að biðlisti hefur myndast. Þann dag hafa því bæði galleríið með sín fjörutíu prósent og listamaðurinn fengið laun fyrir sinn hlut. Biðlistinn er til fyrir þá sök að vinnuaðferð Eggerts er tímafrek: hann er lengi að vinna verk sín sem eru í stærri kantinum, þau heimta mikla yfirlegu í smágerðu myndefni sínu enda er það sá eiginleiki, hinn innri heimur verkanna í miklum fjölbreytileika, sem hefur heillað aðdáendur málarans.

Athygli blaðamanna á snarpri sölu verka í Gallerí i8 minnti á áhuga fyrri tíma þegar bæði Sverrir Haraldsson og áður Jóhannes Kjarval seldu öll verk á sýningum á opnunardegi. Minni athygli vakti sú staðreynd að blómamyndir málaðar með olíu, sem hafa um langan aldur verið heldur forsmáð efni í listsköpun, fengu í sölunni síðbúna uppreisn. Og njóta þegar allt kemur til alls vinsælda hjá þeim hluta listáhugamanna sem kaupir myndverk.

Eggert dregur enga dul á að hann hafi snemma haft áhuga á blómum, safnað þeim í pressu sem barn. Sú árátta að hafa auga fyrir formum og litum blóma og gróðurs hefur fylgt honum á unglingsár: hann tók að sækja námskeið í myndlist og lenti á tímabili í námi í tveimur skólum, menntaskóla og myndlistarskóla, svo mikið álit höfðu menn á teiknigáfum hans. Hann endaði um síðir í nýlistadeild og tók sinn þroska út undir handleiðslu Magnúsar Pálssonar með konseft-listina sem tísku dagsins. Áhrif konseftsins eru rík á vinnu Eggerts og eru rakin á sannfærandi hátt í nýútkomnu riti Listasafnsins um feril hans. Þar kemur fram að hann var einn þeirra sem stóðu að Suðurgötu 7 frá 1977-1981, var einn þeirra sem stóðu að listtímaritinu Teningi og átti einnig hlut að tímaritinu Svörtu á hvítu.

Hann var semsagt í miðju þeirra átaka sem umskópu nútímalistina hér á landi eftir tíma súmmaranna. Verk Eggerts ríma aftur heldur illa við þann heim. Hann menntaðist aftur í Hollandi og viðurkennir að hafa lagt sig eftir bæði teikningu og pensiltækni þar í verkum endurreisnarmálaranna hollensku. Hann dvaldi um langt skeið í Leeds þar sem kona hans var við framhaldsnám og vann á þeim tíma fá en mikilvæg verk sem eru nánast ómannleg í innbyggðri kröfu um tækni og þolgæði. Þau eru bæði á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Eggert er hlédrægur maður, sumir myndu kalla hann feiminn. Hann er seintekinn segja vinir hans en er góður félagi, glaður í sínum hópi, ákafamaður um áhugamál sín, sökkvir sér í efni sem hann vill sinna. Slíkt skapferli þarf til að ná árangri, eins og sjá má í verkum hans.

Eggert hefur kennt, en um langan tíma hefur hann lifað af list sinni. Verk hans eru í svo miklu áliti og eru keypt jafnharðan. Sýningar hans í Reykjavík draga fram að ferill hans er fjarri því að vera eintóna, þvert á móti eru þessi næstum þrjátíu ár til marks um stöðuga viðleitni, þolgóða ástundun á vettvangi afmarkaðra viðfangsefna, þar sem lykilverk frá hverju tímabili sýna stökk í stíl, og eins og hann segir sjálfur um smá og stór efnisatriði í verkum sínum: „Það er úthugsað.“

EGGERT PÉTURSSON



ÆVIÁGRIP

Eggert Pétursson er fæddur í Reykjavík 24. nóvember 1956. Foreldrar hans eru þau Ingiríður Halldórsdóttir húsmóðir og skrifstofumaður og Pétur Sigurður Eggertsson deildarstjóri. Á Eggert ættir að rekja í Landeyjarnar og vestur á Snæfellsnes. Hann ólst upp í Reykjavík á Laugalæknum en tók snemma að sýna áhuga á teikningu, stundaði eftir framhaldsskóla nám í Myndlistarskóla Reykjavíkur, Menntaskólanum við Sund og Myndlista- og handíðaskólanum. Í Myndlistarskóla Reykjavíkur lærði hann málun hjá Hringi Jóhannessyni. Að námi loknu fór hann til Hollands og dvaldi í Jan Van Eyck-akademíunni um tveggja ára skeið.
Eggert hefur unnið við myndlist síðan 1977. Hann kenndi við Myndlista- og handíðaskólann frá 1985 til 1991, var virkur í starfi Suðurgötu 7 frá 1977 til 1981, einn stofnenda Tenings og kom að starfi Nýlistasafns frá 1979. Eggert hefur haldið fjölda einkasýninga hér á landi frá 1980 og tekið þátt í samsýningum frá 1977. Hann hefur myndskreytt vísindarit og fræðirit um náttúrufræði. Eggert hefur margsinnis notið starfslauna listamanna. Hann fékk Carnegie-Arts Awards – önnur verðlaun – 2006. Verk hans eru til í flestum stærri söfnum hér á landi og í eigu fjölda einstaklinga.
Eggert er kvæntur Huldu Hjartardóttur fæðingar- og kvensjúkdómalækni og eiga þau fjögur börn.
Tvær sýningar á verkum hans standa nú yfir í Reykjavík: á Kjarvalsstöðum og í Gallerí i8 við Klapparstíg.

Fjórfaldur pottur stefnir í 20 milljónir. Er komið að þér?

Náðu þér í Lottómiða fyrir kl. 18.40 á laugardag.

Taktu Lottó í áskrift! 580 2530

Sölustaðir lotto.is

ENNEMM / SÍA

Dekraðu við þig og þína um helgar...

Brunch

allar helgar frá kl. 11.30 - 15.00

eitt verð kr. 2.150
frítt fyrir 6 ára og yngri
hálft verð fyrir 7-12 ára

THORVALDSEN
BISTRO - BAR - GRILL

Austurstræti 8 - 101 Rvk. - S. 511 1413

„Það á að vera í senn einfalt og glæsilegt...“

HTH

AEG
FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

SÝNINGARHELGI

OPIÐ ELDHÚS

Velkomin í OPIÐ ELDHÚS um helgina!
Upplifið DRAUMAELDHÚSIÐ - frá HTH!
Kynnist því heitasta í eldhústækjum - frá AEG!

Opið laugardag frá kl. 11–16 og sunnudag frá kl. 13–17.

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · www.ormsson.is

SÍÐASTA HELGIN!

SEPTEMBER TILBOÐIN ERU

NÚNA
30%
AFSLÁTTUR BERLIN
3 SÆTA SÓFI

3.716 á mán/24 mán*

BERLIN 3 sæta sófi, hvítt slitsterkt microfiber áklæði B:210 D:95 H:60/80 cm.
BERLIN stóll B:120 D:95 H:60/80 cm. **39.980** áður ~~59.980~~

69.980
áður: **99.980**

VIÐ EIGUM ÖRUGGLEGA ÞAÐ SEM

30% AFSLÁTTUR
HOUSTON 3 sæta sófi. B:215 D:95 H:87 cm. Fæst einnig
2 sæta B:170 D:95 H:87 cm kr. **89.980** áður ~~119.980~~

HOUSTON
3 SÆTA SÓFI
96.980
3.688 á mán/36 mán*
áður **129.980**

NÚNA
50%
AFSLÁTTUR COSMO
LA-Z-BOY STÓLL

3.688 á mán/36 mán*
24.980
áður: **499.980**
COSMO LA-Z-BOY stóll. B:85 D:85 H:45/102 cm.

25% AFSLÁTTUR
3.688 á mán/36 mán*
44.980
áður: **59.980**
PINNACLE LA-Z-BOY stóll, fæst í svörtu, natur og rústrauðu áklæði. B:85 D:98 H:50/102 cm.

25% AFSLÁTTUR
3.095 á mán/18 mán*
44.980
áður: **59.980**
MARTINI LA-Z-BOY stóll, fæst í svörtu, og rústrauðu. B:86 D:85 H:47/102 cm.

* Mánaðarleg meðaltalsgreiðsla á VÍSA eða MasterCard staðgreiðslulánum með breytilegum vöxtum og 3% stimpil og lántökugjaldi

AÐ RENNA ÚT

HÚSGAGNAHÖLLIN

NÚNA
30%
AFSLÁTTUR CREATIVO
3 SÆTA SÓFI

3.532 á mán/30 mán*

79.980
áður: **119.980**

CREATIVO 3 SÆTA B230 x D93 x H80 cm . Fæst einnig **2 SÆTA** B195 x D95 x H80 cm kr. **69.980** eða **3.716** á mánuði/24 mánuði, áður kr. 99.980. Einnig til sem **MAXI SÓFI** B260 x D95 x H80 cm kr. **97.980** eða **3.725** á mánuði/36 mánuði, áður kr. 139.980.

ÞIG VANTAR - OG MIKLU MEIRA TIL

30% AFSLÁTTUR
3.452 á mán/12 mán*

34.980
áður: **49.980**

TOSCANA 3 sæta sófi, Estell kakí, ósamsettur. B:215 D:93 H:49/83 cm.
TOSCANA 2 sæta sófi. B:155 D:93 H:49/83 cm. **27.980** áður ~~39.980~~

SÓFASETT 3 + 2

30% AFSLÁTTUR
6.340 á mán/36 mán*

169.980
áður: **249.960**

MIAMI sófasett 3 og 2 sæta, fæst í rauðu og svörtu leðri.
B:207/155 D:72 H:87cm.

COBRA LEÐUR STÓLL
39.980
3.922 á mán/12 mán*
áður **69.980**

30% AFSLÁTTUR
3.356 á mán/18 mán*

GYRO stóll, grár og svartur.

48.980
áður: **69.980**

NÚNA
40%
AFSLÁTTUR

Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 **OPIÐ:** Laugardag 11-18 • Sunnudaga 13-17

Gangverð á sveskjusteinum

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er skýrt frá því hvernig farið er að því að frelsa bækur. Einnig er vikið að heilbrigði og hæfilegri óhollustu, heimspeki, Schopenhauer sem húmorista og lítilli bók sem er á við tvær laxveiðijarðir og rjómapönnukökur.

KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 21. SEPTEMBER.

Að frelsa bækur

Í morgun mættu tveir heiðursmenn frá Símanum og stungu breiðbandinu aftur í samband. Bilunin var hjá Símanum niðri í gamla Landssímahúsi. Kostaði mig fimm daga sjónvarpsleysi og 6.200 kr. fyrir að kalla út rafeindavirkja til að leita að biluninni.

Símamennirnir skoðuðu breiðbandsinntakið og hurfu síðan á braut. Svo hringdu þeir og sögðu mér að kveikja á sjónvarpinu – sem svínvirkaði. Ég spurði hvar bilunin hefði verið. Þá kom dáldil þögn. Bilunin var nefnilega ekki á mínum enda heldur hjá Símanum, niðri í gamla Landssímahúsinu. Alla vega er ég feginn að þetta er komið í lag og viðgerðarmennirnir voru ekkert nema þægilegheitin.

Fann skemmtilega hugmynd á netinu, bookcrossing.com. Bookcrossing virðast vera samtök fólks sem vill frelsa bækur. Bækur frelsar maður með því að taka skruddur sem maður er búinn að lesa og skilja þær eftir einhvers staðar, innan- húss eða innpakkaðar á víðavangi með kveðju til finnandans og áskorun um að taka þátt í að frelsa fleiri bækur og gera alla veröldina að ókeypis bókasafni.

Ég hef stundum skilið eftir bækur á kaffihúsum í von um að gleðja einhvern óþekktan finnanda svo að mér finnst skemmtilegt til þess að vita að upp skuli vera risin alþjóðleg hreyfing fólks sem hefur ánægju af að dreifa bókum ókeypis.

Það er vitanlega hægt að frelsa fleiri hluti en bækur. Til dæmis gætu milljarðamæringarnir okkar skemmt sér við að frelsa peninga sem komast ekki fyrir í bókhaldinu með góðu móti eða skartgripi sem þeir eru orðnir leiðir á eða bíla sem eru ekki lengur nýjasta árgerð. En bækur eru samt verðmætastar.

SUNNUDAGUR, 23. SEPTEMBER.

Holl óhollusta

Laugardagurinn fór í undirbúning og í dag var haldin bylmings afmælisveisla til heiðurs litlu Sól. Þetta var góður gleðskapur. Össur frændi rak inn skeggjaðan hausinn fyrri part dagsins og var vel fagnað en hið formlega samkvæmi hófst klukkan þrjú.

Ég bakaði 63 mini-pizzur eða örbökur og er stoltur af því að börnin voru ennþá gráðugri í þær en í sætabrauðið og terturnar.

Hveiti er að vísu fíkniefni eins og sykur en einhver smá hollusta hlýtur þó að leynast í tómatsósu sem er búin til úr ferskum rauðaldinum, geirlauk og meyjarútgáfu af ólífuolíu. Svo notaði ég líka spelt en ekki hveiti en í augnablikinu er það talið hollara. Reyndar þykja mér marengskökurnar sem systir mín bakar bragðbetri en speltbrauð og ég held að óhollusta í hófi sé holl fyrir bæði börn og fullorðna.

MÁNUDAGUR, 24. SEPTEMBER.

Hugsvölun og heimspeki

Einu sinni fyrir langa löngu reyndu Jesúítar að kenna mér heimspeki. Það var í kaþólska háskólanum í Dublin. Ekki höfðu blessaðir prestarnir erindi sem erfiði því að mér þóttu þessi fræði bæði þurr og þungmelt og undarlega langt frá slagæð lífsins. Engu að síður náðu þeir að leiða mér fyrir sjónir að margir heimspekingar hafa verið prýðilega greindir og hugsað margt af skynsamlegu viti. Ekki sýndist mér þó að mikil gifta fylgdi heimspekinni því að margir helstu spekingar sögunnar voru þunglyndir bölsýnismenn og skrifuðu knúsaðan texta.

Til að mynda verður Schopenhauer seint flokkaður sem brandarakarl en engu að síður leynir hann á sér. Kímnigáfu hlýtur sá maður að hafa sem segir –„Lífið er hráslagalegt fyrirbæri. Ég ætla að eyða því í að pæla í því.“

Það var þó ekki almennur skortur heimspekinga á kímnigáfu sem olli því að ég átti erfitt með að festa hugann við heimspekinámið heldur sú staðreynd að ég gat ekki með nokkru móti komið auga á að þessi þungbúna fræðigrein gæti komið nokkrum lifandi manni að notum. Þetta segir auðvitað meira um andlegan þroska minn á þessum tíma en heimspekina.

Í síðustu viku var ég að snuðra í Eymundsson og keypti af rælni lítið kver frá Mörgæsaútgáfunni bresku sem heitir „The Consolations of Philosophy“ og er eftir Alain de Botton. „Consolation“ þýðir jú huggun og mér þótti titillinn forvitnilegur. Alain þessi er fæddur í Sviss en menntaður og búsettur í Bretlandi og hefur sett sér það takmark að fjalla þannig um heimspeki að lesandanum finnist þessi fræði eiga erindi við sig.

Það er skemmst frá því að segja að Alain de Botton opnar upp á gátt fyrir manni dyr þar sem enga glufu var áður að sjá og leiðir mann að dúkuðu borði frjórrar hugsunar. Bókina um hugsvölun í heimspekinni gleypir maður í sig eins og reyfara og saknar þess að hafa ekki áður sóst eftir meiri félagsskap við karla eins og Sókrates (sem sættir mann við óvinsældir), Epíkúrus (sem sættir mann við að vera alltaf blankur), Seneca (sem sættir mann við vonbrigðin), Montaigne (sem sættir mann við að vera svona takmarkaður), Schopenhauer (sem sættir mann við vonbrigði í ástum) og Nietzsche (sem sættir mann við erfiðleika).

Þetta er frábær bók sem bæði huggar og gleður. Ég er feginn að ég skyldi ramba á hana hjá Eymundsson. Þegar ég er búinn að lesa hana aftur ætla ég að frelsa hana með því að skilja hana eftir á förnum vegi handa öðrum lesanda sem þarf á huggun heimspekinnar að halda.

Það var mál til komið að ég fyndi einhverja huggun því að satt að segja verð ég stundum voðalega niðurdreginn af því að mér finnst að allt umhverfi mitt hafi upplitast í risavöxnum heilaþvotti og hringsnúist um peninga og aftur peninga. Ef ekki krónur þá evrur. Ef ekki evrur þá dollara. Ef ekki peninga þá hlutabréf.

Það er endalaust framboð á upplýsingum en ekki visku, gulli en ekki verðmætum, hávaða en ekki kyrrð, vinnu en ekki tómstundum, streitu en ekki hvíld, samkeppni en ekki samkennd.

Bókin kostaði 1.495 kr. Innihaldið er á við nýbónaðan Porsche-jeppa, laxveiðijörð, Rolex-úr, og pönnukökur með rjóma og sultutaui. Ódýr bók en mikils virði.

Mikið vildi ég fá að lifa þann dag sem peningar verða loksins aflagðir sem mælikvarði á eitt eða neitt nema í hæsta lagi gangverð á sveskjusteinum.

FIMMTUDAGUR, 28. SEPTEMBER.

Syfjulegir dagar

Ég veit ekki hvort ég er einn um það, en í svona rigningarsudda dag eftir dag á ég mjög erfitt með að vakna á morgnana. Mér finnst ég eiginlega vera hálfsofandi allan guðslangan daginn.

Það gerir reyndar ekkert til því að ég þarf ekki að sinna neinum áríðandi verkefnum í augnablikinu. Ég er frjáls frá lyklaborðinu í bili.

Til jóla ætla ég að fást við það sem mér finnst skemmtilegast en það er að mála.

Svo ætla ég líka að frelsa nokkrar bækur.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Kraftmiklar ryksugur fyrir öll heimili

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er fáanlegt með vélini.

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele ryksugurnar.

Verð frá kr.:
15.990

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

HELGAR BOMBA

laugardag & sunnudag

LÆGRA VERÐ!

35% afsláttur

af ÖLLUM blöndunartækjum*

Eldhústæki, handlaugartæki, sturtutæki, baðtæki, sturtusett.

www.byko.is
vefverslun

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

BYKO
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

JERRY LEE LEWIS TÓNLISTARMAÐUR ER 72 ÁRA Í DAG.

„Annað fólk – það æfir sig og æfir... en fingurnir mínir eru með sitt eigið heilabú. Maður segir þeim ekki hvað þeir eiga að gera – þeir gera það sjálfir. Sannkölluð Guðs gjöf.“

Villingurinn og rokkgoðið Jerry Lee Lewis er sexgiftur. Hann kvæntist 13 ára frænku sinni 1957 og eignaðist með henni son sem drukknaði á þriðja ári.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 29. SEPTEMBER 1974

Auður Eir fyrsti kvenpresturinn

Þennan dag árið 1974 var Auður Eir Vilhjálmsson vígð til prests á Suðureyri við Súgandafjörð, en hún var fyrsta konan sem tók við prestsembætti á Íslandi. Þótt einstaka andmæli heyrðust vegna fordóma gagnvart konu í starfinu var til þess tekið hversu átakalítið vígslan gekk fyrir sig.

Á Norðurlöndum var dönsk kona fyrst kvenna vígð þjóðkirkjuprestur árið 1948, en næstu ár og áratugi var hart deilt um prestvígslu kvenna í Evrópu og Bandaríkjunum. Stóðu þær deilur sums staðar enn yfir í aldarlok þótt Íslendingar tækju þessari nýbreytni með tiltekinni stillingu.

Á Íslandi var fyrst minnst á þann möguleika að kona gegndi prestsembætti á Alþingi 1911, þegar samþykkt voru lög um jafnan rétt kynjanna til embætta. Ekki reyndi á þann rétt kvenna fyrr en 63 árum seinna.

Séra Auður Eir lauk guðfræðinámi 1962 en sótti ekki um embætti fyrr en tíu árum síðar; þá í Kársnesprestakalli í Kópavogi, og hlaut lítið fylgi. Tveimur árum síðar hafði enginn sótt um embætti sóknarprests í Súgandafirði og fór þá Auður Eir vestur og bauð sig fram. Súgfirðingar tóku kvenprestinum vel og herra Sigurbjörn Einarsson biskup fann engin rök gegn prestvígslu kvenna, sem varð til þess að Auður Eir var vígð til prests við virðulega athöfn, fyrst íslenskra kvenna.

MERKISATBURÐIR

1906 Landsími Íslands tekur til starfa.

1922 Norræna félagið stofnað í Reykjavík til að efla norræn samskipti.

1942 Nasistar myrða 16 þúsund gyðinga í Pinsk í Sovétríkjunum.

1947 Belgía, Lúxemborg og Holland mynda Benelux-sambandið.

1967 Söngleikurinn Hárið frumsýndur í New York.

1980 Flugvél lendir á Reykjavíkurflugvelli eftir sex stunda flug frá Færeyjum, en alla leiðina stóð þýskur maður á þaki vélarinnar.

1981 38 angórakanínur fluttar til Íslands til tilraunaræktunar.

1990 Nesjavallavirkjun í Grafningi formlega gangsett.

Í minningu Jónasar

Í dag gangast Vísindafélag Íslendinga og Háskóli Íslands fyrir ráðstefnu um vísindamanninn Jónas Hallgrímsson í hátíðarsal Háskóla Íslands, aðalbyggingu.

Jónas Hallgrímsson var eitt ástsælasta skáld íslensku þjóðarinnar. Í seinni tíð varð hann einn af færustu náttúrufræðingum Íslendinga og brautryðjandi á ýmsum sviðum vísinda. Til að minnast þess, og að nú eru liðin 200 ár frá fæðingu Jónasar, verður fjallað um vísindastarf hans frá ýmsum sjónarhornum á ráðstefnunni í dag, sem stendur frá klukkan 13.30 til 16.30. Fluttir verða fimm fyrirlestrar, en úrdrættir þeirra munu liggja frammi við upphaf ráðstefnunnar. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill. Að ráðstefnu lokinni verða bornar fram léttar veitingar í boði rektors Háskóla Íslands.

AFMÆLI

Pálmi Gunnarsson söngvari er 57 ára

Bera Nordal listasafnsstjórnandi er 53 ára

Ólafur Örn Haraldsson fyrrv. þingmaður er 60 ára.

Sigmundur Guðbjarnarson prófessor er 76 ára.

†

Ástkær sonur okkar, faðir, bróðir, mágur, barnabarn og frændi,

Finnbogi Már Ólafsson

Nottingham, Englandi,

lést á heimili sínu 19. september síðastliðinn. Minningarathöfn verður haldin mánudaginn 1. október í Lágafellskirkju, Mosfellsbæ, kl. 13.00.

Ólafur Ísleifsson
Sigríður Rósa Finnbogadóttir — **Völundur Þorgilsson**
Alma Hrund Hafrúnardóttir
Sigvaldi Búi Þórarinsson — **Sylvía Erna Ó. Waage**
Ollý Björk Ólafsdóttir
Eydís Björk Ólafsdóttir
Rósa Signý Ólafsdóttir
og aðrir aðstandendur.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Edda Ásgerður Baldursdóttir

til heimilis að Rjúpufelli 46,

verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 1. október kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið í Neskirkju.

Garðar Árnason
Guðný Svana Harðardóttir
Þóra Björk Harðardóttir — **Ómar Bjarni Þorsteinsson**
Árný Lilja Garðarsdóttir
Sigrún Jóna Baldursdóttir
Helgi Gunnar Baldursson
barnabörn og barnabarnabörn.

SAMTÖKIN '78: BJÓÐA ALMENNINGI Í OPIÐ HÚS Í DAG

Viljum vera hinsegin

„Stjórn Samtakanna '78 ákvað að opna hús sitt fyrir gestum og gangandi til að kynna þá fjölbreyttu starfsemi sem þar á sér stað,“ segir Katrín Jónsdóttir, fræðslufulltrúi Samtakanna '78. Boðið verður upp á skemmtilega dagskrá frá klukkan hálfellefu til fimm síðdegis í dag.

„Margt verður til skemmtunar en með þessu heimboði langar okkur að sækja gesti út fyrir okkar venjulega hóp, þótt vitaskuld sé hvert einasta mannsbarn hjartanlega velkomið,“ segir Katrín þar sem hún gerir fínt fyrir boðið og tekur til dýrindis veitingar.

„Við byrjum daginn með fræðslu Ingibjargar Guðmundsdóttur, formanns Félags aðstandenda samkynhneigðra, sem segir frá starfi þeirra. Þetta er ákaflega þarft félag sökum þess hve margir foreldrar verða miður sín þegar barn þeirra opnar sig með samkynhneigð sína, en félagið opnar dyr sínar fyrir þeim sem þurfa á stuðningi að halda,“ segir Katrín, sem verður sjálf með fræðslu um starf Samtakanna '78 í dag.

„Félagið verður þrítugt á nýja árinu og eru virkir félagar um 500 talsins. Mun fleiri mæta á opið hús á mánudögum og fimmtudögum, dansleiki og aðra viðburði. Sumir hringja til að tala um sín mál, en margir nota dansleiki til að fikra sig áfram og komast í samband við aðra. Samtökin haga seglum eftir vindi og hafa undanfarin ár varið kröftum sínum í að hafa áhrif á löggjafarvaldið varðandi giftingar og almenna réttarstöðu, en nú er það að sigla í höfn og þá tökum við önnur mál í brennidepil,“ segir Katrín og heldur áfram að telja upp viðburði á Opna Samtakadeginum.

„Klukkan 11 kynnir Sigurður Hermannsson fótboltafélagið St. Styrmi, sögu hommaboltans og hugmyndafræði. Eftir það kynnir Þorvaldur Kristinsson bókasafnið og les upp úr nokkrum gullmolum sem þar leynast. Anna Jonna Ármannsdóttir talar um Trans-Ísland, ungliðahópur Samtakanna '78 og Félag hinsegin stúdenta segja frá starfi hópanna, verðlaunastuttmyndirnar Góðir gestir eftir Ísold Uggadóttur og Bræðrabylta eftir Grím Hákonarson verða sýndar, Hilmar Magnússon segir frá Verndarvættunum sem er samstarfsverkefni Samtakanna '78 og Íslandsdeildar Amnesty International, og Fríða Agnarsdóttir segir frá blakliði KMK,“ segir Katrín, en undirritaðir verða tveir mikilvægir samstarfssamningar í tilefni dagsins.

„Annar er við Flugfélag Íslands um styrk handa fræðslustarfi á landsbyggðinni og hinn við félagsmálaráðuneytið um samstarf okkar um útgáfu nýs bæklings sem tengist Ári jafnra tækifæra. Bæklingurinn kemur út á ensku, tælensku, litháísku, pólsku og íslensku, og inniheldur ýmsan fróðleik fyrir samkynhneigða.

Samkynhneigð er hvorki viðurkennd í Póllandi né Litháen og eilíf slagsmál og barátta fyrir þá sem eru hinsegin þar. Því flýja margir samkynhneigðir flóttamenn til Íslands í von um betra líf,“ segir Katrín um þessa þjáðu minnihlutahópa í sínu föðurlandi.

Á opna húsinu segir Heimir Már Pétursson einnig frá Gay Pride í máli og myndum.

OPIÐ HÚS Samtökin '78 eru með opið hús fyrir gesti og gangandi í dag FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þátttaka almennings í Gay Pride á Íslandi er einstök í heiminum og sönnun þess að hátíðin er ekki bara hátíð samkynhneigðra heldur líka vina þeirra og fjölskyldna. Okkur finnst þessi mikla þátttaka þjóðarinnar yndisleg og merki þess að Íslendingum er annt um sína,“ segir Katrín, sem kýs að kalla homma og lesbíur hinsegin fólk.

„Hinsegin er langbesta orðið. Þetta er gamalt skammaryrði sem við tókum upp á arma okkar og snerum við, eins og gjarnt er um kúgaða félagshópa. Hin orðin móðga svosem engan, en okkur líkar langbest við hinsegin.“

thordis@frettabladid.is

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Albertsdóttir

Sóltúni 2, áður til heimilis að Teigagerði 15,

lést laugardaginn 22. september á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 1. október kl. 13.00.

Haraldur Sighvatsson — **Elfa Hafdal**
Jón Albert Sighvatsson — **Kristjana Markúsdóttir**
Emilía Sighvatsdóttir — **Halldór Jón Ingimundarson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Sigurður Jónsson

Hjallabraut 33, Hafnarfirði, áður Flókagötu 16a, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum þriðjudaginn 25. september. Útförin auglýst síðar.

Helga S. Ólafsdóttir
Jón Ólafur Sigurðsson — **Ragnheiður Þórðardóttir**
Guðný Sjöfn Sigurðardóttir
Þórarinn Sigurðsson
sonarsynir, langafabörn og langalangafabarn.

BÓNUS BÝÐUR BETUR BÓNUS BÝÐUR BETUR

KJÚKLINGUR 40% AFSLÁTTUR !
FERSKT LAMBAKJÖT OG BAJONSKINKA

BÓNUS

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
605 KR/KG.40% AFSLÁTTUR 363 KR/

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
299 KR/KG 40% AFSLÁTTUR 179 KR/KG.

HOLTA FERSK KJÚKLINGALÆRI
605 KR/KG. 40% AFSLÁTTUR 363 KR/KG.

BÓNUS BAJONSKINKA ÚR LÆRI 898 KR/KG.

BÓNUS NÝ REYKTUR
HAMBORGARHRYGGUR 898 KR/KG.

KS FERSKT LAMBAFILLET.
2998 KR/KG.
20% AFSLÁTTUR 2398 KR/KG

KS FERSKT LAMBALÆRI 1298 KR/KG
35% AFSLÁTTUR 844 KR/KG

KS FERSKUR LAMBAHRYGGUR
1398 KR/KG. -25% AFSLÁTTUR 1049 KR/KG

MYLLU HEIMILISBRAUÐ
375 GR 69 KR.STK.
HÁLFT BRAUÐ.

PEPSI MAX
2 LÍTRA FLASKA 89 KR..

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAG: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGUR: 12.00 TIL 18:00

HRAFN GUNNLAUGSSON „En hvað er það sem okkur finnst í frásögur færandi? Menn segja ekki miklar sögur af því þegar allt leikur í lyndi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hugsa aldrei um áhorfendur

Það vekur jafnan athygli þegar **Hrafn Gunnlaugsson** frumsýnir nýja mynd, sérstaklega ef hún er sautján ára gömul. Í samtali við *Bergstein Sigurðsson* ræðir Hrafn hvers vegna hann beið svo lengi með að endurgera Emblu, vonbrigðin með Hvíta víkinginn, sveitina, anarkistann í sér og hvers vegna Opinberun Hannesar er ein hans besta mynd.

Þetta er ákveðin frelsun, þessi mynd hefur hangið um hálsinn á mér eins og myllusteinn öll þessi ár og það hefur hvekkt mig,“ segir Hrafn Gunnlaugsson kvikmyndaleikstjóri um mynd sína Emblu, sem verður frumsýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í næstu viku.

Það er aðeins í vissum skilningi hægt að kalla Emblu nýjustu mynd Hrafns. Hún var tekin fyrir sautján árum en birtist á hvíta tjaldinu undir titlinum Hvíti víkingurinn; mynd sem Hrafn vill ekki kannast við. „Auðvitað hafa menn skammast út í þessa mynd og skammað mig fyrir hana en ég erekki sá sem átti að skamma, ég var ekki búinn að skila af mér verkinu.“

Hrökk af standinum

„Ég hafði alltaf séð fyrir mér tvö verk – dramatíska langmynd og sjónvarpsþætti, sem kæmu langmyndinni ekkert við. Á sínum tíma hafði ég skrifað þessa sögu, Emblu, og sjónvarpsþáttaröðina Hvíta víkinginn en fékk aldrei að segja söguna eins og ég vildi.

Það stóð þannig á að leikstjórasamningurinn sem ég skrifaði undir án þess að lesa hann nógu vel kvað á um að framleiðandinn hefði í rauninni úrslitavaldið um lokaklippinguna. Fram að þessu hafði ég ávallt verið framleiðandi að eigin myndum og þurfti ekkert að ræða hvernig ég klippti myndirnar saman. Þarna voru hins vegar meiri peningar í húfi og framleiðandinn fór að hafa skoðanir á því hvernig langmyndin ætti að vera, sem byrjaði á því að hann setti sig upp á móti valinu á aðalleikkonu, en hann vildi einhverja reynda leikkonu. Maria Bonnevie var aðeins fimmtán ára þegar við tókum myndina en ég vildi hafa þetta ungt fólk.

Svo fór hann að skipta sér af langmyndinni, heimtaði mikilfenglegar landslagssenur og slagsmál, og var með miklar meiningar sem endaði með því að ég hrökk upp af standinum. Fyrst ég fékk ekki að gera verkið eins og ég vildi kaus ég frekar að segja mig frá því. Út úr þessu kom einhver skelfileg mynd, sem ég sá reyndar ekki fyrr en þremur árum eftir frumsýninguna.“

Hrafn segir þetta ávallt hafa setið í sér, eins og barn sem hann hafi gengið með alltof langt fram yfir tíma. „Ég varð að fæða þessa mynd. Þetta snýst allt um hvort sagan haldi og á endanum settist ég niður og fór að vinna í efninu sem ég eyddi tveimur árum í að skrifa og taka. Ég hef sennilegt ekkert leyfi til þess samkvæmt samningum, en það er svo langt um liðið að kannski er enginn að spá í þetta.“

Fyrst og fremst sögumaður

Hrafn segist fyrst og fremst líta á sig sem sögumann, ekki kvikmyndagerðarmann. Kvikmyndin sé einfaldlega sá miðill sem hann valdi til að segja það sem honum lá á hjarta. Það hafi til dæmis verið reyndin með Óðal feðranna, hans fyrstu kvikmynd í fullri lengd, sem kom út árið 1980 og sagði frá togstreitunni í sveitunum eftir að fólki tók að fækka þar. „Það besta sem getur komið fyrir kotbændur er að flytjast á mölina og komast úr félagslegri einangrun. Ég hafði verið í sveit og horft upp á fólk, sérstaklega yngri menn og konur, sem langaði að mennta sig en komst ekki burt vegna þess að það var höfðað til samvisku þeirra, þarna ætti það heima og svo framvegis. Á haustin fór ég aftur til Reykjavíkur og skildi fólkið eftir í einangruninni og skelfingunni. Þegar maður sneri aftur næsta vor og allt sat við það sama en sjálfur var maður kominn ári lengra í námi. Mig hafði alltaf dreymt um að segja þessa sögu, og gerði það í Óðali feðranna, sem var eins konar sósíalrealískt eldhúsdrama.“

Fortíðin í Skáleyjum

Í sveitinni kynntist Hrafn samfélagi sem var í nánum tengslum við fortíðina og það hefur sett mark á kvikmyndir hans.

„Eftir að ég sá myndir eins og The Vikings með Kirk Douglas og Rauðu skikkjuna gerði ég mér betur grein fyrir að ég hafði allt aðra og öðruvísi sýn af þessu tímabili víkinganna í höfðinu, sem kom sjálfsagt til að því að ég var í sveit á Breiðafjarðareyjunum frá því ég var sex ára. Það var ekki komið rafmagn út í Skáleyjar þegar ég var þar. Amboðin voru þannig að það voru enn tálgaðir trétindar í hrífunum, ekki einu sinni komnir naglar eða neitt slíkt.

Þetta var að miklu leyti það þjóðfélag sem hafði verið hér öldum saman óbreytt. Þarna var borðað það sem náttúran gaf, kæstur skarfur, selkjöt, egg, siginn og saltur fiskur – nýmeti sást ekki fyrr en á miðju sumri. Þetta var í rauninni heimur sem hefur verið tiltölulega nálægt víkingatímanum – svona sá ég þennan heim fyrir mér.“

Trúir ekki á rómantíkina

Sú mynd sem Hrafn dregur upp af fortíðinni er þó allt annað en rómantísk. Veruleikinn er oftar en ekki skítugur og kaldur og honum er stundum legið á hálsi að velta sér upp úr ófögnuðinum. Hrafn gefur lítið fyrir það en segir að sú rómantíska mynd sem Íslendingar drógu upp af fortíðinni hafi verið fjarri lagi.

Hrafn segist vera búinn að segja flestar þær sögur sem honum liggi á hjarta. Hann segist þó geta hugsað sér að gera kannski tvær myndir sem honum finnst hann eiga óklárðar inni í sér, þótt ekki sé víst að sér endist heilsa og aldur til. „Mér finnst ég alltaf eiga eftir að gera unglingamynd og er með handritið tilbúið í kollinum á mér. Mig hefur líka alltaf dreymt um að gera mynd sem gerist á Íslandi um vetur. Um þetta landslag sem engin fyrirgefning er í þegar veður eru verst; þennan mikla blota og svell sem ekki er hægt að standa á og ekkert skjól. Skafrenninginn, sinustráin.

Ég þreifaði mig aðeins áfram með þetta í Myrkrahöfðingjanum en ég sé fyrir mér að þessi mynd gerist öll utandyra og maður þarf að vera við hestaheilsu ef maður ræðst í eitthvað svona lagað. Hrafninn flýgur er til dæmis að mestu leyti tekinn í veðri sem ekki var talið tökufært í. Ég fæ ennþá hroll þegar ég hugsa um þetta sumar sem við tókum hana en það skilaði sér í afar sérstakri áferð.“

Spurður hvað það sé við hið óblíða sem heillar hann segist Hrafn eiga erfitt með að festa fingur á það. „En hvað er það sem okkur finnst í frásögur færandi? Menn segja ekki miklar sögur af því þegar allt leikur í lyndi. Þetta er líka eins og að klífa fjöll, maður leitar alltaf að hærri og hærri tindi eða hrikalegri til að klífa, kannski er það sem kitlar mann.“

Of harður við sjálfan sig

Hrafn kveðst vera harður húsbóndi á tökustað. „Ég held að ég sé mjög harður. Og alltof harður við sjálfan mig því ég lofa mér því alltaf að koma ekki nálægt þessu meir í hvert skipti sem ég lýk við mynd. Ég er þá líka kominn með hálfgert ofnæmi fyrir vinnuferlinu, það er svo langt og krefst geysilega mikils úthalds. Ætli maður að setja mark sitt á myndina verður maður kafa í alla eðlisþætti hennar, tónlist, kvikmyndatöku, förðunina, leikmyndina, lýsinguna, handritið og svo framvegis. Þorri mynda er þannig að klippti maður burt titlana í upphafi, gætu þær allar verið eftir sama leikstjóra.“

ÚR EMBLU „Ég veit að María trúði alltaf að þarna væri stór og mikil mynd um þessa stúlku. Leikur hennar var afburða góður.“

Hrafn er líka tortrygginn gagnvart því að kenna til dæmis handritsskrif. „Ég held að ef maður hefur eitthvað að segja, er sögumaður, þá kemur sagan. Hafi maður sögu með upphaf, miðju og endi er ekkert mál að skrifa handrit. Það er búið að bregða yfir kvikmyndagerðina einhverju upphöfnu ljósi um að það þurfi að læra svo mikið. En þannig er í rauninni verið að færa allt í sama farveg svo útkoman verður alltaf eins. Það er hættan við allt listnám. Það sem kemur ungum listamönnum best er ákveðið uppsafnað magn af reynsluleysi og fífldirfsku. Þannig hafa bestu listaverkin orðið til.“

Fyrst og fremst iðnaður

Hrafn segist ekki hafa fylgst mikið með íslenskri kvikmyndagerð undanfarin ár, þó vissulega hafi komið fram góð verk. „Ég held að það sé ung og kraftmikil kynslóð að koma til sögunnar. En það er aftur á móti að ganga yfir sá tími þar sem menn eru svo uppteknir af forminu, ekki sögunni; eins og menn séu að leita að einhverjum heppilegum litteratúr upp í bókahillu til að filma. Fyrir mér er þetta ekki kvikmyndalist heldur kvikmyndaiðnaður. Það er kannski erfitt að draga skil þar á milli, nánast öll kvikmyndagerð er iðnaður en svo koma listaverk á milli.“

Þjóðin næsta viðfangsefni

Hrafn ferðast mikið um heiminn. Hann málar sér til dægradvalar en það lærði hann á sínum tíma í Víetnam. Þegar hann hefur tíma til nýtur hann þess að dytta að heimili sínu Laugarnesi. „Ég kann vel við að dunda við það, þetta er hálfgerð höggmynd. Þegar manni leiðist þá dúllar maður sér í því að breyta húsinu.“

Spurður hvað taki nú við segist Hrafn hafa ýmislegt í pípunum. „Ég gæti hugsað mér að gera mynd í framhaldi af Íslandi og Reykjavík í öðru ljósi sem ætti að heita Íslendingar í öðru ljósi. Mig langar að skoða samsetningu þessarar þjóðar, sjá hver hún er. Sennilega voru dönsku einokunarkaupmennirnir gyðingar, því í Danmörku voru lögin þannig að gyðingum var bannað að versla nema á Grænlandi, Færeyjum og Íslandi. Það hefur líklega komið mikið gyðingablóði hingað, eins og má jafnvel greina í mörgum mikilmennum. Já, það væri á margan hátt áhugavert að kvikmynda þjóðina.“

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Námskeið
fyrir aðstandendur geðklofasjúklinga

Námskeið fyrir aðstandendur geðklofasjúklinga verður haldið við Endurhæfingarmiðstöð geðsviðs LSH að Kleppi og hefst námskeiðið miðvikudaginn 17. október 2007. Námskeiðið verður á miðvikudögum frá kl. 13-16 í samkomusal í húsi iðjuþjálfunar að Kleppi.

Dagskrá námskeiðsins verður svohljóðandi:

Miðvikudaginn 17. október 2007

Einkenni og meðferð geðklofa	Nanna Briem sérfr. í geðlækningum

Miðvikudaginn 24. október 2007

Líðan fjölskyldu þegar einstaklingur veikist	Minerva Sveinsdóttir og Stefanía Sæmundsdóttir geðhjúkr.fr.
Um nauðungarvistanir og sjálfræðissviptingar	Kristófer Þorleifsson sérfr. í geðlækningum

Miðvikudaginn 31.október 2007

Meðferðarúrræði fyrir geðklofasjúklinga á geðsviði LSH: Bráðameðferð – Endurhæfing- Eftirfylgd	Kristófer Þorleifsson sérfr. í geðlækningum
Hugræn aðferlismeðferð og samskipti við geðklofasjúklinga	Brynjar Halldórsson sálfræðingur

Miðvikudaginn 7. nóvember 2007

Félagsleg þjónusta fyrir geðfatlaða	Þóra St. Pétursd. félagsráðgj.
Virkni í daglegu lífi	Fanney Bj. Karlsd. iðjuþjálfi

Miðvikudaginn 14. nóvember 2007

Listmeðferð sem meðferðarúrræði á geðdeild: Sköpun – tjáning- meðvitund Fyrirlestur og „Workshop“	Anna Gréta Hrafnsdóttir og Sólveig Katrín Jónsdóttir listmeðferðarfræðingar
Sjúkraþjálfun: Hreyfing – yoga og hugleiðsla	Martha Ernstdóttir sjúkraþj.

Miðvikudaginn 21. nóvember 2007

Eftirfylgd og umræður

Þátttaka tilkynnist fyrir 15. október í síma 543-4200 virka daga á milli kl. 9 -16 eða með tölvupósti á netfangið kristoth@landspitali.is. Reiknað er með að fjöldi þátttakenda verði ekki umfram 25. Námskeiðið er ókeypis.

Hvað er að frétta?

visir.is
Fyrstur með fréttirnar

FYRIR 30 ÁRUM Hilmar Helgason, fyrsti formaður SÁÁ, heldur ræðu á stofnfundi SÁÁ. Samtökin voru stofnuð 1977 af vímuefnafíklum sem þekktu það frá útlöndum hvernig mátti fá lækningu við sjúkdómnum og fluttu þekkingu með sér heim. Sviðsumgjörðin er stórkostleg.

Kjarkur til að breyta því sem ég get breytt

Viðsnúningur varð á íslensku þjóðfélagi 1. október árið 1977 þegar SÁÁ, Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, voru stofnuð. Konur og menn, er áður höfðu hvergi getað leitað sér hjálpar og meðferðar við áfengissýki og vímuefnaneyslu, áttu nú loks þann kost að fá inni hjá fagfólki sem hjálpaði þeim að komast aftur heil út í lífið og takast á við það – edrú. Í dag hafa um 20.000 manns einhvern tímann innritast á Vog. Tæp tíu prósent allra núlifandi íslenskra karlmanna sem eru eldri en fimmtán ára hafa farið á Vog og þar af hefur helmingur þeirra innritast oftar en einu sinni. ***Júlía Margrét Alexandersdóttir*** fór í gegnum myndaalbúmið og skoðaði stórar stundir úr kraftaverkastarfi SÁÁ í tilefni þrjátíu ára afmælisins.

FJÖLDASKÓFLUSTUNGA Fyrsta skóflustungan að meðferðarheimilinu í Vík árið 1991. Lengst til hægri má sjá Guðmund J. Guðmundsson, Jakann, sem ávallt var dyggur stuðningsmaður SÁÁ, taka stunguna.

BJÖRGÓLFUR OG BISKUPINN Hjónin Björgólfur Guðmundsson og Þóra Guðmundsdóttir ásamt biskupi Íslands, Pétri Sigurgeirssyni, og eiginkonu hans, Sólveigu Ásgeirsdóttur. Tilefnið er hátíðarhöld í Háskólabíói vegna fimm ára afmælis SÁÁ árið 1983. Á þeim tíma var Björgólfur formaður SÁÁ.

SÁÁ SPYR HVORKI UM STÉTT NÉ STÖÐU Þórarinn Tyrfingsson, Binni Berndsen blómasali, Jóhannes Jónsson, Björgólfur Guðmundsson og Sigurður Snævarr við fyrstu skóflustunguna að húsnæði SÁÁ, Vonar, í Efstaleiti.

AÐSTAÐA FYRSTU MEÐFERÐARSJÚKLINGANNA Svona litu herbergin út í fyrstu meðferðarstöðinni í Mosfellssveit árið 1977.

FYRSTA MEÐFERÐARHEIMILIÐ Fyrsta starfsstöð SÁÁ var opnuð í Reykjadal í Mosfellssveit í desember árið 1977. Húsið tók tuttugu sjúklinga í einu.

ELSKU ÁLFURINN Glaðleg gul vera hefur um áraraðir verið ein mikilvægasta fjáröflunarleið SÁÁ. Hann breytir um útlit frá ári til árs en sá upprunalegi líktist einna helst litlum skáta.

ALLIR HRESSIR Í SJÓNVARPSSAL SÁÁ vílaði ekki fyrir sér að efna til þjóðarátaks árið 1982 til að fjármagna byggingu nýrrar sjúkrastöðvar, Vogs. Var fjáröflunin ein sú umfangsmesta sem sögur höfðu farið af hérlendis og var hápunktur hennar sérstakur skemmtiþáttur í Ríkissjónvarpinu vorið 1983. Frægustu listamenn þjóðarinnar tróðu þar upp og lögðu SÁÁ-menn á ráðin um það að fá heimsfræga listamenn hingað til lands til að koma þar fram. Binni blómasali fór í félagi við Magnús Hreggviðsson út til Los Angeles að finna stjörnurnar og grínaðist með að hann kæmi til baka með sjálfa Sue Ellen en Dallas-þættirnir voru þá það heitasta. Þjóðin misskildi grínið og beið með öndina í hálsinum eftir sjálfri Sue. Úti kom sjálfur Sigurjón Sighvatsson þeim til hjálpar og var þó nokkuð af efni tekið upp þar ytra sem sauðsvartur almúginn fékk svo að berja augum hér heima. Þeir höfðu líka stóran fisk með sér í farangrinum er heim kom, þó ekki væri það Sue Ellen, heldur viðhaldið hennar, Ken Kercheval, er lék Cliff Barnes. Kercheval sprangaði um Reykjavík, ræddi við fjölmiðla og kynnti starfsemi SÁÁ áður en hann kom fram í sjónvarpsþættinum.

NÝLEGIR BÍLALEIGUBÍLAR

SANTA FE

**Á hverju ári fáum við hjá Bílalandi B&L nýlega bíla til sölu sem hafa verið í leigu hjá bílaleigum.
Bílarnir sem bjóðast núna eru í verksmiðjuábyrgð til júní 2009 og eru allir bílarnir söluskoðaðir af umboðinu.
Komdu og gerðu góð kaup í Hyundai Santa Fe, einum vinsælasta jepplingnum á markaðnum.**

Gott úrval á staðnum - fyrstir koma, fyrstir fá.

HYUNDAI SANTA FE - 3 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR *
(*GILDIR FRÁ NÝSKRÁNINGARDEGI Á BÍLALEIGUBÍLUM)



Verð áður kr. 2.900.000
Tilboð
kr. 2.250.000

Dæmi:
Hyundai Santa Fe
Nýskr: 06/2006, 2700cc
sjálfskiptur, ekinn 50.000 þ.

100% lán í 84 mánuði

Kr. 33.000 á mánuði*

*Bílasamningur m.v. 100% lán og mánaðarlegar greiðslur í allt að 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.

bíla B&L land
notaðir bílar
bilaland.is

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.

Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230.

575 1230

Stórfelldar breytingar framundan

Fjárlög ársins 2008 verða lögð fram á Alþingi og gerð opinber á mánudag. **Árni M. Mathiesen** fjármálaráðherra boðar í samtali við *Brján Jónasson* margvíslegar breytingar á framkvæmd fjárlaga sem ganga munu í garð við gerð fjárlaga ársins 2009.

ENGINN VELTINGUR „Ríkisstjórnin er eins og stórt olíuskip, menn taka ekki mjög krappar beygjur nema það verði mikill veltingur, og við erum ekki í þeirri stöðu í dag að við þurfum að búa til einhvern velting," segir Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áundanförnum árum hafa verið gerðar ýmsar breytingar á framkvæmd fjárlaga. Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra áformar nú enn frekari breytingar, með það að markmiði að stefnan í ríkisfjármálunum verði markvissari.

Á tímabilinu 1991-1995 var tekin upp svokölluð rammafjárlagagerð, þar sem hvert ráðuneyti fékk sinn útgjaldaramma og ráðherrarnir þurftu að forgangsraða innan síns ráðuneytis. Við upphaf síðasta kjörtímabils settu stjórnvöld sér svo í fyrsta skipti útgjaldamarkmið til lengri tíma, með það að markmiði að reka ríkissjóð í jafnvægi yfir hagsveifluna.

„Þessar breytingar hafa virkað vel, en þær hafa ekki leyst úr öllum málum hjá okkur," segir Árni. Í svokölluðum fjárreiðulögum er gert ráð fyrir því að lögð verði fram langtímaáætlun í fjármálum, sem hefur verið gert. Þar eru drögin lögð fyrir næstu þrjú ár á eftir.

„Við teljum núna, og það er í stjórnarsáttmálanum, að við ættum að fara lengra með þetta, og fara út í rammafjárlagagerð til nokkurra ára," segir Árni. Þannig verði sett upp áætlun um fjárlög næstu ára, og innan þess ramma verði verkefnum forgangsraðað. Þar með hafi hver ráðherra betri yfirsýn yfir það sem koma skuli, þó að rammi hvers ráðuneytis geti verið breytilegur milli ára.

„Þetta verður gert heildstætt og gæti jafnvel náð til alls kjörtímabilsins. Við erum að byrja að vinna í svona ramma fyrir kjörtímabilið sem var að hefjast. Þetta er í fyrsta skipti sem þetta er gert svo þetta verður kannski viðameira en það verður í framtíðinni. Við reiknum með að geta lagt fram svona ramma fyrir fjárlög næstu ára á vorþingi," segir Árni.

Siglingakort inn í kjörtímabilið

„Þetta verður siglingakort ríkisstjórnarinnar inn í kjörtímabilið og um þá hluti sem hún ætlar að gera. Þess vegna skiptir mjög miklu að vandað sé til verksins."

Hann segir þetta ekki gert samhliða fjárlagafrumvarpi nú vegna þess að vinna við fjárlögin hafi verið langt komin þegar ríkisstjórnin var mynduð.

„Ríkisstjórnin er eins og stórt olíuskip, menn taka ekki mjög krappar beygjur nema það verði mikill veltingur, og við erum ekki í þeirri stöðu í dag að við þurfum að búa til einhvern velting," segir Árni.

„Þetta ætti að leiða til þess að fjárlagagerðin verði ennfyrirsjáanlegri en hún hefur verið, og meiri stöðugleiki í þessum hluta, sem ætti að hjálpa efnahagslífinu að taka ákvarðanir sem byggjast að einhverju leyti á fjárlögunum," segir Árni.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um breytingar sem verða á fjárlagafrumvarpi í meðförum þingsins og með fjáraukalögum. Einnig hefur kastljósið beinst að stofnunum sem fara fram úr fjárheimildum, jafnvel ár eftir ár, og stofnunum sem safna dráttarvöxtum vegna vöruviðskipta við birgja. Öllu þessu stendur til að breyta að sögn ráðherra.

Breytt hlutverk fjáraukalaga

„Ég hef margsinnis sagt að það skorti aga í framkvæmd fjárlaga, og það séu ýmsir ósiðir sem menn hafa vanist á sem við þurfum að breyta," segir Árni. Hann segir ýmislegt hafa verið gert til að breyta þessum hugsunarhætti á undanförnum árum, og af því megi merkja árangur.

„Við teljum að við getum náð meiri árangri í þessu með því að breyta vinnubrögðunum. Róttækasta aðgerðin í þessu væri að ná fram breytingu á framkvæmd fjáraukalaga, þannig að áætlað verði fyrir óvissuþáttum á fjár-

METNAÐUR REKI STJÓRNENDUR ÁFRAM

Árni hyggst fylgja breytingum á fyrirkomulagi fjárlaga eftir með því að auka ábyrgð stjórnenda stofnana ríkisins.
„Þeir hafa í dag gríðarlega mikið frjálsræði í sínum ákvörðunum, og það hefur verið aukið á undanförnum árum. En einhverra hluta vegna hefur ekki tekist að láta ábyrgð fylgja því frjálsræði nægilega vel. Við þurfum að gera breytingar til að það verði, og það er hægt að gera það á ýmsa vegu."
Ríkisendurskoðun hefur hvatt til þess að stjórnendur sem ítrekað brjóti gegn fjárlögum verði áminntir formlega og þeim sagt upp ef þeir haldi uppteknum hætti.
„Ég tel að reynslan hafi sýnt að þessi verkfæri eru ekki mjög sterk. [...] Leiðin til þess að stjórnendur axli aukna ábyrgð í samræmi við það frjálsræði sem þeir hafa á ekki að þurfa að vera í gegnum einhver svoleiðis tæki. Það á fyrst og fremst að vera í gegnum metnað," segir Árni.
Til að skapa metnað hjá stjórnendum þarf ríkisreksturinn að vera í auknum mæli samanburðarhæfur milli einstakra stofnana, en ekki síður við almenna markaðinn.
Til viðbótar við rammaáætlun til fjögurra ára og breytingar á fjáraukalögum leggur Árni því fram tvær hugmyndir sem snúa beint að einstökum stofnunum. Þegar allar breytingarnar verða orðnar að veruleika segir Árni að stjórnendur ríkisstofnana verði komnir í umhverfi sem hjálpi þeim til að taka betri ákvarðanir, og nýta fjármuni ríkisins betur.
Spurður hvað verði þá um stjórnendur sem jafnvel í þessu breytta umhverfi standi sig ekki segir Árni: „Þá komum við aftur að hugmyndum Ríkisendurskoðunar, þá verða menn bara að finna sér einhvern annan vettvang til að starfa á. En ég vil leyfa mér að vera það jákvæður í garð stjórnenda hjá ríkinu, og vil meina að þeir geti flestir brugðist við breyttu og bættu umhverfi og gert betur."

RÍKISSTOFNANIR FÁI LÁN ÚR RÍKISSJÓÐI

Fyrri kosturinn sem Árni nefnir er að gefa ríkisstofnunum möguleika á því að sækjast eftir láni úr ríkissjóði.
Í dag hafa stjórnendur ríkisstofnana engar heimildir til að taka lán, önnur en eðlileg reikningsviðskipti, nema fyrir því séu gefnar sérstakar heimildir.
„Það gengur ekki að ríkisstofnanir geti verið í lánsviðskiptum í bankakerfinu, en til þess að ná því að skapa aðstæður sem eru líkari því sem gerist á almennum markaði í rekstri sem getur verið sveiflukenndur höfum við verið að skoða það að ríkissjóður geti lánað ríkisstofnunum, á viðskiptalegum forsendum og tilheyrandi vöxtum," segir Árni.
„Við sjáum að ríkisstofnanir eru í stórfelldum reikningsviðskiptum úti í bæ með háum dráttarvöxtum. Það er heldur ekki gott, og þá er það spurningin hvort þetta sé ekki betri kostur. En á endanum verður að taka á vandamálum í fjárlögum, en við erum að horfa á þetta í því samhengi að það væru engir möguleikar á auka fé í gegnum fjáraukalög."
Til þess að fá slík lán þyrfti yfirmaður ríkisstofnunar að sækja um slíkt, og rökstyðja hvers vegna væri þörf á láninu, og ekki síður hvernig standi til að greiða af láninu, enda myndu ekki gilda önnur lögmál um það en á almennum markaði, segir Árni.
„Þetta gæti orðið til þess að menn horfi á reksturinn á annan hátt, og horfist í augu við það ef það eru vandamál í rekstrinum – bæði þá stofnanirnar og ríkisvaldið," segir Árni.
Hann viðurkennir að vissulega geti verið ákveðin hætta á því að stofnanir fái lán, en þegar komi að því að greiða til baka fullyrði stjórnendur að skerða þurfi þjónustu ef greiða eigi af láninu.
Viðbrögð við slíku virðast ekki ljós, enda tillagan ekki fullmótuð.

KOSTNAÐUR VIÐ HÚSNÆÐI Í DAGSLJÓSIÐ

Seinni breytingin sem Árni vill gera til að auðvelda samanburð milli ríkisstofnana annars vegar og milli ríkisstofnana og fyrirtækja á markaði hins vegar er að reikna virði húsnæðis inn í rekstrarreikning stofnana.
Skipta má ríkisstofnunum í þrjá hópa eftir húsnæðisstöðu. Fyrsti hópurinn er í eigin húsnæði og hefur af því lítinn kostnað. Annar hópurinn er í húsnæði í eigu Fasteigna ríkisins, og greiðir leigu langt undir markaðsverði. Þriðji hópurinn leigir húsnæði á almennum markaði. Þetta torveldar mjög samanburð.
Þegar virði húsnæðis verður reiknað inn í rekstrarreikninginn fer það að skipta máli í rekstri stofnana og verða hluti af ákvörðunartökunni hjá forsvarsmönnum stofnana hvernig og hversu mikið húsnæði stofnanir eru með, og hvar það er staðsett á landinu eða innan einstakra svæða.
„Þetta gæti leitt til þess að stofnanir sæju sér hag í því að vera staðsettar annars staðar en þær eru í dag, annars staðar á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar á landinu. Þetta gæti leitt til betri nýtingar á húsnæði, og jafnvel þess að stofnanir verði í ódýrara húsnæði en þær eru í dag."
Árni tekur þó fram að til þess að geta selt fasteign muni áfram þurfa heimild í fjárlögum. Forsvarsmenn stofnana geti þá komið vilja sínum til þess að skipta um húsnæði á framfæri, og tekin verði afstaða til þess á næstu fjárlögum þar á eftir.
Þó að unnið hafi verið í þessari breytingu á húsnæðismálum ríkisstofnana um nokkurt skeið viðurkennir Árni að þessar breytingar geti orðið flóknustu breytingarnar sem til stendur að gera á framkvæmd fjárlaga. Því sé líklegt að þessi breyting verði að veruleika síðar en aðrar.

Leiðin til þess að stjórnendur axli aukna ábyrgð í samræmi við það frjálsræði sem þeir hafa á ekki að þurfa að vera í gegnum einhver svoleiðis tæki. Það á fyrst og framst að vera í gegnum metnað.

ÁRNI M. MATHIESEN
FJÁRMÁLARÁÐHERRA

lögum hvers árs í stað þess að koma með fjáraukalög til að fá heimildir fyrir óvissuútgjöldum. Við erum að undirbúa þetta núna, það verður ekki hægt að gera það í fjárlögum ársins 2008 en vonandi verður hægt að gera þetta í fjárlögum ársins 2009," segir Árni.

Hann segir að aldrei verði hægt að sleppa alveg við að leggja fram fjáraukalög, meðal annars vegna ýmissa reiknaðra stærða sem séu ófyrirsjáanlegar. Undanfarið hafa þess konar útgjöld verið um helmingur af fjáraukalögum.

Kallar á meiri aga

„Þetta ætti að kalla á meiri aga þegar menn eiga ekki þann möguleika að fá eitthvað út úr fjáraukalögunum. Það verður búið að áætla fyrir fram og það verður bara að duga," segir Árni. Þetta mun þýða talsverðar breytingar á fjárlagagerðinni, og í raun þarf allt kerfið að laga sig að þessari breytingu.

Með þessu mun aukast enn frekar pressan á einstök ráðuneyti að leysa úr vandræðum sem upp koma, til dæmis þegar ákveðnar stofnanir fara ár eftir ár fram úr fjárheimildum, og fá ár eftir ár heimildir á fjáraukalögum.

„Það þarf að leysa veikleikana í fjárlögunum sjálfum, og áður en menn geta farið að setja peninga í ný verkefni verða menn að vera búnir að leysa slíka veikleika. Svo er hægt að forgangsraða nýjum verkefnum," segir Árni.

Takmörkun á fjáraukalögum verður að setja í samhengi við rammaáætlun fjárlaga til nokkurra ára, segir Árni. Þannig verði ráðherrar að forgangsraða, og ef þeir vilji fara út í ný verkefni verði þeir að sleppa öðrum eða skapa svigrúm með öðrum hætti.

HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

Úrsvalar bárur

Úrsvalar bárur féllu fossum inn á bæði borð og í því drifaveðri stóðu dæstir drengir við austur dögum saman og höfðu varla við. Nú mætti ætla að þessar mannraunir hefðu stælt Þorvald til dáða, ungan mann og vaskan, sem vissulega hafði fyrr komið í mannhættur. En þótt hann hræddist ekki menn, þá brá nú svo við að honum féllust hendur þegar Ægir karl tók höndum saman við storminn illskufláan, lamdi skipið allt utan og steypti yfir það dætrum sínum, kaldlyndum og viðskotaillum og svo háum að ekki sá til himins fyrir þeim. Þetta góða og trausta skip sem hann hafði undir fótum, allt í einu var það ekki annað en lítil bytta eða skel sem hent var til og frá í markleysu.

Árni Bergmann: Þorvaldur víðförli (1994)

Bókaútgáfa fordæmd!

„Bókaútgáfa sögð fordæmd til að vera basl á svo fámennu málsvæði á hjara veraldar“, segir í undirfyrirsögn hér í Fbl. 2. september, og hljómar heldur ankannalega. **For** er þarna greinilega ofaukið, enda er síðar haft eftir Halldóri Guðmundssyni, að íslensk „bókaútgáfa sé **dæmd** til að vera basl...“ Það er eins og ekkert samhengi sé á milli greinar og fyrirsagnar – og ekki í fyrsta sinn sem ég rekst á það. Ég á erfitt með að skilja svona vinnubrögð. Hélt þessi starfsmaður kannski að fordæmd merkti **fyrirfram dæmd**? Í nútímamáli merkir so. fordæma yfirleitt að eitthvað sé stórlega ámælisvert eða svívirðilegt.

Þrennar skyrtur!!

Fataverslun auglýsir í Sjónvarpinu 2. september: Allar skyrtur – **þrennar** fyrir **tvennar.** Þrennar skyrtur? Á maður að trúa því að fullorðin manneskja sem semur texta fyrir auglýsingastofu fari sjálf út í búð og spyrji um **einar skyrtur**? Eða þá kannski **eina buxu?** Eru engin takmörk fyrir hvað alvöru fyrirtæki, í þessu tilviki auglýsingastofa, leyfir sér að bjóða viðskiptavinum sínum og almenningi? Ekki myndi ég skipta við fyrirtæki sem afskræmir málið svona hroðalega.

Féllu í jörðina

„Mótórhjólamenn féllu í jörðina“ – segir í fyrirsögn í Mbl. 3. september – kannski ofan í jörðina? Hingað til hefði ég haldið að menn **dyttu** af hjóli – eða **féllu** ef notað er hátíðlegt málfar, - og er satt að segja nógu alvarlegt þótt ekki fari menn á kaf í mold.

Taka niður

Önnur fyrirsögn í Mbl. sama dag og sýnu stærri, yfir þvera blaðsíðu: Taka þarf Lækjargötu 2 niður. Kannast lesendur við það orðfæri að taka niður hús? Er það hugsanlega aulaþýðing á **to take down** á ensku? Er hætt að rífa hús? Að vísu er hér um lagfæringu og endurbyggingu að ræða, en það réttlætir engan veginn svona orðalag.

Braghenda

Ég rakst óvænt á eyrarrósabreiðu utan í grýttri hlíð í þjóðgarðinum í Skaftafelli:

Eyrarrósin á sér stað í urð og grjóti,
sveigir höfuð suðrí móti
svo hún birtu dagsins njóti.

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

GULLFISKUR Í BÚRI

Kolbrún Ólafsdóttir uppgötvar leyndardóma Kínaveldis

Mér finnst afskaplega spennandi að kynnast alvegnýjum menningarheimi, heimi sem ég hafði áður aðeins upplifað í gegnum bækur eða kvikmyndir.

Ég var ekki búin að dvelja í Kína lengi þegar ég áttaði mig á því að ég var Kínverjunum jafnvel enn meira framandi en þeir voru mér. Hér í Kína eru vesturlandabúar vægast sagt öðruvísi og heimamenn eru ekkert að fela að þeim finnist það. Í hverfinu sem ég bý í er lítið um hvítt fólk og þar er stöðugt glápt á mig. Í lyftunni, í verslununum, á götunum, hvert sem ég fer mæti ég fólki með störu. Það bætir ekki úr skák að ég er alveg sérstaklega hvít á hörund (Það þykir þó frekar smart hér á bæ en er umræða í annan pistil).

KOLBRÚN ÓLAFSDÓTTIR ER NEMI Í ALÞJÓÐASAMSKIPTUM Í HÁSKÓLANUM Í PEKING.

Ég held að það sé óhætt að segja það að ég hef aldrei áður fengið aðra eins athygli. Ég er farin að skilja fullkomlega hvernig gullfiski í búri líður eða frægu fólki. En auðvitað er það ekkert skrýtið, því fyrstu dagana sem ég dvaldi hérna krossbrá mér sjálfri ef ég sá aðra hvíta manneskju svo sjaldgæft var það. Þá verður maður einnig fyrir ótrúlegri athygli þegar maður fer að versla.

Fyrst ber að nefna Silkimarkaðinn, sem er frægur fyrir að selja eftirlíkingar af þekktum merkjavörum. Þar kalla sölumenn og konur til manns á mjög frambærilegri ensku og hvetja mann til að koma og skoða í básinn þeirra og ef það dugar ekki til þá grípa þeir í handlegginn á manni og leiða mann svo í viðkomandi bás. Þetta er allt partur af stemningunni því á markaðnum er prútt í hávegum haft. Hins vegar þurfti ég að fara í nokkur skipti í verslanir sem selja tölvur, myndavélar, síma og aðrar tæknivörur. Þar kom mér á óvart hversu aðgangsharðir sölumennirnir eru.

Þetta eru ekkert öðruvísi verslanir en BT, Sony eða Apple eru heima. Ég gekk þarna um eina hæðina þar sem voru yfir hundrað básar og hver einasti sölumaður hrópaði á mig og jafnvel togaði í mig til að reyna að fá mig til að kaupa tölvu, myndavél eða GSM-síma. Ég tók eftir því að ég var eina manneskjan þarna inni sem fékk þessa meðferð, væntanlega vegna þess að ég leit öðruvísi út. Mig langaði mest til þess að hrópa á móti hvernig þeim dytti eiginlega í hug að það væri nóg að æpa á mig og toga í mig til að fá mig til að kaupa tölvu, myndavél eða GSM-síma. Ég væri eins og annað fólk og keypti slíkt aðeins ef ég þyrfti þess með. En það er verulega holl reynsla að átta sig á því að hinn vestræni maður er ekki nafli alheimsins og til er fullt af fólki í heiminum sem finnst maður stórfurðulegt fyrirbæri.

kolafs@simnet.is

HÖRÐ SÖLUMENNSKA Raftækjaverslun í Peking, þar sem maður er togaður inn á básana.

HELGARKROSSGÁTAN

Þú sendir SMS skeytið
JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ
á númerið 1900!

Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón.
Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON.

Dregið úr réttum svörum n.k.
fimmtudag kl. 12. - 99 kr. smsið

					84 MP & BH	LJÁ	FLÖKTA	BOR		SKARÐ	KLAFI	ETJA						
					FISKUR				KÚGUN ÁSTÆÐA									
					ÁTT GERVIEFNI			ÓGRYNNI TVEIR EINS			GÖSLA		SJÚK-DÓMUR	ÓNEFNDUR	GAMALL NYTJA-HLUTUR	↓		
	DAGATAL	KUSK	NÁÐHÚS	MEINLÆTA-MAÐUR		1				SÖGU FUGL								
LÆGSTA HITASTIG						MÓÐINS KUNNINGI						HEIMILI						
FUGL	3			VÆTLA FJANDANS				FORLÖG BETLARI						TIL DÆMIS DANS				
		STYNJA AUÐGA					ÍLÁT HLJÓM					EFNI LEIÐTOGI	2					
SEYTLAR					GLÁP				KÓF UPP-VAKNING				KEYRA ÓVILD					
FÆÐA					SAFNA SAMAN KYNKIRTILL						SKAMM-STÖFUN VOPNAÐ LIÐ				SKJÁLFA			
TIL			NEITUN				GRÍSKUR BÓKSTAFUR BÆR			SKINHELGI PÍPA								
BOX						ÖKUTÆKI ÞRÁ		4						TRJÁ-TEGUND		SKJÓL		
				SÍÐAN				ÞARMAR SKÓLI					SKAMM-STÖFUN SAMAN-BURÐART.					
											SPJÓTA							
				ILMUR						AFAR								

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

Sprengitilboð

Keyptu sófasett og fáðu sófaborð í kaupbæti*

***Ef keypt er eitthvað af eftirfarandi sófasettum fylgir sófaborð að eigin vali að verðmæti allt að 40.000 kr. með í kaupbæti.**

Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri

144.000kr GOTT VERÐ

Hornsófi 2+h+2 Roma

164.000kr GOTT VERÐ

Leður tungusófi 2+t 8027

239.000kr GOTT VERÐ

Hornsófi 2+h+2 6689

219.000kr GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 Dany

204.000kr GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 Nice

199.000kr GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 8181

199.000kr GOTT VERÐ



Leðursófasett 3+1+1 8183

156.000kr GOTT VERÐ

Púðahornsófi 2+h+2 Paris

149.000kr GOTT VERÐ

Tunguhornsófi 2+h+t 8922

249.900kr GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 8189F

199.000kr GOTT VERÐ

Leðursófasett 3+1+1 8185

158.400kr GOTT VERÐ



Bycastsófasett 3+1+1 Roma

Gildir til 2. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Ert þú stjarna framtíðarinnar?
Til að æfa þig þarftu hljóðnema og til að geta hlustað á æfingarnar þarftu heyrnartól. Hljóðneminn er með tveggja metra langri snúru, styrkleika uppá 600 óm, 100 – 8000 hz tíðni með -77+/-3 DB næmni. Hljóðneminn og heyrnartólin kosta 400 kr hvort um sig.

Fjarstýring á allt
Eða næstum allt. Þessi virkar á flestar tegundir sjónvarpa, afruglara, DVD og myndbandaspilara. Fyrir 400 krónur geturðu notað þessa einu á öll tækin.



Heyrnartól og hljóðnemi
Tilvalið til að spjalla við heimsbyggðina i gegnum tölvuna eða spila gagnvirka tölvuleiki. 800 krónur.

Lyklaborðsljós
Stingdu ljósinu í USB- tengið og þú getur unnið alla nóttina án þess að trufla aðra á heimilinu. 400 krónur.

Í ræktina
Þessi eru vatnsheld, fara inn í eyrað og kosta 200 krónur.

TIGER
Villidýr í verði
Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

STUÐ MILLI STRÍÐA Tímarnir breytast og mennirnir með

SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR SÝNIR ÁHUGA Á FÓTBOLTA

Mér er það enn í fersku minni þegar þá nýorðnir tengdaforeldrar mínir íhuguðu að afneita mér sökum þess að ég játaði í einu matarboðinu að hafa ekki minnsta grun um hver Guðjón Þórðarson væri. Ég var 17 ára og mig grunaði ekki að á því heimilinu jafnaðist þetta á við að játa þá synd að vita ekki hver Ólafur Ragnar Grímsson væri. Ég sá mér þann kost vænstan að lesa mér örlítið til í heimi knattspyrnunnar enda kærastinn í liðinu og stórfjölskylda hans mikið áhugafólk um sportið.

Skömmu seinna byrjaði ég að vinna sem blaðamaður á Skessuhorni, héraðsfréttablaði Vesturlands. Á milli þess sem ég skrifaði um bæjarmálin, álversáform og tók myndir af nýfæddum Vestlendingum mætti ég á fótboltaleiki og tók myndir af miklum móð. Fyrrgreindur kærasti í liðinu kom sér vel þegar kom að greinaskrifunum enda var markatalan yfirleitt einu upplýsingarnar sem eftir sátu í kollinum þegar heim var komið.

Svo liðu árin og á einhvern dularfullan hátt hefur íslenskur fótbolti borað sér leið inn að steinhjartanu. Mér finnst næstum því gaman að mæta á völlinn og hef gengið svo langt að horfa á beinar útsendingar frá leikjum annarra liða þegar ekkert skárra er í boði á öðrum sjónvarpsstöðvum. Guðjón Þórðarson, sem ég myndi jafnvel þekkja í sjón í dag, er auk þess mættur aftur í brúna hjá heimaliðinu og Íslandsmótið er spennandi sem aldrei fyrr.

Hins vegar finnst mér ennþá tímasóun af verstu gerð að horfa á erlendan fótbolta þar sem maður þekkir ekki nokkurn mann í eigin persónu og hefur engra hagsmuna að gæta. Skil heldur ekki hvernig Íslendingar nenna að velta sér upp úr því að einhver Múrínjó hafi verið látinn fara frá Chelsea þegar Eiður Smári er ekki einu sinni lengur þar. Hvurn djöfulinn kemur okkur það við? Mér finnst þetta eins og að fylgjast af áhuga með bresku undankeppninni í Eurovision.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ERT ÞÚ NÝI SÖNGVARINN Í BANDINU HANS BUBBA?

ÞRJÁR MILLJÓNIR Í PENINGUM OG PLÖTUSAMNINGUR BÍÐA SIGURVEGARA.

Stöð 2 leitar að nýjum rokksöngvurum af báðum kynjum fyrir Bandið hans Bubba, nýjan tónlistar- og skemmtiþátt Bubba Morthens.

Í áheyrnarprufunum fjórum gefst keppendum, 18 ára og eldri, færi á að koma fram og syngja fyrir Bubba. Keppendur ráða hvort þeir syngja óstuddir, spila undir sjálfir, notast við undirleik annarra eða syngja við undirleik af bandi.

Eingöngu er leyfilegt að flytja lög og texta eftir íslenska höfunda og aðeins er leyfilegt að syngja á íslensku. Lögin mega vera í nýjum útsetningum. Sá sem stendur uppi sem sigurvegari fær 3.000.000 króna, samning við umboðsmann og útgáfusamning að launum.

ÁHEYRNARPRUFUR

VESTFIRÐIR
KJALLARINN EINARSHÚSI
Bolungarvík - miðvikudaginn 10.okt.

NORÐURLAND
VÉLSMIÐJAN
Akureyri - miðvikudaginn 17.okt.

AUSTURLAND
RAUÐA TORGIÐ
Neskaupstað - miðvikudaginn 24. okt.

REYKJAVÍK
GAUKUR Á STÖNG
laugardaginn 3. nóv.

SKRÁNING ER HAFIN Á STOD2.IS

Kl. 13.30
Vísindafélag Íslendinga og Háskóli Íslands gangast fyrir ráðstefnu um vísindamanninn Jónas Hallgrímsson laugardaginn 29. september 2007 kl. 13.30-16.30 í hátíðarsal Háskóla Íslands. Jónas Hallgrímsson er eitt ástsælasta skáld þjóðarinnar en hann var einnig á sinni tíð einn færasti náttúrufræðingur Íslendinga og brautryðjandi á hinum ýmsu sviðum vísinda.

menning

menning@frettabladid.is

Van Gogh skrifar

The Morgan Library and Museum í New York býður um þessar mundir upp á sýningu á bréfum frá hollenska málaranum Vincent van Gogh.

Van Gogh var aðeins 37 ára þegar hann framdi sjálfsmorð, en hafði fram að því afkastað miklu. Hann er í dag einn frægasti málari veraldarsögunnar og því er það innlit í hugsanir hans sem sýningin veitir mörgum eflaust kærkomið.

Bréfin skrifaði van Gogh til vinar síns Emile Bernard og koma fram í þeim vangaveltur listamannsins um lífið og tilveruna. Hann skrifar meðal annars um fjármál sín og heilsu og hversdagsleg vandamál.

Bernard var einnig málari og veitir van Gogh honum uppbyggilega gagnrýni og ráðleggingar í bréfunum. Enn fremur skrifar hann um sín eigin verk og má finna í bréfunum rissur sem hann hefur teiknað til að gefa Bernard skýrari mynd af þeim. Má sjá í rissunum drög að mörgum af þekktari málverkum van Gogh.

Sýningin stendur í The Morgan Library and Museum í New York fram til 6. janúar á næsta ári. - vþ

VINCENT VAN GOGH Bréf hans koma nú almenningi fyrir sjónir í New York.

> Ekki missa af

Sýningu ljósmyndarans Denis Masi í Hafnarborg, en þar sýnir hann ljósmyndir af fólki á fjöldasamkomum. Sýningin stendur til 7. október og er aðgangur ókeypis. Hafnarborg er opin föstudaga til miðvikudaga frá 11-17 og fimmtudaga frá 11-21.

Ferðalag um skissubækur

Magnús Tómasson opnar í dag sýningu í Listasafni ASÍ sem ber yfirskriftina DRASL og undirtitilinn Ferðalag um skissubækur listamannsins.

„Það er kannski full hátíðlega til orða tekið að kalla þetta ferðalag um skissubækur. Hugmyndirnar að verkunum á sýningunni eru sumar hverjar komnar til ára sinna, en þær voru líkast til bara hripaðar niður á einhverja pappírssnepla frekar en í virðulegar skissubækur," segir Magnús og hlær.

Magnús er fæddur í Reykjavík 1943. Hann hélt sína fyrstu einkasýningu í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1962, þá aðeins 19 ára gamall. Ári síðar innritaðist hann í Listaháskólann í Kaupmannahöfn og útskrifaðist þaðan frá málaradeild og deildinni fyrir „Mur og Rumkunst" árið 1970. Þó Magnús væri við nám í Danmörku var hann í góðum tengslum við það sem var að gerast í myndlist hér heima og var hann einn af stofnendum Gallerís SÚM þegar það var stofnað 1968.

Verkin sem sjá má á sýningunni DRASL eru af ýmsu tagi. „Uppistaðan í sýningunni er annars vegar málverk og hins vegar verk sem eru steypt í steypujárn. Verkin eru kannski dálítið sundurleit enda hafa hugmyndirnar að þeim kviknað á mismunandi tímabilum. Heiti sýningarinnar ber það líklega svolítið með sér að hér er á ferðinni blanda af ólíkum hlutum."

Meðal þess sem sjá má á sýningunni er samansafn steyptra verka sem kallast Harðstjórn hlutanna. Verkin fjalla um draslið og óreiðuna sem sankast að fólki á lífsleiðinni. Einnig er á sýningunni málverkaröðin Samanburðarlandafræði, en þar blandar Magnús saman þekktum kennileitum frá ólíkum heimshornum.

„Hugmyndin á bak við þá myndaröð er að sýna að þekkt kennileiti deila oft formum. Þannig sýni ég til að mynda Baulu í Borgarfirði innan um pýramídana í Egyptalandi og Sigurbogann á Dyrhólaey. Það er önnur myndaröð á sýningunni sem ég kalla Formrím og vinn út frá svipaðri hugmynd. Sú myndaröð samanstendur af myndþrennum sem sýna hluti sem eiga fátt annað sameiginlegt en formið. Það má því segja að þetta séu form sem ríma hvort við annað."

Að lokum langar Magnús til að koma á framfæri þakklæti til Járnsteypunnar, sem sá um að steypa verkin á sýningunni, og til Listasafns ASÍ. „ASÍ stendur afskaplega vel að sínum sýningum og því er ánægjulegt að fá að vera þar með verkin mín."

Safnið, sem er við Freyjugötu 41, er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13 til 17 og aðgangur er ókeypis. vigdis@frettabladid.is

DRASL Magnús við eitt verkanna sem sjá má á sýningunni.

Salurinn
MIÐ 3. OKT og FÖST 5. OKT KL. 20
KÍNVERSK ÞJÓÐLAGASÖNGSKEMMTUN
Miðaverð 2500 kr
MIÐ 10. OKT KL. 20
GÍTARTÓNLEIKAR MANUEL BARRUECO
Miðaverð 2500 kr
FIM 11. OKT KL. 20
FJÖLSKYLDUFERÐ TIL AFRÍKU
Miðaverð 1500 kr. / ókeypis f. börn
FÖST 12. OKT KL. 20
TÍBRÁ: ÓPERUTÓNLEIKAR
Miðaverð 2000 kr / 1600
MIÐASALA HAFIN !
SPK SPARISJÓÐURINN
AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Huldar plánetur

Danski ljósmyndarinn Kim Linnet sýnir um þessar mundir í Gallerí Gel, Hverfisgötu 37. Sýningin nefnist „Dulin himintungl álfanna".

Á sýningunni eru níu stórar ljósmyndir sem sýna hnattlaga umhverfi. Þær eru teknar í Reykjavík, á Snæfellsnesi og á Reykjanesi. Eins og lögun myndefnisins gefur til kynna tákna þær níu plánetur sem alltaf hafa verið til en eru dags daglega huldar sjónum okkar.

Hver plánetumynd samanstendur af meira en fimmtíu stafrænum myndum, sem eru settar saman með því að nota ákveðið tölvuforrit. Þessi tækni gerir áhorfendum kleift að enduruppgötva fegurð og smáatriði kunnuglegs umhverfis með því að sýna það í nýju samhengi.

- vþ



HNÖTTUR Ein af ljósmyndum Kim Linnet.

BT

40.000 LÆKKUN

1GB Vinnsluminni
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

15.4" WXGA TruBrite skjár
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

Intel® Core Duo
Nýja fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

120GB Harður diskur
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 120GB hörðum disk.

Innbyggð netmyndavél og mikrafónn!

TAKMARKAÐ MAGN!!!!

TOSHIBA

PSAE0E-04T01GN5
TOSHIBA SATELLITE A200-1ML
Intel Core Duo T2080
15.4" TFT WXGA TruBrite
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð

OFFICE 2007

89.999
129.999

Ef keypt er með tölvu
9.999
14.999

BT LÁN™
Verð frá:
2.632
59 mánaða

BT ÚTSALA ÚTSALA BT

2.000 LÆKKUN

SONY
Sony CyberShot S650
DSCS650
7.2 Megapixlar Super HAD CCD
High Quality Sony lens
3x Optical zoom
f=35-105mm
2" LCD skjár 85 þúsund punkta
AA rafhlöður
100 myndir á hleðslu með skjá
Videoupptaka
24mb innbyggt minni
Memorystick duo
Þyngd 130gr

14.999
16.999

30% AFSLÁTTUR

320GB

Seagate
ST3320620A
320GB ATA100 16MB 7200

6.999
9.999

50% AFSLÁTTUR

SONY
MDR-V150
SONY HEYRNATÓL V150

2.499
4.999

BT ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!! BT

TOSHIBA

PSPB6E-02J023N5
TOSHIBA SATELLITE P200-1A2
Intel Core 2 Duo T7100
17" WXGA TruBrite skjár
ATI Mobility Radeon HD2400 128MB
- 895MB Hypermemory
2GB Vinnsluminni (1024x2)
200GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
HD DVD ROM / DVD RW
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Windows Vista™ Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð

20.000 LÆKKUN

169.999
189.999

BT LÁN™
Verð frá:
4.750
59 mánaða

20.000 LÆKKUN

TOSHIBA

PSU30E-01P01NN5
TOSHIBA SATELLITE U300-11Z
Intel Core 2 Duo T5450
13.3" TFT WXGA TruBrite
Intel GMA X3100 358MB UMA
2GB Vinnsluminni (1024x2)
1GB Intel Turbomemory
160GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Harman Kardon hátalarar
Bluetooth
3xUSB2 / FireWire /
Aðeins 1.85kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2 ára alþjóðleg ábyrgð

139.999
159.999

BT LÁN™
Verð frá:
3.956
59 mánaða

BT

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri

> TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

Tískuhúsið Kenzo hefur skapað sína fyrstu heimilislínu ásamt ítalska húsgagnafyrirtækinu Company Club House Italia og fyrstu vörurnar verða stofuborð, stólar, sófar og lampar. Kenzo Home opnar svo í París í janúar 2008.

Calvin Klein frumsýndi nýja förðunarlínu á tískuvikunni í Mílanó. Heilinn á bak við vörurnar er förðunarmeistarinn Mark Carrasquillo sem farðar stjörnur eins og Siennu Miller og Söruh Jessicu Parker.

Dýrasta kampavín heims var frumsýnt í **Chaumet-skartgripaversluninni** á Bond Street í London í vikunni. „Le Jeroboam" er stór flaska fyllt af Dom Perignon 1995 og flaskan er húðuð hvítagulli.

stíll

utlit@frettabladid.is

OKKUR LANGAR Í ...

Töffaralega svarta húfu, fullkomna í haustrokið. Frá Liborius, Laugavegi.

Fagurgyllt og handhægt veski, fullkomið í kokkteilboðin. Frá Liborius, Laugavegi.

Dömulega svarta og hvíta lakkskó sem poppa upp hvaða dress sem er. Frá Oasis, Kringlunni.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Tíska og áhrif hennar á hvíta tjaldinu

Kvikmyndir og tíska hafa alltaf tengst órjúfanlegum böndum og hvíta tjaldið hefur haft ótrúlega mikil áhrif á tískuhönnuði í gegnum tíðina. Tugir kvikmynda hafa sett mark sitt á sögu tískunnar. Klippingar, förðun, fylgihlutir og föt úr kvikmyndum endurspeglast alltaf á tískupöllunum. Svo að ég taki nokkrar sem dæmi þá dettur mér fyrst í hug hin klassíska „Breakfast at Tiffany's" þar sem hin fagra Audrey Hepburn klæddist einföldum svörtum kjól, sólgleraugum og perluhálsfesti. Brigitte Bardot skaut svo upp á stjörnuhimininn í Roger Vadim-myndinni „ Et Dieu Crea la Femme". Túberað, sítt hárið, þröngt hnésítt pils og íturvaxnar kúrfur í bikiní fengu bæði karlmenn og konur til að falla í stafi. Í „Blow-up" frá meistaranum Antonioni gengu fyrirsætan Veruschka og leikkonan Vanessa Redgrave í stuttum kjólum frá Mary Quant og háum lakkstígvélum og tískuhönnuðir hafa sótt innblástur til myndarinnar allar götur síðan. Öll tískufrík verða svo að leigja sér kvikmyndina „ Belle de Jour" eftir spænska leikstjórann Luis Bunuel. Þar klæddi Yves St. Laurent stjörnuna Catherine Deneuve í dásamlega dömulega kjóla sem eru reglulega endurskapaðir í hringrás tískunnar. Nær samtímanum kom „Pulp Fiction" með Umu Thurman með kleópötruhár, í svörtum buxum og hvítri skyrtu og „Marie Antoinette" eftir Sofiu Coppola en í kjölfarið kom korseletta og blúndubylgja frá John Galliano. Það er stórsniðugt að leigja sér klassísk kvikmyndameistaraverk, bæði til að gleðja augu og anda en líka til þess að fá innblástur fyrir fataskápinn í vetur.

BELLE DE JOUR Hin fagra Catherine Deneuve í evuklæðum.

FASSBINDER-LÚKKIÐ
Rautt hnésítt pils, mohair peysa og alpahúfa , og svört kápa við hatt og ökklastígvél frá Marc Jacobs. Að neðan: stuttir pelsjakkar og síð pils hjá franska tískuhúsinu Chloé.

KVIKMYNDIR FASSBINDERS VEITA INNBLÁSTUR:

GLAMÚR OG DRAMA

Nú stendur Alþjóðleg kvikmyndahátíð yfir í Reykjavík en meðal þeirra merku leikstjóra sem þar eru í kastljósinu er Rainer Werner Fassbinder. Þessi þýski leikstjóri þykir einn sá mikilvægasti í þýsku nýbylgjunni ásamt Werner Herzog og Wim Wenders. Verk hans á áttunda áratugnum fjölluðu um peninga, völd, kynlíf og sambönd: fullkomlega fallegt fólk í hræðilegum aðstæðum. Fatahönnuðir hafa lengi sótt sér innblástur í stíliseraðar myndir Fassbinders en þar voru konur ávallt fallegar, hvort sem þær voru vændiskonur eða ríkar eiginkonur. Sorgmæddar gamlar konur eru klæddar í háhæluð stígvél, terroristinn í „Móðir Kuster fer til himna" er klædd í svartan og hvítan kjól og æpandi bleika sokka, og í „Bitur Tár Petru von Kant" eru tvær leikkonur í hlutverkum sem lesbískt par í undarlegum sálar- og kynlífsleikjum íklæddar silfruðum kjólum, pelsum, hundaólum og brjálæðislegum hárkollum. Fassbinder, sem var samkynhneigður, vildi að allar leikkonurnar sínar litu út eins og Monroe, Dietrich eða Hayworth – alltaf elegant, alltaf stíliseraðar. Í haust og vetrartískunni eru tveir hönnuðir sem eru sérstakir áhugamenn Fassbinders, þeir Marc Jacobs og Svíinn Paolo Melim Andersson sem er nýbyrjaður hjá tískuhúsinu Chloé. Andersson sótti innblástur í myndina „Kínversk rúlletta" frá 1976 - blanda af síðum pilsum, pelsum, lakkskóm og veskjum. Jacobs sýndi settleg hnésíð pils ásamt munúðarfullum mjúkum peysum með belti í mittið og alpahúfur á höfðum í anda „Hjónaband Maríu Braun" og „Veronika Voss".

annabjornsson@frettabladid.is



www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

KONUR Í AÐALHLUTVERKI
Leikkonurnar Conny Froboess og Rosel Zech ásamt Fassbinder. Hanna Schygulla á sokkaböndum, Hanna Schygulla og Elisabeth Trissenaar í „Brúðkaup Mariu Braun“ og Hanna Schygulla og Margit Carstensen í „Bitur tár Petru von Kant“.

RÝMINGARSALA

Við ætlum að tæma lagerinn. **ALLT** á að seljast!!!

LOKA DAGUR

Opið í dag frá 10:00 - 16:00

Vorum að fá nýja sendingu af ömmum en þær seldust upp hjá okkur um síðustu helgi
og höfum nú bætt við okkur öfum og fjarskyldum frænkum.
Í dag göngum við svo enn lengra og seljum sálir okkar fyrir lítið fé.
Erum einnig með jólaskraut, jólaseríur, jólapappír, föndurvörur, púslur, spil,
skólavörur, myndaramma og fleira og fleira...
Egilsson hf. Skútuvogi 1d.
(ekið inn Barkarvogsmegin)

EGILSSON

> HÆTT AÐ DREKKA

Leikkonan Nicole Richie hefur nú skráð sig á nokkurs konar forvarnanámskeið þar sem þátttakendur eru uppfræddir um skaðsemi áfengis. Námskeiðið mun standa yfir í heila átján mánuði en Nicole er ólétt, komin sex mánuði á leið. Námskeiðið er ætlað fólki sem hefur verið sakfellt fyrir að keyra undir áhrifum oftar en einu sinni á sjö ára tímabili. Nicole hefur tvisvar verið fundin sek fyrir ölvunarakstur, árið 2003 og seint á síðasta ári.

fólk

folk@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rapparinn **P. Diddy**, einnig þekktur sem Puff Daddy eða Sean Combs, er ekki mikið fyrir að svara spurningum eða að fólk skipti sér af honum. Þetta kom berlega í ljós á næturklúbbi í New York í vikunni þegar saklaus starfsmaður, sem ætlaði að hleypa honum inn, spurði hann hversu margir væru með honum.

„Hann kom að hurðinni með fjóra gaura með sér. Þegar hún spurði hversu margir væru með honum varð hann brjálaður, kallaði hana „andskotans tík“ og óð bara inn,“ sagði sjónarvottur í samtali við New York Post.

Hvetur Bandaríkin áfram

Bono, söngvari U2, fékk fyrir skömmu afhent bandarísku Frelsisverðlaunin fyrir mannúðarstarf sitt í Afríku. Í ræðu sinni hvatti hann Bandaríkjamenn til að halda áfram að reyna að leysa vandamál heimsins.

„Þegar fátækt umlykur líf þitt ertu ekki frjáls. Þegar viðskiptalög koma í veg fyrir að þú getir selt matinn sem þú ræktaðir ertu ekki frjáls,“ sagði Bono. „Þegar þú ert munkur í Búrma og færð ekki inngöngu í musteri vegna þess að þú talar fyrir friði, þá er ekkert okkar í raun og veru frjálst.“

Bush afhenti verðlaunin

Bono og stofnun hans, Debt AIDS Trade Africa, fengu verðlaunin afhent úr höndum George Bush, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, sem fékk verðlaunin á síðasta ári ásamt Bill Clinton fyrir fjáröflun þeirra fyrir fórnarlömb fellibyljarins Katrínu og flóðanna í Suðaustur-Asíu.

Aðdáandi Bandaríkjanna

Í ræðu sinni sagðist Bono vera aðdáandi Bandaríkjanna vegna framlags þeirra til heimsins en tók þó fram að þjóðin ætti við hin ýmsu vandamál að stríða. „Bandaríkin ykkar snúast um það þegar Neil Armstrong gengur á tunglinu. Bandaríkin ykkar snúast um Marshall-aðstoðina fyrir Evrópubúa. Bandaríkin ykkar gáfu heiminum friðarsveitirnar,“ sagði Bono. „Bandaríkin eru ekki bara land, þau eru hugmynd. Þau eru frábær og kraftmikil hugmynd um að allir séu skapaðir jafnir og eigi rétt á ákveðnum hlutum. Á meðal þeirra eru líf, frelsi og leit að hamingjunni. Bandaríkin geta boðið upp á mörg frábær svör. Við getum ekki leyst öll vandamál heimsins en við getum leyst þau sem við getum.“

Fær Bono Nóbelsverðlaunin?

Frelsisverðlaunin voru stofnuð árið 1988 til að heiðra þá einstaklinga eða stofnanir sem berjast fyrir málefnum sem eru í takt við grundvallarhugmyndir Bandaríkjanna. Síðan fyrstu verðlaunin voru afhent hafa sex verðlaunahafar hlotið Friðarverðlaun Nóbels. Á meðal Frelsisverðlaunahafa eru Jimmy Carter, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, Hamid Karzai, forseti Afganistans, og hæstaréttardómarinn Sandra Day O´Connor.

BONO Söngvarinn Bono fékk afhent bandarísku Friðarverðlaunin fyrir mannúðarstarf sitt í Afríku.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

VOLVO S40. BARA FYRIR VISTHÆFT FÓLK.

Volvo S40. Volvo V50.
frumsýning
Opið milli kl. 12 og 16.
Brimborg Akureyri,
Reykjavík.

Hönnun Volvo S40 er dæmi um fallega stærðfræði. Fegurðin kristallar þau lífsgæði sem hönnuðir Volvo hafa að leiðarljósi. Þrjú kjörorð endurspegla þá velferð sem Volvo stefnir að: Gæði. Öryggi. Umhverfi. Stuðlaðu að eigin velferð. Veldu visthæfan bíl fyrir þig og þína. Komdu í Brimborg. Veldu lúxus. Veldu Volvo S40.

Visthæfustu Volvo S40:*

Volvo S40, dísil 109 hö, 1,6 lítra, CO2 129 g/km,
eyðsla 4,9 l/100km, verð frá 2.925.000 kr.

Volvo S40, tvíorka, bensín og lífetanól 125 hö, 1,8 lítra, FlexiFuel,
eyðsla (E85) 10,4 l/100km, verð enn óákveðið.

Volvo S40, bensín 100 hö, 1,6 lítra, CO2 171 g/km,
eyðsla 7,2 l/100km, verð frá 2.695.000 kr.

Komdu í Brimborg. Veldu lúxus. Veldu Volvo S40.

visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

GGI GROUP GREY ALMANNATENGSL

*Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Uppgefin eyðsla miðast við blandaðan akstur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

METRO AREA Dúettinn Metro Area þeytir skífum á Organ í kvöld.

Metro Area í vetrarpartíi

Plötusnúðadúettinn Metro Area frá New York þeytir skífum í vetrarpartíi útvarpsþáttarins Party Zone á Organ í kvöld. Metro Area, sem er skipuð þeim Morgan Geist og Deshran Jesrani, munu flytja sitt eigið efni í bland við annað. Einnig koma fram hljómsveitirnar Bloodgroup og Sometime, sem eru báðar að gefa út fyrstu plötur sínar.

Tilefni tónleikanna er vetrardagskrá Party Zone en þátturinn er sem fyrr á dagskrá Rásar 2 á laugardagskvöldum. Þetta er sautjánda árið sem þátturinn er í loftinu.

Fríða Sóley sigraði í Ford-keppninni

Ford-keppnin 2007 fór fram í Iðnó á fimmtudagskvöldið. Fríða Sóley Hjartardóttir bar sigur úr býtum í glæsilegri keppni, en tíu stúlkur kepptu um titilinn Ford-stúlkan 2007.

Fríða verður því fulltrúi Íslands í alþjóðlegri keppni í New York, þar sem verðlaunin eru samstarfssamningur við Ford-skrifstofuna að andvirði 250 þúsund dollara.

EVA MARÍA MATTADÓTTIR

TINNA HELGADÓTTIR

ODDNÝ ÞORSTEINSDÓTTIR

FRÍÐA SÓLEY HJARTARDÓTTIR

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Volvo. For life.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is

Hryllingsádeila á Reagan

Hryllingsmyndin The Tripper verður frumsýnd í kvöld á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík. Myndin er í anda Scream-þríleiksins þótt pólitísk ádeila sé ekki langt undan. Freyr Gígja Gunnarsson sló á þráðinn til leikstjórans Davids Arquette og ræddi við hann um Reagan og samstarfið við eiginkonuna.

SAMSTIGA HJÓN David Arquette og Courteney Cox unnu náið að gerð The Tripper og segir leikstjórinn að það hafi gengið stóráfallalaust. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

The Tripper segir frá hópi hippa sem fara í helgarferð á tónleikahátíð með vænan skammt af grasi. Hátíðarhöldin taka óvænta stefnu þegar brjálaður fjöldamorðingi tekur sig til og drepur mann og annan í líki fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, Ronald Reagan.

„Það má eiginlega segja að myndin hafi orðið til á þremur mismunandi tímapunktum í mínu lífi.“ David er augljóslega ekki alveg kominn á fætur ef marka má málróminn, sem er frekar rámur enda enn morgun í Los Angeles. „Hugmyndin kviknaði fyrst á reggí-tónlistarhátíð sem ég fór á í Kaliforníu árið 1999. Eitt kvöldið var alveg ótrúlega fallegt sólarlag og ég sat með vinum mínum og horfði á hippana á hátíðinni njóta lífsins. Á því augnabliki hugsaði ég með mér hvernig það væri ef brjálaður fjöldamorðingi stykki út úr einum runnanum og hæfist handa við að drepa þá alla,“ segir Arquette og bætir því við í óspurðum fréttum að þetta hafi nú verið á „villtu“ árunum hans. „Síðan er ég alinn upp á Reagan-tímabilinu og fylgdist með því þegar heimurinn og Bandaríkin sjálf breyttust vegna ákvarðana hans. Til að mynda fórum við að sjá heimilislaust fólk á götum úti, sem áður hafði verið óþekkt sjón. Og mig langaði einfaldlega til að gera upp þetta tímabil með mínu nefi. Þegar vinur minn sýndi mér síðan Reagan-grímu var þetta eiginlega komið.“

En þrátt fyrir að pólitískur undirtónn sé greinilegur vill leikstjórinn samt sem áður ekki gera mikið úr honum, segir The Tripper fyrst og fremst vera hryllingsmynd með skvettu af blóði og húmor. „Ég elska hryllingsmyndir og kímnina sem einkennir þær. Ég vildi vissulega að það væri einhver smá áróður en hann átti að vera í léttum dúr og alls ekki of þungur. Myndin er í raun skilaboð til stjórnmálamanna sem kvarta og kveina yfir hryllingi í kvikmyndum og tölvuleikjum en sjá ekki skelfinguna sem er í gangi beint fyrir framan nefið á þeim,“ útskýrir hann.

David vann náið að gerð myndarinnar með eiginkonu sinni Courteney Cox-Arquette, sem er hvað þekktust fyrir framlag sitt til Friends-þáttanna. Hann segir samstarfið hafa gengið stóráfallalaust fyrir sig þótt vissulega hafi einhverjir árekstrar átt sér stað. „Við eigum í frábæru samstarfi og unnum mikið saman við að koma myndinni á koppinn og Courteney aðstoðaði mig við að framleiða myndina,“ segir Arquette. „Auðvitað er þetta erfitt en maður má hvorki taka gagnrýni né athugasemdum of persónulega heldur leysa bara úr flækjunum ef einhverjar eru. Samskiptin verða að vera alveg á hreinu og að gera kvikmynd saman er ekki ólíkt því að vera bara í hjónabandi.“ - fgg

ÁLFABAKKA		
NO RESERVATIONS	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	L
NO RESERVATIONS VIP	kl. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30	
SUPER BAD	kl. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12
CHUCK AND LARRY	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
MR. BROOKS	kl. 8 - 10:30	16
BRATZ	kl. 12:30 - 3 - 5:30	L
DISTURBIA	kl. 10:10	14
ASTRÓPÍÁ	kl. 2 - 4 - 6 - 8	L
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 12:30 - 3	L
HARRY POTTER 5	kl. 12:30	10
KRINGLUNNI		
NO RESERVATIONS	kl. 6:10 - 8:20 - 10:40	L
MR. BROOKS	kl. 8:20 - 10:40	16
BRATZ	kl.1:30 - 3:50 - 6:10	L
LICENSE TO WED	kl. 6	7
ASTRÓPÍÁ	kl. 4 - 8	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10	14
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 1:30 - 3:50 DIGITAL	L
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 2	L

AKUREYRI		
NO RESERVATIONS	kl. 6 - 8 - 10	L
3:10 TO YUMA	kl. 8 - 10	16
BRATZ - THE MOVIE	kl. 2	L
ASTRÓPÍÁ	kl. 4	L
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 2 - 4	L
MR. BROOKS	kl. 6 síðustu sýningar	16
KEFLAVÍK		
CUCK AND LARRY	kl. 8 - 10:10	L
SHARK BATE	kl. 2 - 4	L
BRATZ THE MOVIE	kl. 3:40 - 5:50	L
SHOOT EM UP	kl. 8	16
VACANCY	kl. 10	16
LICENSE TO WED	kl. 6	L
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 1:30	L
SELFOSSI		
DISTURBIA	kl. 8 - 10:20	14
VEÐRAMÓT	kl. 5:50 - 8 - 10:20	14
KNOCKED UP	kl. 5:30	12
SHARK BAIT M/- ÍSL TAL	kl. 2 - 3:40	L
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 1:30 - 1:40	L

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000		
SUPERBAD	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
SUPERBAD LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
SHOOT'EM UP	kl. 8 - 10	16
HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 1.30 - 4 - 6	
HAIRSPRAY	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	
VACANCY	kl. 10.40	16
KNOCKED UP	kl. 5.20 - 8	14
BRETTIN UPP ÍSL. TAL	kl. 1.30 - 3.30	
THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL	kl. 1.30	

REGNBOGINN SÍMI 551 9000		
VEÐRAMÓT	kl. 3 - 5.40 - 8 - 10.20	14

Reykjavík International Film Festival
Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík
27. SEPTEMBER – 7. OKTÓBER 2007
DAGSKRÁ OG MIÐASALA Á WWW.RIFF.IS

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — 450 kr. í bíó!		
SUPERBAD	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	12
3:10 TO YUMA	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
CHUCK AND LARRY	kl. 3.20 - 5.40 - 8	12
VEÐRAMÓT	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	14
BOURNE ULTIMATUM	kl. 10.20	14
ASTRÓPÍA	kl. 4	

SÍMI 462 3500 — 450 kr. í bíó!		
SUPERBAD	kl. 5.50 - 8 - 10.10	12
CHUCK AND LARRY	kl. 8 - 10.10	14
HAIRSPRAY	kl. 4	
FOREVER, NEVER, ANYW... RIFF	kl. 6	
HÁKARLABEITA 600 KR.	kl. 2 - 4	
BRETTIN UPP	kl. 2	

Nýtt blóð á kvikmyndahátíð

GRÍMUR HÁKONARSON

GRÍMUR HÁKONARSON Sýnir Bræðrabyltu, ástarsögu um tvo samkynhneigða bændur sem glíma.

Um hvað fjallar myndin þín í stuttu máli?
Þetta er ástarsaga um tvo samkynhneigða glímumenn í afskekktri sveit.
Hvaðan færðu hugmyndir að myndum?
Ég veit það ekki, Bara ef ég er einhvers staðar í ró og næði.
Hver er uppáhalds leikstjórinn þinn?
Aki Kaurismäki, Woody Allen og Bernardo Bertolucci.
Uppáhalds kvikmyndin þín?
Happiness eftir Todd Solondz.
Hvað ætlarðu að sjá á RIFF?
The Bothersome Man, eitthvað með Fassbinder, 4 Months, 3 Weeks, 2 Days , sem vann gullpálmann í Cannes, Óbeislaða fegurð og The Edge of Heaven.

HAFSTEINN GUNNAR SIGURÐSSON

Um hvað fjallar myndin þín í stuttu máli?

Hún fjallar um Anton, miðaldra bílasala sem lætur gamlan draum rætast og kaupir sér kúrekastígvél.
Hvaðan færðu hugmyndir að myndum?
Bara frá lífinu og fólkinu í kringum mig.
Hver er uppáhalds leikstjórinn þinn?
Ég segi bara Ingmar Bergman af því að ég er staddur í Stokkhólmi.
Uppáhalds kvikmyndin þín?
Persona eftir Bergman.
Hvað ætlarðu að sjá á RIFF?
Ég er ekki búinn að kynna mér dagskrána vel en ætla að reyna að sjá einhverjar Fassbinder-myndir.

HAFSTEINN GUNNAR SIGURÐSSON Sýnir Skröltorma, mynd um miðaldra mann sem ákveður að kaupa sér kúrekastígvél.

VERA SÖLVADÓTTIR

VERA SÖLVADÓTTIR Sýnir Herra Hyde, mynd um mann sem þarf að mæta örlögum sínum þegar hann fær óvænta heimsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Um hvað fjallar myndin þín í stuttu máli?
Hún er um mann sem felur sig undir rúmi. Svo kemur líka ástarþríhyrningur inn í myndina.
Hvaðan færðu hugmyndir að myndum?
Yfirleitt úr bókum sem ég er að lesa. En líka úr hversdagsleikanum og öðrum bíómyndum.
Hver er uppáhalds leikstjórinn þinn?
Þeir eru svo margir. Það fer eftir því hvernig skapi ég er í. Stundum vil ég klassík eins og Hitchcock, svo annan daginn vil ég sósíalrealisma frá Ken Loach. Pedro Almodóvar og Woody Allen eru líka í svolitlu uppáhaldi.
Uppáhalds kvikmyndin þín?
The Servant frá 1964 eftir Joseph Losey. Harold Pinter skrifaði handritið. Hún er frábær.
Hvað ætlarðu að sjá á RIFF?
Girls Rock og nýta tækifærið og sjá Kaurismäki-mynd sem ég hef ekki séð. Kvikmyndahátíðin er með margar góðar myndir þetta árið svo ég vona að ég nái að sjá sem flest.

BENEDIKT ERLINGSSON

Um hvað fjallar myndin þín í stuttu máli?
Myndin fjallar um dauðans óvissa tíma, líka um margt annað í leiðinni.
Hvaðan færðu hugmyndir að myndum?
Úr lífi mínu og íslenskum fornsögum.
Hver er uppáhalds leikstjórinn þinn?
Ætli ég nefni ekki bara Nikita Mikailkov, Fellini, Woody Allen og líka Leni Riefenstahl.
Uppáhalds kvikmyndin þín?
Í augnablikinu er það Naglinn, 15 mínútna stuttmynd sem frumsýnd verður á næsta ári eftir mig.
Hvað ætlarðu að sjá á RIFF?
Mig langar að sjá Fassbindermynd, Kaurismäki, The Band´s Visit, stelpurokkið Girls Rock og fjölda annarra mynda.

BENEDIKT ERLINGSSON Sýnir Takk fyrir hjálpið, sem fjallar um kynni konu og manns á vegum úti sem reynast örlagarík.

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík

27. SEPTEMBER
7. OKTÓBER
2007

Regnboginn, kl. 21:00

Japan Japan

Imri er 19 ára gamall og nýfluttur til Tel Aviv. Hann dreymir um að fara til Japan en það er ekki víst að lífið sé neitt öðruvísi þar. Leikstjórinn Lior Shamriz svarar spurningum

Dagskrá, laugardagur 29. september

16:00
Regnboginn
Helvetica
Klaustrið
The Monastery

18:00
Tjarnarbíó
Þið, lifendur *You, the Living*
Regnboginn
Íslenskar stuttmyndir
El Ejido
El Ejido, The Law of Profit
Háskólabíó
Krakkinn minn gæti málað þetta
My Kid Could Paint That

19:45
Háskólabíó
Útlegð *The Banishment*

20:00
Tjarnarbíó
XXY
Regnboginn
Hinsta ferð
Taxi to the Darkside

Norræna húsið
Hjónaband Mariu Braun
The Marriage of Maria Braun

21:00
Regnboginn
Japan Japan

22:00
Tjarnarbíó
Miðnæturmyndir – Tónleikar, Trippið & Svartir sauðir
Regnboginn
Moskítóvandræðin og fleiri sögur
The Mosquito Problem
Ský á reiki
Drifting Clouds
Norræna húsið
Veronika Voss

22:30
Hlena *Hyena*
Ein hönd getur ekki klappað
One Hand Can't Clap

> Sigur hjá Stjörnustelpum

Kvennalið Stjörnunnar byrjaði vel í sínum riðli í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í handbolta því liðið vann frönsku meistarana í Metz, 23-22, í fyrsta leiknum í gær. Stjarnan byrjaði leikinn mjög vel og var meðal annars 11-6 yfir í hálfleik. Rakel Dögg Bragadóttir og Ásta Agnarsdóttir skoruðu báðar 7 mörk fyrir Íslandsmeistarana og Ásdís Sigurðardóttir kom næst með fjögur mörk. Stjarnan mætir ungverska liðinu Györi í dag og Michalovce frá Slóvakíu á morgun en tvö efstu liðin komast inn í Meistaradeildina.

sport
sport@frettabladid.is

HJÖRTUR HJARTARSON: MARKAKÓNGUR 1. DEILDAR OG KOMINN UPP Í LANDSBANKADEILDINA MEÐ ÞRÓTTI

Við gerðum okkur kannski óþarflega erfitt fyrir

Þróttur tryggði sér í gær sæti í efstu deild karla í knattspyrnu að ári þegar liðið lagði Reyni frá Sandgerði, 0-4, í lokaumferð 1. deildarinnar. Áður höfðu lið Grindavíkur og Fjölnis tryggt sér farseðilinn upp. Lengi vel virtist fátt koma í veg fyrir að Þróttur yrði deildarmeistari en liðið gaf lítillega eftir á lokasprettinum og varð að sætta sig við 2. sætið á eftir Grindavík.

„Þetta er fyrsta skiptið mitt með Þrótturum en mér skilst að þeir vilji oft fara erfiðu leiðina," sagði Hjörtur Hjartarson og var kátur með sumarið. „Við gerðum okkur kannski óþarflega erfitt fyrir þar sem við vorum með þetta í höndum okkar fyrir fjórum umferðum síðan, en það skiptir bara engu máli núna. Markmiðið var auðvitað að komast upp og við gerðum það og allir eru kátir, en það svíður kannski aðeins að hafa misst af efsta sætinu. Þegar allt kom til alls þá þurftum við reyndar bara nokkur mörk í viðbót," sagði Hjörtur, sem skoraði eitt marka Þróttar í 0-4 sigrinum á móti Reyni og varð þar með markakóngur deildarinnar með alls 18 mörk í 21. leik.

„Mér gekk ágætlega í sumar þó svo að ég eigi nú talsvert í land með að vera í 100 prósent líkamlegu formi og ég tel mig í raun eiga töluvert inni. Eigum við ekki að segja að ég hafi verið í svona 85% formi í sumar," sagði Hjörtur á léttum nótum, en hann er enn óviss með framhaldið.

„Eins og staðan er núna er allt óráðið með framtíðina. Ég er náttúrlega samningsbundinn Þrótturum næstu tvö árin en er kominn í þannig starf, sem íþróttafréttamaður, að það getur verið erfitt að sameina boltann og vinnuna ef vel á að vera. Ég verð bara að setjast niður með mínum vinnuveitendum og stjórn Þróttar og sjá til hvað sé í stöðunni og reyna að finna einhvern flöt á þessu," sagði Hjörtur að lokum.

ÚRSLITIN Í GÆR

1. deild karla í fótbolta

Leiknir R.-Víkingur Ó.	1-0
1-0 Hilmar Trausti Arnarsson (45.).	
Stjarnan-Njarðvík	2-3
1-0 Magnús Björgvinsson (24.), 2-0 Magnús Björgvinsson (36.), 2-1 Aron Már Smárason (56.), 2-2 Snorri Már Jónsson (78.), 2-3 Aron Már Smárason (89.).	
Fjarðabyggð-Grindavík	1-0
1-0 Guðmundur Andri Steinþórsson (5.).	
Reynir S.-Þróttur R.	0-4
0-1 Jens Elvar Sævarsson (5.), 0-2 Adolf Sveinsson (18.), 0-3 Hjörtur Hjartarson vsp. (75), 0-4 Skúli Jónsson (90.).	
ÍBV-Fjölnir	4-3
1-0 Ingi Rafn Ingibergsson (6.), 1-1 Davíð Þór Rúnarsson (17.), 2-1 Atli Heimisson (33.), 2-2 Davíð Þór Rúnarsson (59.), 2-3 Atli Viðar Björnsson (60.), 3-3 Andri Ólafsson (70), 4-3 Ian Jeffs (73.).	
Þór-KA	2-1
0-1 Ibra Jagne (9.), 1-1 Alexander Linta (55.), 2-1 Matthías Örn Friðriksson (67.).	

LOKASTAÐAN

Grindavík	**22**	**15**	**2**	**5**	**47-21**	**47**
Þróttur R.	22	15	2	5	47-24	47
Fjölnir	**22**	**14**	**3**	**5**	**61-29**	**45**
ÍBV	22	13	5	4	42-23	44
Fjarðarbyggð	**22**	**11**	**4**	**7**	**23-17**	**37**
Leiknir R.	22	6	7	9	22-27	25
Þór	**22**	**6**	**6**	**10**	**33-40**	**24**
Njarðvík	22	5	8	9	25-32	23
Stjarnan	**22**	**5**	**5**	**12**	**39-44**	**20**
Víkingur Ó.	22	5	5	12	22-33	20
KA	**22**	**5**	**4**	**13**	**14-45**	**19**
Reynir S.	22	3	7	12	22-62	16

Meistaradeildin í handbolta

Valur-Gummersbach	24-33

Mörk Vals: Elvar Friðriksson 5 (12), Baldvin Þorsteinsson 5/1 (7/2), Arnór Gunnarsson 4/2 (6/2), Hjalti Pálmason 3 (6), Ernir Hrafn Arnarson 3 (6), Sigfús Páll Sigfússon 2 (4), Ingvar Árnason 1 (1), Fannar Friðgeirsson 1 (6), Gunnar Harðarson (1).
Varin skot: Ólafur Gíslason 3 (16) 18,8%
Pálmar Pétursson 13 (33/1) 39,3%
Hraðaupphlaup: 9 (Baldvin 3, Arnór 2, Elvar, Ernir, Fannar, Ingvar).
Fiskuð víti: 4 (Sigfús, Arnór, Fannar, Gunnar).
Utan vallar: 8 mínútur
Mörk Gummersbach: Momir Illic 7 (9), Alexandros Alvanos 7 (12), Róbert Gunnarsson 5 (7), Kevin Jahn 3 (3), Verdan Zrnic 3/1 (6/2), Roman Pungartnik 2 (3), Adrian Wagner 2 (4), Kenneth Klev 2(5), Geofry Krantz 1(1), Oleg Kuleshov 1(1)
Varin skot: Goran Stojanovic 17 (40/2) 42,5%, Nandor Fazekas 1 (2/1) 50 %
Utan vallar: 6 mínútur

N1 DEILD KVENNA
Laugardagur 29. sept
Digranes kl. 12.30
HK - Fram
KA heimilið kl. 16.00
Akureyri - Haukar
Seltjarnarnes kl. 16.30
Grótta - Valur

N1 DEILD KARLA
Laugardagur 2. október
HK - Akureyri
Digranes kl. 16.30

Meistarar krýndir í dag

Lokaumferð Landsbankadeildar karla fer fram í dag þar sem skorið verður úr um hvort Valur eða FH verði Íslandsmeistari og hvaða lið endar í fallsætinu.

FÓTBOLTI Lokaumferð Landsbankadeildar karla fer fram í dag kl. 14.00 þar sem Íslandsmeistarar verða krýndir og eitt lið fellur úr deildinni. Fréttablaðið fékk því Ásmund Arnarsson, þjálfara Fjölnis, til þess að spá í spilin fyrir lokaátökin, en lið Fjölnis vann sér einmitt á dögunum sæti í efstu deild að ári.

Keflavík mætir ÍA í leik þar sem heimaliðið spilar upp á stoltið og vill væntanlega hefna ófaranna úr fyrri leik liðanna, en ÍA þarf hins vegar nauðsynlega á sigri að halda í baráttunni um þriðja sætið. „Það áttu sér stað ákveðin atvik í leiknum upp á Skaga fyrr í sumar og það verður fróðlegt að sjá hvernig liðin mæta stemmd í þennan leik, sem og stuðningsmenn liðanna. Lið Keflavíkur hefur verið heillum horfið upp á síðkastið en Skagaliðið hefur að öllu að keppa og ég á því von á Skagasigri, 0-2," sagði Ásmundur og útilokaði ekki að Bjarni Guðjónsson myndi skora í leiknum.

KR mætir Fylki í mikilvægum leik fyrir bæði lið, en KR er í bullandi fallbaráttu og Fylkir að berjast um þriðja sætið. „Það er mikið undir hjá báðum liðum og ég held að þetta verði hörku baráttuleikur sem endi með 1-1 jafntefli," sagði Ásmundur.

Breiðablik siglir lygnan sjó um miðja deild en sama verður ekki sagt um mótherja þeirra í Fram sem eru á kafi í fallbaráttunni. „Blikarnir hafa svo sem ekki að miklu að keppa en Framarar eru með bakið upp við vegg og ég tippa á að þeir nái að sigra í leiknum, 0-1, með marki frá Jónasi Grana," sagði Ásmundur, sem kvaðst þó hrifinn af spilamennsku Breiðabliks í sumar.

Víkingur vermir botnsætið fyrir lokaumferðina og þarf nauðsynlega á stigi eða stigum að halda þegar liðið mætir FH. Hafnarfjarðarliðið þarf einnig á sigri að halda í leiknum og verða að sama skapi að treysta á að HK vinni eða geri jafntefli við Val. „Víkingar eru vitanlega í vondri stöðu og FH þarf nauðsynlega á sigri að halda, en í raun hafa bæði liðin verið að ströggla dálítið upp á síðkastið þannig að ég held að 0-0 jafntefli verði niðurstaðan," sagði Ásmundur.

Valsmenn geta tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn þegar þeir mæta HK sem er í fallbaráttunni, en stendur þó best að vígi af kjallaraliðunum fyrir lokaumferðina. „Valsmenn eru með sjálfstraustið í botni og á blússandi siglingu og ég á ekki von á öðru en að þeir vinni leikinn öruggt, 3 eða 4-0 og verði í kjölfarið meistarar," sagði Ásmundur að lokum.

omar@frettabladid.is

BARÁTTA Valsmaðurinn Dennis Bo Mortensen hefur hér betur á móti FH-ingnum Tryggva Guðmundssyni í leik liðanna um síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SPÁ SPEKINGA FRÉTTABLAÐSINS UM ÚRSLITIN

Valur-HK	Öruggur heimasigur
Ásmundur Arnarsson	3-0
Guðni Kjartansson	2-0
Helena Ólafsdóttir	2-0
Jörundur Áki Sveinsson	4-0

Víkingur-FH	Jafntefli eða útisigur
Ásmundur Arnarsson	0-0
Guðni Kjartansson	1-1
Helena Ólafsdóttir	0-3
Jörundur Áki Sveinsson	0-2

Breiðablik-Fram	Tvísýnt
Ásmundur Arnarsson	0-1
Guðni Kjartansson	3-2
Helena Ólafsdóttir	1-1
Jörundur Áki Sveinsson	3-1

Keflavík-ÍA	Tvísýnt
Ásmundur Arnarsson	0-2
Guðni Kjartansson	2-1
Helena Ólafsdóttir	0-2
Jörundur Áki Sveinsson	2-2

KR-Fylkir	Jafntefli eða heimasigur
Ásmundur Arnarsson	1-1
Guðni Kjartansson	1-1
Helena Ólafsdóttir	1-0
Jörundur Áki Sveinsson	2-2

SIGRI FAGNAÐ Kristinn Hafliðason (lengst til vinstri) eftir sigurinn á FH.

Kristinn Hafliðason:

Getur náð einstökum árangri

FÓTBOLTI Valsmaðurinn Kristinn Hafliðason getur í dag orðið Íslandsmeistari með sínu þriðja félagi og um leið jafnað ársgamalt afrek Sigurvins Ólafssonar en FH var þriðja félagið sem hann vann titilinn með þegar Hafnarfjarðarliðið varð Íslandsmeistari í fyrra.

Kristinn hefur orðið fjórum sinnum Íslandsmeistari; 1997 og 1998 með ÍBV og svo 2002 og 2003 með KR. Kristinn hefur þegar upplifað það tvisvar sinnum að vinna titilinn í lokaumferðinni, en hann var í byrjunarliði ÍBV sem vann KR 2-0 í 18. umferð 1998 og einnig í byrjunarliði KR sem tryggði sér titilinn 2002 með 5-0 sigri á Þór í lokaumferðinni.

Kristinn getur því orðið fyrsti íslenski knattspyrnumaðurinn sem vinnur titilinn með þremur félögum í lokaumferðinni.

Kristinn hefur komið inn á sem varamaður í þremur leikjum í sumar, skorað eitt mark og átt eina stoðsendingu. **- óój**

Valur tapaði í gær 24-33 gegn Gummersbach í meistaradeildinni í handbolta:

Slæm byrjun varð Val að falli

HANDBOLTI Gummersbach vann næsta auðveldan sigur á Val, 24-33, þegar liðin mættust í fyrstu umferð riðlakeppni Meistaradeildarinnar í gærkvöldi. Þýska stórliðið keyrði yfir Val fyrstu 20 mínútur leiksins og lagði grunninn að öruggum sigri.

Gummersbach var númeri of stórt fyrir Val. Leikmenn liðsins virkuðu stressaðir og óöruggir enda fáir leikmenn liðsins sem hafa reynslu af svo stórum leikjum.

Þegar staðan var 3-3 skoruðu Valsmenn ekki í fjórtán mínútur og gestirnir náðu tíu marka forystu, 3-13. Snérist leikurinn í kjölfarið um það hvoru megin við tíu mörkin munurinn á liðunum yrði í lokin. Valsmenn sýndu karakter að missa lið Gummersbach ekki enn lengra frá sér og var gaman að sjá liðið fagna hverju einasta marki þótt munurinn á liðunum væri mikill.

Alfreð Gíslason, þjálfari Gummersbach, sagði eftir leikinn að hans lið hefði ætlað að nýta sér slæma byrjun Vals í N1-deildinni. „Það er ljóst á slæmri byrjun Vals að liðið skortir sjálfstraust og við ætluðum að nýta okkur það. Hefðum við ekki byrjað af krafti hefði sjálfstraust Valsmanna aukist og þá hefði leikurinn orðið erfiður. Valmenn eru með efnilegt lið sem ég þekki vel en ég hugsa að riðillinn sé of sterkur til að þeir komist áfram."

ÖLL SUND LOKUÐ Sigfús Páll Sigfússon leikmaður Vals reynir hér að finna leið framhjá Róberti Gunnarssyni leikmanni Gummersbach. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, var ánægður með síðustu 40 mínútur leiksins og sagði liðið geta byggt á því í komandi verkefnum. „Við munum byggja á góðri spilamennsku síðustu 40 mínúturnar. Við verðum betri með hverjum leiknum og fer þessi leikur í reynslubankann. Það er mjög gott að vera í svo sterkum riðli. Menn eru í þessu til að mæta þeim bestu og það mun bara styrkja okkur," sagði Óskar Bjarni í leikslok. **- gmi**

UNNU SÍÐAST FH Valsmenn hafa ekki unnið heimaleik í þrjá mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Valsmenn á heimavelli:

Unnu síðast heima í júní

FÓTBOLTI Valsmenn verða Íslandsmeistarar í fyrsta sinn í tuttugu ár vinni þeir HK á heimavelli sínum á Laugardalsvelli í dag, en það er annað en að segja það ef marka má gengi liðsins í Dalnum í sumar.

Valsliðið hefur ekki unnið í síðustu fjórum heimaleikjum sínum í deild eða bikar, á sama tíma og liðið hefur unnið sjö útileiki í röð. Síðasti heimasigur Vals var gegn FH 27. júní síðastliðinn.

Það bjargar kannski Hlíðarendapiltum að gengi HK á útivelli er hræðilegt, liðið gerði markalaust jafntefli í fyrsta útileiknum en hefur síðan tapað sjö útileikjum í röð með markatöluna 3-21 samanlagt. **- óój**

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Landsbankinn

LANDSBANKADEILDIN

Í DAG KL. 13:45

VALUR – HK Sýn
VÍKINGUR – FH Sýn Extra

Sýnd verða helstu atvikin úr öllum leikjunum í fallbaráttunni

ÚRSLITIN RÁÐAST

GOTT FÓLK

Leikirnir í Ensku úrvalsdeildinni á SÝN 2 frestast til kl. 16:15 vegna Landsbankadeildarinnar.

sýn
besta sætið

ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum.

> Dustin Hoffman

Dustin Lee Hoffman á gríðarlegan fjölda kvikmynda að baki. Áður en hann skaust upp á stjörnuhimininn með frammistöðu sinni í The Graduate vann hann fyrir sér í fatahengi, með því að vélrita gulu síðurnar í símaskránni, búa til blómakransa og smakka kaffi. Honum og Gene Hackman var spáð minnstri velgengni af útskriftarárgangi þeirra frá skólanum í Pasadena Playhouse. Hoffman bregður sér í kvengervi í kvikmyndinni Tootsie, sem Skjár einn sýnir í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR FINNST TYRA MEGA LEGGJA SIG

Af óendanlegum veruleikaþáttum

Ég horfði á fyrstu mínúturnar af nýrri þáttaröð, væntanlega númer sjöþúsundogsautján, af America's Next Top Model á Skjá einum um daginn. Það þóttu mikil tíðindi á mínu heimili. Tíðindin földust í því að ég væri ekki að horfa á fleiri mínútur. Ég og Tyra höfum nefnilega oft átt samleið áður, og hafa uppátæki hennar oftar en ekki flokkast með mest ómissandi sjónvarpsefninu í mínu horni sófans.

Nú er hins vegar svo komið að ég er komin með algjörlega argandi nóg af þessum þáttum, og raunar eiginlega öllum veruleikaþáttum. Mest nóg er ég samt komin með af þáttaröðum sem halda bara áfram og áfram og áfram. Fólk þarf að vita hvenær það á að hætta.

Ég tapaði dágóðum hluta af viti mínu þegar framleiðendur Lost sýndu fram á að þeir væru heiglar og héldu þáttaröðinni áfram eftir að fyrstu seríu lauk. Þeir hefðu frekar átt að hafa hugrekki til að leyfa henni að verða ein lítil heild í stað þess að þynna hana út í allan óendanleika.

Ég var á réttum aldri til að sitja límd við skjáinn þegar Sjónvarpið sýndi draumaþætti allra unglingsstúlkna, og þeirra unglingsdrengja sem höfðu líka áhuga á Jared Leto, My So Called Life, hérna um árið. Þáttaröðin naut fáránlegra vinsælda og var margverðlaunuð. Hún var samt ekki teygð yfir í aðra, og fyrir vikið stendur hún enn sem snilld út í gegn í minningunni.

Tyra hefði betur fetað í fótspor Claire Danes og félaga og lagt sig. Þá fyndist mér hún ennþá snillingur og ekki snargeðveik.

EKKI MISSA AF

▶ **20.15 Lukkuriddarar** SJÓNVARPIÐ

▶ **19.55 Tristan + Isolde** STÖÐ 2

▶ **20.00 Casanova** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **19.55 E-Ring** SIRKUS

▶ **22.00 House** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar 08.01 Gurra grís 08.05 Fæturnar á Fanney 08.16 Halli og risaeðlufatan 08.28 Snillingarnir 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.15 Sögurnar okkar 09.25 Leyniþátturinn 09.36 Bitte nú! 10.00 Latibær
10.30 Kastljós
11.00 Kiljan e.
11.45 Formúla 1 - Tímataka e.
13.15 07/08 bíó leikhús e.
13.45 Mótorsport
14.15 Sterkasti maður Íslands
14.45 Óútfyllt ávísun e.
16.25 Ofvitinn (9:10)
17.10 Útsvar e.
18.10 Táknmálsfréttir
18.20 Landsbankadeildin
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.35 Veður
19.45 Spaugstofan
▶**20.15 Lukkuriddarar** (12:13)
20.40 Verst af öllu (What's the Worst That Could Happen?) Auðmaður gómar innbrotsþjóf á heimili sínu og tekur af honum happahring hans. Meðal leikenda eru Martin Lawrence, Danny DeVito.
22.20 Svikráð (Persons Unknown)Öryggisvörður lendir í háska eftir skyndikynni með ungri konu. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
23.55 Stunga sporðdrekans e.
01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
04.20 Formúla 1

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Friday Night Lights
08.00 Kinky Boots
10.00 Moonlight And Valentino
12.00 Casanova
14.00 Friday Night Lights
16.00 Kinky Boots
18.00 Moonlight And Valentino (e)
▶**20.00 Casanova** Casanova er kvennagull og vanur því að fá allar þær konur sem hann vill.
22.00 The Cooler
00.00 Cinderella Man
02.20 Æon Flux
04.00 The Cooler

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Töfravagninn, Barney, Hlaupin, Fifi and the Flowertots 1, Refurinn Pablo, Gordon Garðálfur, Louie, Blanche, Könnuðurinn Dóra, Camp Lazlo 1, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Catch that Kid
12.00 Hádegisfréttir
12.25 The Bold and the Beautiful
14.10 Örlagadagurinn (17.31)
14.50 Whose Line Is It Anyway? 4
15.15 Men In Trees (15.17)
16.00 The New Adventures of Old Chr (8.13)
16.25 Two and a Half Men (6.24)
16.50 Hot Properties (8.13)
17.30 Tekinn 2 (3.14)
17.55 Næturvaktin
18.30 Fréttir
19.05 Prehistoric Park (4.6) Ótrúlega flottir þættir fyrir börn og fullorðna um risaeðlur og aðrar fornaldarskepnur. Hvað ef hægt væri að fara aftur í tímann og bjarga risaeðlunum frá því að deyja út og taka þær með til nútímans? 2006.
▶**19.55 Tristan + Isolde** Rómantísk ástarsaga með James Franco og Sophiu Myles í aðalhlutverkum. Mitt í stríði Írlands og Bretlands verður erfingi bresku krúnunnar ástfanginn af írskri prinsessu. Aðalhlutverk: Rufus Sewell, Sophia Myles, James Franco. 2006. Bönnuð börnum.
22.00 Psycho Endurgerð einnar mögnuðustu spennumyndar allra tíma. Mynd meistara Hitchcocks var frumsýnd árið 1960 en hér er á ferðinni ný útgáfa af sögunni um stúlkuna sem leitar hælis á afskekktu móteli sem Norman Bates rekur ásamt móður sinni. Aðalhlutverk: Julianne Moore, Vince Vaughn, Anne Heche. 1998. Stranglega bönnuð börnum.
23.40 Secret Window Hrollvekjandi spennumynd. Depp leikur rithöfund sem er sakaður um ritstuld af geðtrufluðum náunga sem tekur að ofsækja hann. Aðalhlutverk. John Turturro, Johnny Depp, Maria Bello. Stranglega bönnuð börnum.
01.15 Six Days, Seven Nights
02.55 Escape: Human Cargo
04.40 Two and a Half Men (6.24)
05.05 Hot Properties (8.13)
05.30 The New Adventures of Old Chr (8.13)
05.55 Fréttir
06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

07.00 Presidents Cup 2007
10.40 Valur - Gummersbach (e)
12.00 Presidents Cup 2007
13.45 Landsbankadeildin 2007 Valur - HK. Bein útsending frá leik Vals og HK í lokaumferð Landsbankadeildar karla.
16.30 Presidents Cup 2007
22.10 Spænski boltinn (Spænski boltinn 07/08) Útsending frá leik í spænska boltanum.
23.55 Box - Jermain Taylor - Cory Spinks (Jermain Taylor v Cory Spinks) (e)
01.30 Box - Jermain Taylor - Kelly Pavlik (Jermain Taylor vs. Kelly Pavlik) Bein útsending frá einvígi um WBC/WBO-titilinn í millivigt.

SÝN 2

08.25 Premier League World
08.55 PL Classic Matches
09.25 PL Classic Matches
09.55 Season Highlights
10.55 Premier League Preview
11.25 Man. City – Newcastle Enska úrvaldsdeildin
13.45 Tottenham – Arsenal Enska úrvalsdeildin
15.30 PL Classic Matches
16.00 Birmingham – Man. Utd. Enska úrvalsdeildin
18.10 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið Heimir Karlsson og Guðni Bergsson stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.
19.30 4 4 2 (e)
20.50 4 4 2 (e)
22.10 4 4 2 (e)
23.30 4 4 2 (e)

SKJÁREINN

07.00 Óstöðvandi tónlist
12.10 Vörutorg
13.10 Dr. Phil (e)
16.10 World's Most Amazing Videos (e)
17.00 Giada´s Everyday Italian (e)
17.30 According to Jim (e)
18.00 Family Guy (e)
18.30 7th Heaven Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að. Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakornin Eric og Annie eru með fullt hús af börnum og hafa í mörg horn að líta. Pabbinn er prestur og mamman er heimavinnandi húsmóðir. Elsti sonurinn byrjaður að reykja og á erfitt með að tolla í vinnu á meðan elsta dóttirin er farin að eltast við stráka.
19.15 Starter Wife (e)
20.05 Allt í drasli (e)
20.35 30 Rock (e)
21.00 Friday Night Lights (e)
▶**22.00 House** (e)
22.50 Tootsie Dustin Hoffman fer með aðalhlutverkið í grínmyndinni Tootsie, sem fjallar um sjónvarpsmann sem bregður á það ráð að dulbúa sig sem konu, til að fá eitthvað að gera.
00.45 Law & Order: Criminal Intent (e)
01.35 Heartland (e)
02.25 The Black Donnellys (e)
03.15 Backpackers (e)
03.45 Masters of Horror (e)
04.35 Tvöfaldur Jay Leno (e)
06.05 Vörutorg

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 23.40
Secret Window

Stöð 2 sýnir í kvöld myndina Secret Window með Johnny Depp. Myndin er byggð á sögu Stephens King með nafninu Secret Window, Secret Garden. Mort Rainey á velgengni að fagna sem rithöfundur, en þjáist nú af ritstíflu. Hann og eiginkona hans, Amy, standa í skilnaði, og Mort flytur sig því um set í afskekktan fjallakofa. Dag einn fær Mort heimsókn frá hinum dularfulla John Shooter, sem heldur því fram að Mort sé að stela sögunni hans. Í aðalhlutverkum eru Johnny Depp, John Turturro og Maria Bello.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
What's the Worst That Could Happen?
Sjónvarpið kl. 20.40

Bandarísk gamanmynd frá 2002. Auðmaður gómar innbrotsþjóf á heimili sínu og tekur af honum happahring hans en þjófurinn ætlar sér að ná honum aftur. Leikstjóri er Sam Weisman og meðal leikenda eru Martin Lawrence, Danny DeVito, John Leguizamo og Glenne Headly.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Óskastundin
08.00 Morgunfréttir
08.05 Útúr nóttinni... og inní daginn
09.03 Út um græna grundu
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Leitin að eldsneytinu
14.40 Tímakornið
15.20 Undir þaki
16.10 Orð skulu standa
17.00 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Auglýsingar
18.28 Hundur í útvarpssal
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Heimur óperunnar
20.00 Sagnaslóð
20.40 Hvað er að heyra ?
21.30 Ætti ég hörpu
22.15 Á hljóðbergi: Under Milk Wood - fyrri hluti
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

14.30 Hollyoaks (21.260)
16.30 Skífulistinn
17.15 Smallville (11.22) (e)
18.00 Bestu Strákarnir (23.50) (e)
Ofurhugi: trampólín
18.30 Fréttir
19.00 Talk Show With Spike Feresten (5.22) (e) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fær áhorfandann til að veltast um af hlátri.
19.30 The George Lopez Show(9.22) (e) George Lopez er fjölskyldufaðir sem á í stökustu vandræðum með að hafa stjórn á unglingsdóttur sinni og óþægum syni. Börnin eru þó ekki eina vandamálið því mamma hans er við það að gera hann vitlausan. 2005.
▶19.55 E-Ring (9.22) Spennuþáttur úr smiðju Jerry Bruckheimers með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrum CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
20.40 Skins (5.9) Átakanleg bresk sería um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.
21.30 The Sight Arkitektinum Michael Lewis er falið að endurhanna gamalt hótel í Lundúnum. Þetta er skemmtilegt verkefni en það truflar Michael þegar hann uppgötvar hjá sér nýjan hæfileika. Hann fer að skynja látið fólk í kringum sig, fólk sem virðist hafa yfirgefið þennan heim með sviplegum hætti. Aðalhlutverk: Andrew McCarthy, Kevin Tighe, Amanda Redman, Jessica Oyelowo. Stranglega bönnuð börnum.
23.00 Most Shocking
23.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Chanel: A Private Life **13.00** Diet Trials **13.30** Diet Trials **14.00** Truth About Killer Dinosaurs **14.30** Extreme Animals **15.00** Animal Camera **15.30** Animal Camera **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** Strictly Come Dancing - The Story So Far **19.00** The Lost Prince **20.30** Lenny Henry in Pieces **21.00** Absolutely Fabulous **21.30** The Catherine Tate Show **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** The Lost Prince **0.30** Lenny Henry in Pieces **1.00** Absolutely Fabulous **1.30** The Catherine Tate Show **2.00** Animal Camera **2.30** Animal Camera **3.00** Location, Location, Location **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla 5.00 Boogie Beebies **5.15** Tweenies

DR 1

13.25 Olsenbanden på sporet **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Alfons Åberg **15.40** Peddersen og Findus **15.55** Mira og Marie **16.00** De store katte **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Kronprinsparret i New York **17.35** Huset på Christianshavn **18.00** Robin Hood **18.45** Olsen-banden deruda' **20.20** Inspector Morse **22.05** Brølende kæmper **5.30** Mickeys klubhus **5.55** Byggemand Bob

NRK 1

11.45 VM fotball, kvinner **14.00** Beat for beat **15.00** Sammendrag VM fotball, kvinner **15.30** Friidrett: Verdensfinalen i Stuttgart **16.00** Jubalong **16.30** Thomas P **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Riksarkivet **18.20** Lyden av lørdag **19.25** Med hjartet på rette staden **20.10** Løvebakken **20.35** Norsk attraksjon **21.05** Kveldsnytt 2**1.20** VM fotball 2007, kvinner: VM-magasin **21.35** Blow Dry **23.00** Usett: Bare Egil **5.30** Stå opp! **5.45** Mumfie **6.00** Ugler i mosen

SVT 1

11.30 Mitt i naturen **12.00** Niklas mat **12.30** Andra Avenyn **13.00** Andra Avenyn **13.30** Andra Avenyn **14.00** Uppdrag Granskning **15.00** Doobidoo **16.00** Bolibompahelg **16.05** Disneydags **17.00** Barnens detektivbyrå **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Svensson, Svensson **18.30** Babben & co **19.30** Brottskod: Försvunnen **20.10** Out of Practice **20.35** Rapport **20.40** Rädd för hajar **21.10** Upp till kamp **22.40** The Escort **0.25** Sändningar från SVT24 **6.00** Bolibompahelg

PERSÓNAN

Hilmar Snorrason

Aldur: Ég er fimmtugur.
Starf: Skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna og skipstjóri á skólaskipinu Sæbjörgu.
Fjölskylda: Ég er giftur og á tvö börn, tengdason og tvö barnabörn.
Foreldrar: Faðir minn hét Snorri Júlíusson og var sjómaður. Móðir mín hét Sigríður Petrín Guðbrandsdóttir og var húsmóðir.
Búseta: Ég bý í Reykjavík í Bústaðahverfinu.
Stjörnumerki: Tvíburi og stoltur af því.

Hilmar Snorrason var í fréttum í vikunni fyrir að segja að mikill misbrestur væri á því að sjómenn stunduðu lífsnauðsynlegar öryggisæfingar um borð í skipum sínum.

Birgitta með glæsilegan trúlofunarhring

Ekki verður annað sagt en að lífið leiki við söngkonuna Birgittu Haukdal. Á myndum sem teknar voru fyrir væntanlega sólóplötu söngkonunnar skartar hún glæsilegum trúlofunarhring á hægri hendi en hún og unnusti hennar, Benedikt Einarsson, trúlofuðu sig fyrir nokkru.

Birgitta vildi hins vegar lítið tjá sig um dýrgripinn góða í samtali við Fréttablaðið en sagðist á hinn bóginn vera með fiðring í maganum yfir plötunni. „Ég er kannski ekki dauðskelkuð en ákaflega spennt," segir Birgitta. Hún semur mestmegnis af lögunum og textunum sjálf eða í samstarfi við upptökustjórann og góðvin sinn, Vigni Snæ Vigfússon.

Fyrsta smáskífan er þegar farin að óma á öldum ljósvakans en það er gamli Scorpions-smellurinn Winds of Change sem Birgitta hefur snarað upp á íslensku. Lagið hefur þegar vakið þó nokkra athygli og hafa menn velt því fyrir sér af hverju hún hafi valið einmitt þetta lag.

„Ég man eftir þessu lagi frá því að ég var lítil stelpa og það kveikti alltaf í mér þá. Svo heyrði ég það aftur fyrir þremur árum og ákvað að skrifa nafnið niður. Þegar við Vignir fórum síðan að vinna að plötunni kom lagið upp úr kafinu og við ákváðum að gera smá tilraun með það," segir Birgitta en platan er væntanleg í búðir í byrjun nóvember.

- fgg

SPENNT FYRIR SÓLÓSKÍFUNNI Birgitta skartar glæsilegum hring á myndum sem voru teknar fyrir plötuna en vildi lítið tjá sig um dýrgripinn.



LÁRÉTT 2. tæma **6.** mannþvaga **8.** gláp **9.** pili **11.** til dæmis **12.** hreinskilið **14.** eiturlyf **16.** ekki **17.** síðan **18.** angan **20.** í röð **21.** krafs.
LÓÐRÉTT 1. þurft **3.** einnig **4.** einangrun **5.** á móti **7.** hringfari **10.** eldsneyti **13.** blaður **15.** rúm **16.** trjátegund **19.** eldsneyti.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. losa, **6.** ös, **8.** góa, **9.** rim, **11.** td, **12.** fróma, **14.** krakk, **16.** ei, **17.** svo, **18.** ilm, **20.** íj, **21.** klór.
LÓÐRÉTT: 1. þörf, **3.** og, **4.** sóttkví, **5.** and, **7.** sirkill, **10.** mór, **13.** mas, **15.** koja, **16.** eik, **19.** mó.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

ARNAR EGGERT THORODDSEN: SKRIFAR BÓK UM EINAR BÁRÐARSON

Nútíma Einar Ben

„Einar hafði samband við mig í vor og var með hugmynd að bók," segir tónlistarblaðamaðurinn Arnar Eggert Thoroddsen en hann er ásamt Einari Bárðarsyni að ljúka við bók þessa dagana um Einar sjálfan og hans störf sem hlotið hefur nafnið Öll trixin í bókinni. Bókin verður gefin út fyrir jólin á vegum JPV. „Einar og Kristján B. Jónasson höfðu lengi gengið með þessa bók í maganum og Kristján stakk upp á því að Einar bæði mig að skrifa bókina. Við Einar fórum að ræða saman og þetta small bara, en bæði efni og efnistök breyttust töluvert eftir því sem á leið."

Í bókinni segir Einar frá því sem á daga hans hefur drifið á ferlinum. Arnar Eggert leggur þó áherslu á að ekki sé um ævisögu að ræða. „Þetta er ekki ævisaga, enda er maðurinn ekki nema 35 ára gamall. Einar er öllu heldur að miðla af reynslu sinni í þessum umboðsmanna- og tónlistarbransa, því sem hann hefur verið að vinna að í gegnum tíðina. Það hefur ekki alltaf gengið vel og í bókinni eru öll spilin lögð á borðið," segir Arnar Eggert.

Af nógu er að taka í bók sem þessari enda hefur Einar komið víða við. Hann tíndi flöskur eftir söngskemmtanir Sumargleðinnar sem ungur maður, samdi síðar lagið „Farin" fyrir hljómsveitina Skítamóral og rekur í dag umboðsskrifstofu í hjarta Lundúnaborgar, Mother Management, þar sem hann er með listamenn á borð við Garðar Thor Cortes og Nylon á sínum snærum. Af ójöfnum á leið Einars má nefna Eldborgarhátíðina á aldamótaárinu og sömuleiðis bindindishátíðina í Galtalæk en Einar viðurkenndi að mikill taprekstur á þeirri hátíð hefði komið illa niður á fyrirtæki hans Concert.

Arnar Eggert segir ástæðuna einfalda fyrir því að bókin þróaðist yfir í að verða bók um Einar og hans störf. „Þetta er auðvitað bara magnaður maður, það er nokkuð ljóst. Einar Bárðarson er nokkurs konar nútíma Einar Ben. Allt sem þessi maður hefur snert á undanfarið verður að gulli, þar með talið þessi bók."

sigrunosk@frettabladid.is

UMBOÐSMAÐUR ÍSLANDS Einar Bárðarson hefur gjarnan verið nefndur umboðsmaður Íslands enda hafa fáir náð lengra en hann í þeim efnum. Fyrir jólin kemur út bók sem fjallar um feril Einars.

EINAR ER NÚTÍMA EINAR BEN Arnar Eggert Thoroddsen segir Einar vera nútíma Einar Ben. „Allt sem þessi maður hefur snert á undanfarið verður að gulli."

FRÉTTIR AF FÓLK

Moggabloggið varð fyrir áfalli í gær þegar **Jón Axel Ólafsson** tilkynnti að því sem hann hefur kallað „Litlu frjálsu fréttastofuna" yrði nú lokað. Jón Axel, sem sló í gegn í þættinum Tveir með öllu með Gulla Helga en starfar nú að þróun mbl.is, hefur vakið athygli fyrir „tískupistla" sína um fréttamenn fréttastofu Stöðvar 2 og fleiri. Hann fór mikinn þegar sögusagnir um meinta lokun fréttastofunnar fóru sem hæst. En nú þegar Jón er hættur geta fréttamennirnir loksins um frjálst höfuð strokið á skjánum án þess að eiga það á hættu að lenda í gagnrýnum höndum Jóns Axels.

Timburhúsið sem **Eyþór Arnalds** festi kaup á ásamt eiginkonu sinni, **Dagmar Unu Ólafsdóttur**, er ekkert venjulegt hús en eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hyggja þau hjón á miklar endurbætur. Húsið var eitt sinn í eigu hjónanna **Ástu Ragnarsdóttur** og **Valgeirs Guðjónssonar** og samkvæmt öruggum heimildum Fréttablaðsins var Ásta þeim Eyþóri og Dagmar innan handar þegar þau sýndu húsinu fyrst áhuga. Ásta ku vera í skýjunum með að Eyþór skuli hafa keypt eignina enda sé hann rétti maðurinn til að fullgera það verk sem hún og Valgeir hófu.

Tónlistin virðist loða nokkuð við húsið. **Bjarni Konráðsson** læknir byggði það í kringum 1910 en hann lagði stund á miklar blóðrannsóknir í húsinu og var jafnframt tónelskur með eindæmum, hafði nánast heila hæð fyrir tónlistaráhuga sinn. Í eina tíð var síðan fiðlusmiður í kjallaranum og því ættu nágrannarnir í Þingholtunum ekki að reka upp nein harmkvæli þegar Eyþór mundar sellóið sitt á löngum sumarkvöldum.

- fgg

Strákarnir í Styrmi úr leik

Strákafélagið Styrmir datt út úr heimsmeistaramóti samkynhneigðra í fótbolta í Argentínu á fimmtudaginn. „Á þriðjudeginum spiluðum við á móti liði frá San Francisco og unnum leikinn fimm eitt. Þar með vorum við öruggir áfram í sextán liða úrslitin og í fyrstu deildina," útskýrði Hafsteinn Þórólfsson, þjálfari liðsins, í samtali við Fréttablaðið. Í sextán liða úrslitunum lék Styrmir á móti öðru liði frá San Francisco, og datt þar með úr keppni. „Þetta er samt bara frábær árangur, miðað við hvað liðið er ungt. Að komast í fyrstu deildina er frábært," sagði Hafsteinn ánægður. Hann segir liðið hafa myndað tengsl við önnur lið, og að Styrmir hafi fengið boð um að keppa á mótum í New York og Boston. „Svo hafa mörg lið lýst áhuga á að koma til Íslands ef við höldum mót, sem gæti vel orðið," sagði Hafsteinn.

Liðsmenn ætla flestallir að dveljast í Argentínu í nokkra daga til viðbótar, og tínast svo heim hver af öðrum. „Sumir fara beint aftur, aðrir ætla til New York í nokkra daga og nokkrir okkar ætla að halda áfram til Perú og Bólivíu. Þetta er búið að vera mjög mikið ævintýri, sem er bara rétt að byrja hjá sumum," sagði Hafsteinn.

GÓÐUR ÁRANGUR Hafsteinn Þórólfsson, þjálfari Strákafélagsins Styrmis, er ánægður með árangurinn í Argentínu, þó að liðið hafi ekki náð upp úr sextán liða úrslitum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL R.

PAVAROTTI FOREVER

Einnig mikið úrval af öðrum titlum

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 512 5301 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

vísir.is
Fyrstur með fréttirnar

BAKÞANKAR
Gerðar Kristnýjar

Virðið fyrir ykkur útsýnið

Þá er það komið á hreint. Íslenskir rithöfundar eru karlmenn. Í báðum tilvikunum sem blaðamenn sáu ástæðu til að falast eftir áliti rithöfunda á nýyfirstaðinni sameiningu Máls og menningar og JPV-útgáfu var að minnsta kosti bara leitað til karlmanna. Fréttablaðið talaði við heila þrjá og Lesbók Morgunblaðsins við einn. Eins gott að aðrir fjölmiðlar sáu ekki ástæðu til að fjalla um viðbrögð rithöfunda við samrunanum. Þá hefðu greinarnir farið að taka á sig mynd síðustu kvöldmáltíðarinnar.

ÞAÐ skiptir engu þótt við eigum margverðlaunaða rithöfunda á meðal kvenna sem jafnframt selja bækur í bílförmum, það virðist álitið tilgangslaust að tala við þær. „Hvað ætli Guðrún Helgadóttir þori svo sem að segja? Er hún ekki eitthvað svo inn í sig?“ Það sem mér finnst merkilegast er að það skiptir engu hvort karl eða kona skrifaði þessar fréttir eða greinar. Rétt eins og karlar eiga konur það nefnilega til að stökkva ofan í öryggið í skotgröfunum sem karlarnir grófu í stað þess að nýta sér þessa fínu útsýnisturna sem kynsystur þeirra hafa reist. Þeir eru svo sem ekki margir enn sem komið er en það má þó vel notast við þá.

Í umræddri Lesbókargrein var talað við stjórnarmann hjá Nýhil, Viðar Þorsteinsson heimspeking. Hann segir þar meðal annars að úthlutunarnefnd Launasjóðs rithöfunda hafi ekki augu eða eyru opin fyrir ungum höfundum. Þetta hef ég áður heyrt karlkyns Nýhilinga benda á og alltaf kemur það mér í jafnopna skjöldu. Úthlutunarnefndinni hefur nefnilega ekki tekist að líta framhjá færni, frumleika og hugmyndaauðgi þriggja kvenna úr hópi Nýhilinga.

VIÐ síðustu úthlutun fékk Þórdís Björnsdóttir listamannalaun í þrjá mánuði eins og Vilborg Davíðsdóttir, Kristín Eiríksdóttir fékk laun í sex mánuði eins og Einar Kárason og Guðrún Eva Mínervudóttir er á þriggja ára listamannalaunum rétt eins og Steinunn Sigurðardóttir. Ef ég tek mark á ljósmyndasýningu Björns Sigurjónssonar af Nýhilhópnum sem hékk uppi á aðalsafni Borgarbókasafnsins síðasta vetur þá hljóta þessar þrjár að tilheyra honum. En hjálpi mér, fyrir 2.000 árum hefðu þessar konur náttúrlega bara fengið að hjálpast að við að elda síðustu kvöldmáltíðina og síðan auðvitað að vaska upp.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 29. september, 272. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.29	13.18	19.05
Akureyri	7.15	13.03	18.49

Heimild: Almanak Háskólans

heillandi HUGMYNDIR

FLÅREN speglaskápur
39x16x74 cm **8.950,-**

MOLGER sápudiskur
12x9,5x2 cm
gegnheil valhnota **95,-**



895,-
BLANKEN sturtuhilla
21x45 cm krómhúðað

9.950,-
KULLEN baðinnrétting 5 stk. hvítt/ljósgrátt

LILLHOLMEN
klósettbursti Ø10, H46 cm
ryðfrítt stál **1.390,-**

695,-
LILLHOLMEN
tannburstastandur
H18 cm ryðfrítt stál

BJÖRKEN speglaskápur
60x17x60 cm
gegnheilt birki **9.950,-**

BJÖRKEN veggskápur
25x15x69 cm
gegnheilt birki **4.950,-**

ATRÄN læsanlegur skápur
35x15x45 cm hvítur **1.990,-**

495,-
MOLGER
handklæðaslá L85 cm
gegnheil valhnota

HÖLLVIKEN handlaug sporlöguð
57x44x17,5 cm hvít **9.950,-**

FLÅREN hár skápur
42x42x198 cm **24.950,-**

FLÅREN vaskaskápur
80x54x83 cm **25.900,-**
án vatnsláss

TOFTBO baðmotta
100x65 cm ólituð **1.290,-**

Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga

195,-
IKEA FOOD

Grænmetisbuff
með kartöflum, sósu og gulrótum

340,-
IKEA FOOD

IKEA®

Opið virka daga	10.00 - 20.00
Opið laugardaga	10.00 - 18.00
Opið sunnudaga	12.00 - 18.00

Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2007